

RAGNHEIÐUR AXEL

Saumaði kjól úr sjö metrum af silki

Tíska Heimili Heilsa

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÁGÚSTA EVA

Silvía til Svíþjóðar

MTV bankar á dynnar

FÓLK 50



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. maí 2007 — 133. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Stjörnurnar komnar til Cannes

Jude Law og Norah Jones opnuðu hátíðina formlega.

FÓLK

40



Kvaddi Chirac

Nicolas Sarkozy er orðinn forseti Frakklands og boðar tafarlausar og djarfar aðgerðir.

BAKSVIÐ 18



Höfuðkostur lýðræðisins

„Lýðræði er meðal snjöllustu uppátækja mannsins ásamt blönduðum markaðsbúskap, eldinum, hjólinu og hjónabandinu,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24


Hefði átt að fá rautt

Atli Jóhannsson slapp með áminningu er hann sló andstæðing sinn í andlitið í leik á mánudag.

ÍÞRÓTTIR 44



VEÐRIÐ Í DAG




VINDUR OG VÆTA - Í dag verða austan 8-20 m/s sunnan og vestan til, hvassast með suðurströndinni. Á Norðaustur- og Austurlandi verður vindur hægari. Rigning, fyrst sunnan til en víða væta í kvöld. Hiti 2-10 stig, mildast vestan til.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA

höfuðborgarsvæðið

Fimmtudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í mars 2007.



UNGIR ÖKUPÓRAR Keppnisskapið leyndi sér ekki hjá þessum ungu drengjum sem tóku þátt í kassabílaralli frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól. Rallið er árlegur viðburður hjá börnum af frístundaheimilunum Seli, Undralandi, Draumalandi og Skýjaborgum, sem öll heyra undir Frostaskjól. Börnin gengu í skrudgöngu frá Skólavörðuholti og niður á Ingólfrstorg þar sem rallið fór fram og eins og sjá má á myndinni var stemningin engu lík.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landlæknir kærði iðinn lyfjasvindlara

Kona notaði kennitölur margra einstaklinga og heimsótti flestar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu til að svíkjja út sterkar kódeintöflur.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættið hefur kært stórtækan lyfjasvindlara til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Svindlarinn, sem er kona á miðjum aldri, notaði kennitölur að minnsta kosti fimm einstaklinga, sem vitað er um. Hún hafði stundað iðju sína á flestum heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins og einnig utan þess. Hún sveik einkum út íbúðód sterkar, sem er verkjalyf með kódeini. Embættið kærði hana fyrir skjalafals, að sögn landlæknis.

Fréttablaðið greindi í gær frá annarri konu sem hafði stundað sömu iðju á kennitölu annars allt frá árinu 2004. Sú kona sveik út parkóðin og SEM-mixt-úru, sem hvort tveggja innihalda kódein. Lögreglan handtók hana í síðustu viku þar sem hún var að sækja lyf sem hún hafði komist yfir með þessum hætti, í Árbæjarapótek.

Matthías Halldórsson landlæknir skrifaði lögreglunni ítarlegt bréf vegna fyrrnefndu konunnar. Að sögn hans hafði hún stundað það að svíkjja út lyf á fólkskum forsendum í að minnsta kosti eitt ár. Margir

læknar höfðu á tímabilinu samband við embætti landlæknis vegna athæfis hennar. Embættið hafði þrívægis samband við lögregluna vegna þessa, auk þess sem dreifibréf var sent til lækna með aðvörum um að fólk þyrfti að sýna persónuskilríki áður en lyf væru útskrifuð.

Konan umrædda þótti koma vel fyrir og sagði trúverðuga sögu um veikindi sín. Hún bað alltaf um sama lyfið, íbúðód sterkar, sem er eftirritunarskylt. Hún var víða komin á svartan lista, en leitaði þá jafnharðan á ný mið.

„Fólki er eðlilega illa við að kennitölur þess séu misnotaðar,“ segir landlæknir. „Það fær þá umrædd lyf skráð inn í sjúkkraskrána. Þá getur allt eins litið út fyrir að það sé fiklar, þótt það hafi aldrei nokkurn tíma notað þessi lyf. Hins vegar nota þessir svindlarar gjarnan kennitölur fólks sem þeir þekkja til og það veigrar sér oft við að kæra þá.“

Landlæknir segir að þetta sé orðið einstakt mál vegna umfangs.

- jss

Formenn stjórnarflokkanna hittust tvívegis stuttlega í Stjórnarráðinu gær:

Samstarfið enn í höndum formanna

STJÓRNMÁL Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, gekk tvisvar á fund Geirs H. Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins, í Stjórnarráðinu í gær. Hann staldraði stutt við í bæði skiptin og sagði við blaðamenn eftir fundina að stjórnarmyndun hefði verið til umræðu auk annarra mála.

Snemmdægurs spurðist að von væri á þingflokksfundi framsóknarmanna í gær eða gærkvöldi en ekki kom til fundarhalds.

Eftir því sem næst verður komist eru víðræður formannanna enn óformlegar enda hefur hvorugur stjórnarflokkanna tekið afstöðu til hvort halda eigi samstarfinu áfram. MálefnaGrundvöllur hefur ekki verið ræddur og þaðan af síður skipting ráðherraembættis. Komist formennirnir að þeirri niðurstöðu að reyna skuli áframhaldandi samstarf bera þeir hana undir þingflokka sína og þar til bærar stofnanir flokkanna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mætir hugmyndin um endurnýjun stjórnarsamstarfsins nokkurri andstöðu í þingliðum beggja flokka. Þeir sjálfstæðismenn sem eru andvígir telja ekki hættandi á að vinna í ríkisstjórn með jafn nauman meirihluta og raunin er en þeir framsóknarmenn sem ekki vilja vinna með Sjálfstæðisflokknum vilja ýmist mynda ríkisstjórn til vinstri eða telja flokknum hollast að setjast í stjórnarandstöðu.

- bps

Samkeppnishæfni landa:

Penslan varð okkur að falli

VIÐSKIPTI Ísland fellur um þrjú sæti í samanburði IMD-viðskiptaháskólans í Sviss á samkeppnishæfni landa í ár, úr fjórða í sjöunda sæti.

Á kynningarfundum Viðskiptaráðs Íslands og Glitnis á niðurstöðunum í gær kom fram að óstöðugleiki í efnahagslífinu væri helsta orsök verri niðurstöðu samanburðarins í ár. Fram kom að hér hafi sárlega skort á stuðning hins opinbera við peningamála-stefnu Seðlabankans.

Efstu þrjú sætin á listanum skipa Bandaríkin, Singapur og Hong Kong, en þau neðstu Venesúela, Indónesía og Króatía.

- óká / sjá síðu 23

Jón Ásgeir Jóhannesson:

Söng Stál og hníf fyrir Simon

FÓLK Jón Ásgeir Jóhannesson söng lagið Stál og hnífur eftir Bubba Morthens fyrir breska X-Factor-dómarann Simon Cowell. Upptaka frá söng forstjórans var sýnd á Baugsdeginum sem haldinn er hátíðlegur í Mónakó. Ekki liggur fyrir hvað Cowell hafði um söng Jóns Ásgeirs að segja, en starfsfólk Baugs fagnaði þessu mjög.

Af öðrum atburðum á Baugsdeginum má nefna skemmtiþáttinn Little Baugur með aðalleikurunum úr Little Britain ásamt starfsfólki fyrirtækisins í aukahlutverkum.

- hdm / sjá síðu 50

Frjókornatímabilið hafið:

Fyrirbyggjandi aðgerðir bestar

HEILSA Ofnæmissjúklingar þurfa að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða fyrir frjókornatímabilið, að sögn Ára Víðis Axelssonar læknis. Hægt er að forðast ofnæmisvakann á sumrin til dæmis með því að loka gluggum á húsum og bílum, þurrka þvott inni og bera sólgleraugu úti í náttúrunni.

- sg / sjá Allt síðu 4



SPURNING DAGSINS



Unnur, ertu svínslega óheppin?

„Tilveran svínar á mér með endur-
teknu svínaríi.“

Ólánið hefur elt Unni Guðjónsdóttur,
formann Kínaklúbbsins, undanfarið.
Dúskum var stolið af húsi hennar og
skemmdarverk unnin á sumarbústað-
um. Í Kína er ár svínsins.

Bandaríkin um Wolfowitz:
Vilja komast út
úr ógöngunum

WASHINGTON, AP Bandarísk
stjórnvöld viðurkenndu í gær að
deilurnar um Paul Wolfowitz,
bankastjóra
Alþjóðabank-
ans, hefðu orðið
bankanum til
skaða og nú
þyrfti að finna
leið út úr
ógöngunum.
Tony Snow,
blaðafulltrúi
Hvíta hússins,
ítrekaði stuðning Bandaríkjanna
við Wolfowitz, en sagði jafnframt
allt koma til greina svo að lausn
mætti nást, og útilokaði þar með
ekki lengur að Wolfowitz segði af
sér.
Wolfowitz hefur sætt harðri
gagnrýni fyrir að hafa brotið
reglur bankans með því að veita
ástkonu sinni bæði launa- og
stöðuhækkun.

Innbrot á Akureyri:
Braust inn og
fór á barinn

LÖGREGLUMÁL Hann var heldur
óheppinn þjófurinn sem braust
inn á veitingastaðinn Plaza á
Akureyri aðfaranótt miðviku-
dags. Eigandi staðarins átti leið
há og sá á eftir þjófum, sem
hafði brotið upp hurð til að
komast inn.
Eigandinn kallaði á lögreglu og
þegar hún kom á staðinn var
þjófurinn gómaður á barnum þar
sem hann hafði fengið sér bjór.
Þjófurinn fékk að gista
fangageymslur og að sögn
lögreglunnar er málið upplýst.
Maðurinn, sem er góðkunningi
lögreglunnar, virðist aðeins hafa
verið í áfengisleit því önnur
verðmæti á staðnum voru látin í
friði.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

17. maí 2007 FIMMTUDAGUR

Greining á kyni ungra fóstura vekur siðferðislegar spurningar að sögn gagnrýnenda:

Kyn fóstura greint eftir sex vikur

LONDON, AP Hægt er að greina kyn fósturs
eftir aðeins sex vikna meðgöngu með
nýlegri tækni sem gagnrýnendur segja
hafa í för með sér alvarlegar siðferðislegar
spurningar.
Prófið, sem kallast „Bleikt eða blátt,“
gengur þannig fyrir sig að kaupandi
pantar pakka af netinu sem inniheldur
sérstakt kort til að setja blóðdropa úr
móðurinni á. Kortið er síðan sent til sölu-
fyrirtækisins, sem rannsakar blóðið og
sendir niðurstöður til baka nokkrum
dögum síðar. Tæknin gengur út á að rann-
saka DNA úr fósturinu sem berst út í blóð
móðurinnar. Sé hægt að greina Y-litninga
í því er fósturið karlkyns.
Prófið er ekki markaðssett sem lækni-
fræðislegt heldur út frá upplýsingagildi

SEX VIKNA GAMALT FÓSTUR
Söluþyrirtækið segist geta
sagt til um kyn sex vikna
fósturs með allt að 98
prósent vissu sé leiðbein-
ingunum fylgt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

og fellur þar af leiðandi ekki undir eftirlit
heilbrigðisyfirvalda. „Við erum að reyna
að brúa bilið milli vísinda og neytenda,“
segir David Nicholson, forstjóri DNA
Worldwide, sem býður nú upp á þessa
þjónustu.
Gagnrýnendur tækninnar hafa áhyggju-
ur af því að slíkar upplýsingar snemma á
meðgöngu geti leitt til þess að foreldrar
fari frekar í fóstureyðingu sé fósturið ekki
af því kyni sem þeir vildu. Einnig sé þetta
skref í áttina að því að einn dag muni for-
eldrar geta valið eiginleika barns síns.
Einnig hafa sumir vísindamenn lýst
yfir efasemdum með áreiðanleika prófs-
ins þar sem óvíst sé að nóg af erfðaefti
fóstursins sé í blóði móðurinnar svo
snemma.

- sdg

Athugað hvort jafn- ræðisregla var brotin

Ríkissaksóknari hefur til athugunar hvort Haraldur Johannessen og Jón H. B.
Snorrason hafi brotið gegn jafnræðisreglu með útgáfu ákæru á hendur Jóhann-
esi Jónssyni 1. júlí 2005. Ekki tilefni til rannsóknar, segir Haraldur Johannessen.

DÓMSMÁL Embætti ríkissaksóknara hefur til athugunar
hvort Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri
og Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá lögreglustjórn-
anum í Reykjavík og fyrrverandi saksóknari efna-
hagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, hafi brotið gegn
jafnræðisreglu með útgáfu ákæru á hendur Jóhann-
esi Jónssyni 1. júlí 2005. Þetta staðfesti Bogi Nilsson
ríkissaksóknari við Fréttablaðið í gær. „Þetta er
komið inn á okkar borð og er til athugunar,“ sagði
Bogi.

JÓHANNES
JÓNSSON

JÓN H. B.
SNORRASON

HARALDUR
JOHANNESSEN

Byggir athuginin á því hvort
jafnræðisregla var brotin með
útgáfu ákæru á hendur Jóhannesi
en ekki Jóni Gerald Sullenberger, á
grundvelli upplýsinga sem Jón
Gerald veitti ríkislögreglustjóra
25. ágúst 2002. Upplýsingarnar
sem Jón Gerald veitti leiddu til
húsleita í höfuðstöðvum Aðfanga
og Baugs hf. 28. ágúst og markaði
það upphaf Baugsmálsins.
Beiðni um athuginina barst
embætti ríkissaksóknara frá Einari
Þór Sverrissyni, lögmanni Jóhann-
esar, 9. maí.
Byggir beiðnin um athuginina,
og rannsókn eftir atvikum, meðal
annars á dómsorði héraðsdóms frá
3. maí en þá voru Jón Ásgeir
Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og
Jón Gerald Sullenberger meðal
ákærðu. Þar segir: „Það er mat
dómsins að þegar við fyrstu lög-
regluyfirheyrslu, 25. ágúst 2002 og
alltaf eftir það, hafi borið að láta
ákærða [Jón Gerald Sullenberger]
njóta réttarstöðu sakaðs manns [...] Öllum sem lesa framburðarskýrslur
ákærða má þó ljóst vera að hann
er þar að tjá sig um þátttöku sína í
atferli þessu með þeim hætti að
engum, allra síst löglærðum mönnum,
getur dulist að þar er ekki vitni
að tjá sig.“

BOGI NILSSON Bogi Nilsson ríkissaksóknari og aðrir starfs-
menn embættisins athuga nú hvort brotið hafi verið gegn
jafnræðisreglu með útgáfu ákæru á hendur Jóhannesi Jóns-
yni, en ekki Jóni Gerald Sullenberger.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í tilkynningu sem ríkislögreglustjóri sendi frá sér
í gær vegna málsins kemur fram, að ríkissaksóknari
telji „ekki tilefni til opinberra rannsókna á emb-
ættisathöfnum ríkislögreglustjóra“. Í bréfi ríkissak-
sóknara til ríkislögreglustjóra, sem vitnað er til í til-
kynningu, segir: „Tekið skal fram að erindi
lögmannsins þykir ekki gefa nokkurt tilefni til þess
að ríkissaksóknari mæli fyrir um opinbera rannsókn
á embættisathöfnum.“ Upphaflega var sambærilegri
beiðni komið til umboðsmanns Alþingis 16. janúar á
þessu ári. Þar var málið metið sem svo að það væri
frekar á verksviði ríkissaksóknara en umboðsmanns
að skoða málið.

magnush@frettabladid.is

Slysið í Kópavogslaug:
Pilturinn laus
úr öndunarvél

SLYS Pilturinn sem fannst
meðvitundarlaus á botni
sundlaugar Kópavogs 26. apríl
liggur enn þungt haldinn á
gjörgæsludeild Landspítalans í
Fossvogi. Að sögn vakthafandi
læknis er pilturinn laus úr
öndunarvél og ástand hans er
stöðugt.
Pilturinn sem er fimmtán ára
gamall var í skólasundi þegar
atvikið átti sér stað. Lögreglan á
höfuðborgarsvæðinu hefur
rannakað slysið og að sögn
Sigurbjörns Víðis Eggertssonar
aðstoðaryfirlögregluþjóns er
rannsókn á lokastigi.

- þo

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Þjóðverjarnir
munu meðal annars kynna sér aðstæðu-
ur á Keflavíkurflugvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Öryggis- og varnarsamstarf:
Ræða samstarf
við Þjóðverja

ÖRYGGISMÁL Viðræður við
Þjóðverja vegna mögulegs
samstarfs í öryggis- og varnar-
málum hefjast í dag. Þýsk
sendinefnd er komin til landsins
og mun hún kynna sér aðstæður á
öryggissvæðinu á Keflavíkurflug-
velli. Þetta kom fram í fréttum
Útvarpsins í gær.
Á morgun fundar sendinefndin
með fulltrúum íslenskra stjórn-
valda og þar verða möguleikar á
samstarfi ræddir. Viðræður
standa einnig yfir við Breta og
Kanadamenn en nú þegar hefur
verið gert samkomulag við Dani
og Norðmenn um samstarf í
öryggis- og varnarmálum.
Þjóðverjarnir hafa sýnt því
samkomulagi áhuga og munu
kynna sér það nánar á fundi með
fulltrúum stjórnvalda á morgun.

- þo

LÖGREGLUFRÉTTIR

Vinnuslys í Straumsvík
Maður meiddist á fæti þegar verið var
að hífa álblokkir ofan í skip í Straums-
víkurhöfn í gærmorgunn. Maðurinn
var fluttur með sjúkrabil á sjúkrahús
í Reykjavík en meiðsl hans eru ekki
talin alvarleg.

Gefið í á Reykjanesbraut
Átta ökomenn voru kærðir fyrir of
hraðan akstur á Reykjanesbraut að-
farnætur þriðjudags og miðviku-
dags. Sá sem hraðast ók var á 151
kílómetra hraða þar sem leyfilegur
hámarks hraði er 90 kílómetrar á
klukkustund.



Kristín Gísladóttir sjúkrabjálfari aðstoðar við val
á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN

Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Lögreglan á Ísafirði handtók þrjá erlenda farandsölumenn í fyrradag:
Seldu dýrateikningar án leyfis

LÖGREGLUMÁL Þrír Pólverjar gistu
fangageymslur á Ísafirði í fyrri-
nótt, grunaðir um ólöglega sölu á
afritum af blýantsteikningum.
Mennirnir voru yfirheyrðir seinni
partinn í gær og sættust þeir á
sektargreiðslur. Myndirnar, tæp-
lega 100 talsins, voru gerðar upp-
tækar.
Lögreglan lét til skarar skrifða
eftir ábendingar frá bæjarbúum.
Sölumennirnir höfðu gengið í hús
og reynt að selja teikningar af
köttum, fuglum og öðrum dýrum á
um 2.500 krónur stykkið.
Þessi sala brýtur í bága við lög
um atvinnuleyfi útlanda og lög
um verslun og atvinnu. Að auki er
slík sala skilyrt leyfi frá lögreglu-
yfirlöndum. Lögregluþjónn á Ísa-
firði segir að málið þurfi að skoða
í ljósi þess að leyfislaus sala sé
„ósanngjörn gagnavart þeim sem

hafa sína hluti í lagi og greiða
skatta til samfélagsins.“
Þetta er í annað sinn á stuttum
tíma sem reynt er að selja dýra-
myndir frá Póllandi á Ísafirði, en
lögreglan þar gerði fyrir nokkrum
dögum upptækar myndir sem
taldar eru vera eftir sama mynd-
listarmann.
Í október á síðasta ári var maður
frá Marokkó dæmdur til 120.000
króna sektar í Héraðsdómi Vest-
fjarða. Sá var einnig handtekinn
eftir ábendingar frá íbúum um
ólöglega sölu á myndum.

- kóp

MYNDLIST HINS ÓPEKKTU PÓLVERJA
Þessi mynd var gerð upptæk fyrir nokk-
urm dögum, en lögreglan telur einsýnt
að hún sé úr sama ranni og myndirnar
sem gerðar voru upptækar á Ísafirði í
gær. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON/BB.IS



SUMARIÐ
ER KOMIÐ Í SMÁRALIND!

ALLAR VERSLANIR FULLAR AF
GLÆSILEGUM SUMARVÖRUM.

VELKOMIN Í SMÁRALIND
OPIÐ Í DAG FIMMTUDAG
KL. 13-18



Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

GENGIÐ 16.05.2007			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	62,83	63,13
	Sterlingspund	124,61	125,21
	Evra	85,40	85,88
	Dönsk króna	11,458	11,526
	Norsk króna	10,452	10,514
	Sænsk króna	9,288	9,342
	Japanskt jen	0,5213	0,5243
SDR		95,53	96,09
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
115,6081			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Breski herinn:

Harry prins fer ekki til Íraks

LONDON, AP Harry prins, sonur Díönu og Karls Bretaprins, verður ekki sendur með breska



HARRY BRETAPRINS

hérnum til Íraks, vegna hótana sem borist hafa. Þetta sagði Richard Dannatt, yfirmaður breska herráðs-ins í gær. „Þessar hótanir stofna bæði honum og félögum hans í meiri hættu en svo að ég telji það viðunandi,“ sagði Dannatt. Frést hefur af því að myndum af honum hafi verið dreift í Írak.

Í Írak hefði Harry stjórnað tólf manna skriðdrekasveit. Samkvæmt skrifstofu Harrys er prinsinn afar vonsvikinn, en ætlar þó ekki að hætta í hernum.

- gb

Síbrotamaður fær tvö ár:

Í fangelsi fyrir innbrot bíla

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnaði, hylmingu og fíkniefnalagabrot. Maðurinn braust inn í fimm bíla í maí í fyrra og stal þaðan góssi fyrir 150 þúsund krónur. Þá var hann dæmdur fyrir hylmingu fyrir að hafa haft þýfi að verðmæti tæpra 700 þúsund króna úr tólf bílainnbrotum í vörslum sínum.

Maðurinn neitaði sök í öllum ákæruliðum. Hann á langan sakaferil að baki, sem nær aftur til ársins 1996, og rauf hann skilorð með brotnum. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

- sh

30% afsláttur af Vega vítamínum

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólkursýrugærlar, góðir fyrir meltinguna.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann að innan - minnkar óæskilega lykt.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið lægra verð

LYFJA Lífð heil

www.lyfja.is

Borgarstjóri segir endurskoðunarskýrslu um ársreikninga borgarinnar áfellisdóm fyrir fjármálastjórn R- lista:

Ástæðan endurmat lífeyrisskuldbindinga

SVEITARSTJÓRNARMÁL Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir endurskoðunarskýrslu um ársreikninga Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006 áfellisdóm yfir fjármálastjórn fyrri meirihluta.

Tap Reykjavíkurborgar á árinu 2006 nemur rúmum 4,3 milljörðum króna þegar horft er til bæði A- og B-hluta rekstrarreiknings. Þetta kemur fram í tilkynningu til Kauphallar Íslands. Er það um sex milljörðum króna lakari afkoma en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2006, en í henni var búist við 1,7 milljarða króna afgangi af rekstri borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir skuldirnar vera frávik, tilkomnar vegna endur mats á lífeyrisskuldbindingum og óstöðugleika í



DAGUR B. EGGERTSSON Vísar áfellisdómi borgarstjóra til föðuhrúsanna.



VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMS Oft bent á veika fjármálastjórn.

efnahagstjórn. „Ef þetta tvennt hefði ekki verið til staðar hefði fjárhagsáætlunin gengið eftir. Mismunurinn á þessum ársreikningi og annarra sveitarfélaga sem eru

að gera upp um þessar mundir felst í því að menn hlupu til síðasta haust og reiknuðu áhrif á nýgerðum kjarasamningum inn í lífeyrisskuldbindingar. Það hafa önnur sveitarfélög ekki gert,“ segir Dagur.

„Ef ástandið væri svona rosalega slæmt og sjálfstæðisflokkurinn segir væri búið að grípa til aðgerða. Það hafa þeir ekki gert heldur. Í nýju fjárhagsáætluninni gera þeir aðeins glannalega spá um tekjur, þannig að þeir þurfa ekki að segja nei við neinn þegar ný útgjöld eru annars vegar. Auk þess sem reiknað er með lántöku upp á 50 milljarða. Ég vísa þessum dómi borgarstjóra því algerlega til föðuhrúsanna,“ segir Dagur.

Ný fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið lögð fram og samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur.

- kdk

Segir Varmársamtök að baki skemmdum

Verktaki metur tjón á vélum við Álafosskvos á nokkrar milljónir króna og telur að um pólitíska aðgerð sé að ræða. Búið var að úða X-D á rúðurnar. Talsmaður Varmársamtaka vísar þessu alfarið á bug og fordæmir skemmdarverkin.

SKEMMDARVERK „Ég stimpla þetta beint á Varmársamtökin og þetta fólk sem snýr að þeim,“ segir Sölvi Jónsson, eigandi Magna, verktaka-fyrirtækis sem varð fyrir skemmdum á vinnuvélum í Álafosskvos, aðfaranótt miðvikudags.

„Það er ótrúleg tilviljun að þetta gerist í beinu framhaldi af tveggja daga mótmælum hérna í Kvosinni. Við þurfum ekki annað en að sjá myndirnar af honum Gunnlaugi [varaformanni samtakanna] þegar hann fór hérna hamförum og skemmdi hérna girðingar og allt,“ segir Sölvi.

Sjö vinnuvélar urðu fyrir skemmdum. Að auki segir Sölvi að GPS-tæki, sem hann metur á fjórar milljónir, hafi verið skemmt. Samtals kosti skemmdirnar allt að sjö milljónir króna. Lögreglan í



Í **ÁLAFOSSKVOS** Verktakinn kennir Varmársamtökunum um að sjö vinnuvélar voru skemmdar í fyrrinótt. Samtökin segja ásakanirnar fráleitar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mosfellsbæ getur hins vegar ekki staðfest þetta og veit ekki til þess að GPS-tækið hafi skemmt.

„Þetta eru ekki venjuleg skemmdarverk, heldur eitthvað annað sem liggur á bak við þetta. Engu var stolið og það er búið að spreypja X-D á rúðurnar. Þetta er líklega skírskotun til viðtals þar sem sagt var að við höfum farið af stað eftir að Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda,“ segir Sölvi.

Gunnlaugur Ólafsson, varaformaður Varmársamtakanna, vísar ásökunum Sölva með öllu á bug. „Er ekki jafn fáránlegt að kenna okkur um þetta og að segja að verktakinn sé að vinna fyrir Sjálfstæðisflokkinn?“ spyr hann og vísar til X-D merkinganna.

„Grunngildi samtakanna er að

vinna faglega á forsendum íbúalýðræðis, en ekki eftir flokkapólitík. Ef verið er að segja að samtökin hafi búið til jarðveg fyrir skemmdarverk, þá er það algjörlega út í hött. Við fordæmum skemmdarverkin afdráttarlaust,“ segir Gunnlaugur. Hann minnir á að samtökin hafi „fítrekað beðið um að umræðunni verði miðlað í uppbyggilegan farveg svo að íbúarnir geti gert upp hug sinn og helst kosið um þetta“.

Á mánudaginn ýtti Gunnlaugur niður girðingum í kringum vinnu-svæðið og tók sér stöðu ásamt fleiri mótmælendum fyrir framan vinnu-vélarnar.

Lögreglan í Mosfellsbæ hefur engan grunaðan um skemmdar-verkin en málið er í rannsókn.

klemens@frettabladid.is

Stækkun evrusvæðisins:

Kýpur og Malta nálgast aðild

BRUSSEL, AP Kýpur og Malta færðust í gær nær því að ganga til liðs við evrusvæðið er framkvæmdastjórn Evrópusambands-ins og Seðlabanki Evrópu lýstu stuðningi við aðildarum-sóknir eyríkjanna tveggja, sem gengu í ESB fyrir þremur árum.

Löndin tvö verða 14. og 15. aðildarríki Efnahags- og myntbandalagsins um næstu áramót ef fjármálaráð-herrar og leiðtogar ESB samþykkja aðildina á næstu tveimur mánuðum.

Aðeins eitt annað land af þeim tíu sem gengu í ESB í maí 2004 hefur þegar tekið upp evruna, en það gerði Slóvenía um síðustu áramót.

- aa

Miðaldra fólk nýtti kerfisvillu:

Sviku út þrjátíu milljónir króna

DÓMSMÁL Fjórir Akureyringar á fimmtugsaldri, þrír karlar og kona, hafa verið ákærðir fyrir að svíkja út þrjátíu milljónir króna með því að nýta sér villu í netbanka Glitnis. Fréttastofa útvarps sagði frá þessu.

Villan varð til við forritunar-mistök, þannig að kaup- og sölugengi víxlaðist. Með því að kaupa dollara fyrir evrur, og selja þær strax aftur fyrir dollara, varð fólkíð sér úti um rúmlega þrjátíu milljónir króna á einni viku. Einn sakborninga aflaði sér um 24 milljóna í 3.908 færslum. Refsing við broti sem þessu getur numið sex ára fangelsi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Norður-lands eystra í gær.

- sh



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

RIGNING OG ROK Í dag verður úrkomu-svæði að silast yfir landið samfara nokkuð stífum vindi. Um há-degið verður komin rigning sunnan til en í kvöld verður víða rign-ing eða skúrir, þó sumstaðar slyddu-kennit, einkum norðan-til á Vestfjörðum og á nyrstu annesjum. Á morgun og laugardag verður nokkuð stíf norðlæg átt með þurru veðri syðra en á sunnudag verður því öfugt farið. **VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG** Stíf austanátt með rigningu eftir hádegi.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» laugardagur

Stað	10°C	12°C	14°C	16°C	18°C	20°C
Kaupmannahöfn	10°C skúrir	12°C hálfskýjað	14°C hálfskýjað	16°C hálfskýjað	18°C skúrir	20°C hálfskýjað
Billund	12°C hálfskýjað	14°C hálfskýjað	16°C hálfskýjað	18°C hálfskýjað	20°C hálfskýjað	22°C hálfskýjað
Oslo	14°C hálfskýjað	16°C hálfskýjað	18°C hálfskýjað	20°C hálfskýjað	22°C hálfskýjað	24°C hálfskýjað
Stokkhólmur	12°C skúrir	14°C hálfskýjað	16°C hálfskýjað	18°C hálfskýjað	20°C hálfskýjað	22°C hálfskýjað
Gautaborg	9°C rigning	11°C hálfskýjað	13°C hálfskýjað	15°C hálfskýjað	17°C hálfskýjað	19°C hálfskýjað
London	18°C skúrir	20°C hálfskýjað	22°C hálfskýjað	24°C hálfskýjað	26°C hálfskýjað	28°C hálfskýjað
Paris	17°C rigning	19°C hálfskýjað	21°C hálfskýjað	23°C hálfskýjað	25°C hálfskýjað	27°C hálfskýjað
Frankfurt	13°C rigning	15°C hálfskýjað	17°C hálfskýjað	19°C hálfskýjað	21°C hálfskýjað	23°C hálfskýjað
Friedrichshafen	9°C skúrir	11°C hálfskýjað	13°C hálfskýjað	15°C hálfskýjað	17°C hálfskýjað	19°C hálfskýjað
Berlin	15°C skúrir	17°C hálfskýjað	19°C hálfskýjað	21°C hálfskýjað	23°C hálfskýjað	25°C hálfskýjað
Alicante	27°C hálfskýjað	29°C hálfskýjað	31°C hálfskýjað	33°C hálfskýjað	35°C hálfskýjað	37°C hálfskýjað
Mallorca	22°C alskýjað	24°C alskýjað	26°C alskýjað	28°C alskýjað	30°C alskýjað	32°C alskýjað
Basel	12°C rigning	14°C hálfskýjað	16°C hálfskýjað	18°C hálfskýjað	20°C hálfskýjað	22°C hálfskýjað
Eindhoven	14°C skúrir	16°C hálfskýjað	18°C hálfskýjað	20°C hálfskýjað	22°C hálfskýjað	24°C hálfskýjað
Las Palmas	24°C heiðskirt	26°C hálfskýjað	28°C hálfskýjað	30°C hálfskýjað	32°C hálfskýjað	34°C hálfskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

„Maður á alltaf að nota hjálm
því annars getur maður
hausbrotnað ef maður dettur“

Birta Björg 7 ára

Við tökum undir orð Birtu en hún er eitt
4.500 barna í fyrsta bekk grunnskóla landsins
sem fengu nýverið afhenta reiðhjólajálma
að gjöf frá Eimskip og Kiwanis. Þetta er í fjórða
skiptið sem þessir aðilar sameina krafta sína
í slíku átaki og hafa þá samtals **18.500** börn
fengið gefins hjálm.

Það er von okkar að foreldrar vaki yfir því
að börnin noti hjálmana og sameinist okkur
í að standa vörð um það dýrmætasta sem
við eigum. Það er sannað að hjálmar geta
bjargað mannlífum.

Himinn og haf / SÍA

Kiwanis

www.kiwanis.is

EIMSKIP

KJÖRKASSINN



Sækir þú viðburði Listahátíðar?

Já	19%
Nei	81%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu hrædd(ur) við hunangsflugur?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)

visir

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók út af og hafnaði á tré

Kona slasaðist og var flutt með sjúkrabíl á slysadeild eftir slys á Ný-býlavegi í Kópavogi í gærmorgun. Konan missti stjórn á bifreiðinni og hafnaði á tré. Meiðsl konunnar reyndust ekki alvarleg en billinn er stórskemmdur.

INNTRITUN



Umsóknarfrestur í grunnnám er til 5. júní

Allt sem þú vilt vita og rafrænar umsóknir á [www.hi.is](#)



HÁSKÓLI ÍSLANDS
[www.hi.is](#)

Ömmukæfa

- sigild og bragðgóð á brauðið

SS hefur nú tekið ómakið af ömmum landsins og gert frábæra kindakæfu að hætti ömmu. Prófaðu þessa hefðbundnu og góðu kæfu og rifjaðu upp góðar stundir þegar fólk hafði meiri tíma.





6FRÉTTABLAÐIÐ

Innritun nýnema er hafin í háskólunum og stendur yfir næstu vikur:

Gríðaraðsókn í viðskiptanám

MENNTUN Gríðarleg aðsókn er í nám í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík. Um sextíu prósentum fleiri nemendur sækja í það nám en á sama tíma í fyrra. Einnig hefur aðsókn að Kennaraháskóla Íslands verið mjög mikil í ár og verið að yfirfara umsóknir.

Steinn Jóhannsson, forstöðumaður Kennslusviðs HR, segir aukninguna koma nokkuð á óvart og hefur enga haldbæra skýringu á henni. Rétt rúmlega eitt-þúsund nemendur hafa nú sótt um nám í HR og er það um 34 prósentu aukning síðan í fyrra.

Tekið verður við umsóknum í Háskólanum í Reykjavík til loka mánaðarins.

Ekki eru til nákvæmar tölur um fjölda nýskráninga í Háskóla Íslands. Samkvæmt upplýsingum úr Nemendaskrá er fjöldinn þó óðum að nálgast eitt þúsund.

Enn eru tæpar þrjár vikur til stefnu, því Háskóli Íslands er með rýmri innritunartíma en HR og verður tekið við umsóknum þar til 5. júní.



UPPLÝSING Í SÓLINNI Um tvöþúsund nemendur hafa nú þegar sótt um háskólanám, þótt framhaldsskólar hafi ekki lokið útskriftum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Brynildur Brynjólfssdóttir, deildarstjóri Nemendaskrár, segir enn sem komið er ómögulegt að miða fjöldann nú við fyrri ár. Henni kæmi þó mjög á óvart ef ekki yrði fjölgun í hópi nemenda í ár.

- kóp

REYKJAVÍKURBORG

Spurt um kynjaskiptingu

Borgarráðsfulltrúar minnihlutans vilja vita hversu margir karlar og hversu margar konur í stöðu sviðsstjóra hafa sagt upp hjá borginni frá 15. júní 2006. „Hvers kyns eru þeir nýju sviðsstjórar sem ráðnir hafa verið til starfa í stað þeirra sem sögðu starfi sínu lausu?“ spyrja fulltrúarnir, sem telja hlut kvenna hafa skerst að þessu leyti frá því að nýr meirihluti tók við.

Kennir Jóhannesi um fjölda útstrikana

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra færist í þriðja sætið á lista Sjálfstæðisflokksins vegna útstrikana. Vill ekki svara spurningum, en gagnrýnir Jóhannes Jónsson harðlega í yfirlýsingu. Stjórnarformaður Baugs segir Björn hrokafullan.

KOSNINGAR Ljóst er að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra færist niður um eitt sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkarkjördæmi suður og Illugi Gunnarsson færist upp í annað sætið. Yfirkjörstjórn kjördæmisins hefur upplýst að 2.514 kjósendur flokksins strikuðu út nafn Björns, eða rúmlega átján prósent. Tuttugu prósent hefði þurft til að hann færðist niður um tvö sæti.

Björn vildi ekki svara spurningum blaðamanns þegar eftir því var leitað, og vísaði til yfirlýsingar sem hann sendi frá sér í gær undir yfirskriftinni „Stöðrum við – hugsum alvöru málsins“ (sjá í heild á síðu 25).

Í yfirlýsingunni gagnrýnir hann Jóhannes Jónsson í Bónus harðlega fyrir auglýsingar sem birtar voru í blöðum daginn fyrir kosningar, þar sem Jóhannes hvetur kjósendur Sjálfstæðisflokksins til

að strika yfir nafn Björns, og neitar því að hann hafi misnotað embætti sitt til stöðuveitinga. „Meira en 80% kjósenda flokksins höfðu áskorun Jóhannesar að engu,“ segir í yfirlýsingunni. „Ég lýsi áhyggjum yfir þróun stjórnmalastarfs og raunar réttaríkisins sjálfs, sé talið sjálfsagt og eðlilegt að beita ofríki í krafti auðs í því skyni, að tryggja sér viðhlæjendur á þingi, í réttarsalnum og hjá ákærvaldinu,“ segir Björn.

Skömmu eftir að Björn sendi frá sér yfirlýsingu sína svaraði Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, með annarri yfirlýsingu. Þar segir hann að afstaða Björns lýsi hroka í garð kjósenda. Jóhannes Jónsson geti ekki beygt hátt í tuttugu prósent þeirra undir vilja sinn, dómur þeirra liggi fyrir hvort sem Birni líkar betur eða verr. „Björn er þekktur fyrir brellur sínar,“ segir Hreinn, og gefur lítið fyrir þá skýringu Björns að áttatíu prósent kjósenda hafi haft áskorun Jóhannesar að engu. Alvara málsins fyrir Björn sé hversu útstrikanirnar hafi verið margar.

Hreinn nefnir í kjölfarið ósigrá Björns í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í fyrra og í baráttunni



Strikið yfir siðleysið

- áskorun til sjálfstæðismanna í Reykjavíkarkjördæmi suður

Í sínu bláa stíli er málaflokkurinn á samantalsmáli í Bónus. Hreinn Loftsson segir að þetta sé eitt af bestu dæmum um gagnrýni á stjórnvaldi. Hreinn Loftsson segir að þetta sé eitt af bestu dæmum um gagnrýni á stjórnvaldi. Hreinn Loftsson segir að þetta sé eitt af bestu dæmum um gagnrýni á stjórnvaldi.



BJÖRN BJARNASON HREINN LOFTSSON

ÞESSI VORU STRIKUÐ ÚT 50 SINNUM EÐA OFTAR Í REYKJAVÍK SUÐUR:	
Björn Bjarnason (D)	2.514
Kolbrún Halldórsdóttir (V)	182
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)	141
Ásta Möller (D)	119
Mörður Árnason (S)	97
Jónína Bjartmarz (B)	50

Íslenska ríkið greiddi 420 þúsund fyrir flug sígaunanna til Noregs:

Löggan gaf þeim í gogginn

LÖGREGLAN Heildarkostnaðurinn við að senda til Noregs sígaunana sem dvöldu við harmonikkuleik á Íslandi fyrir nokkrum vikum nam 420 þúsundum króna. Kostnaðurinn verður tekinn af liði í fjárlögum sem ber heitið málskostnaður í opinberum málum.

Heildarkostnaðurinn var ríflega 604 þúsund krónur, þar af greiddu sígaunarnir sjálfir tæp 183 þúsund. Einhverjir þeirra áttu flugmiða til baka þannig að lögreglan greiddi samtals 420 þúsund krónur fyrir hóp sem taldi í heildina 31 mann. Flugmiðinn til Oslóar kostaði því að meðaltali um 20 þúsund krónur, þar af greiddi lögreglan rúmar 13 þúsund krónur á mann.

„Þessi hópur Rúmena var ákaf-

lega peningalífill,“ segir lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Stefán Eiríksson. „Það er meginástæðan fyrir því að við höfðum afskipti af honum fyrir utan háttsemina hjá þeim, þau áttu afskaplega lítið upp í þetta.“

Stefán segir að lögreglan hafi skotið skjólshúsi yfir mennina og gefið þeim eitthvað í gogginn. „Við erum ekki að telja hvað það kostar að gefa útígangsfólki að borða,“ segir hann.

Heildarkostnaður við brottvísanir og frávisanir á liðnum árum hefur verið á bilinu 8-15 milljónir. Þá er ekki tekið tillit til þess sem viðkomandi útlendingar hafa greitt til baka. Sígaunum var strangt til tekið ekki vísað á brott.

- ghs

Ekið á bíl á bílastæði:

Prettán ára undir stýri

LÖGREGLUMÁL Prettán ára stúlka settist undir stýri á bifreið sem stóð á bílastæði á höfuðborgarsvæðinu á þriðjudagskvöld. Hún ók bílnum nokkra metra og hafnaði á kyrrstæðum bíl á sama bílastæði.

Aðspurð sagðist stúlkan hafa ætlað að bakka bílnum út úr stæðinu, snúa honum við á planinu og bakka honum síðan í stæðið á ný.

Bíllinn var ólæstur og í gangi þegar stúlkan fékk þessa hugdettu. Stúlkan er ósakhæf vegna ungs aldurs en að sögn lögreglu hefur verið haft samband við barnaverndaryfirvöld vegna málsins.

- þo

um borgarstjórastólinn árið 2002. Þá segir hann aðra ráðamenn í flokknum hljóta að taka mið af skilaboðum sem kjósendur sendi með útstrikunum.

Af öðrum útstrikunum ber helst að nefna að Árni Johnsen mun líklega færast niður um eitt sæti vegna útstrikana, og að sex prósent kjósenda, rúmlega 300, strikuðu yfir nafn Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra.

[stigur@frettabladid.is](#)



MATURINN EKKI TALINN „Við erum ekki að telja hvað það kostar að gefa útígangsfólki að borða,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ítalskir dagar

Ítalska vikan
er unnin
í samstarfi
við ítalsk-
íslenska
viðskiptaráðið
og sendiráð
Ítalíu.



Spennandi ítalskar vörur
- allt það besta, beint frá Ítalíu



La Selva
- ítalskar vörur



Callipo
- hágæða túnfiskur



Upplifðu Ítalíu
- með Merchant gourmet



Rana ferskt pasta
- ekta ítalskt



Fumagalli
- ekta ítalskt álegg



Sacà
- í miklu úrvali



Galbani ostar
- ljúfengur parmesanostur



Copaim
- grillað grænmeti

Gildir til 28. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir stofnandi samtakanna Sea Shepherd sem nú er á leið til Íslands vegna aðgerðarinnar Ragnarök?

2. Hvað heitir ljósmyndarinn í netsamfélaginu flickr.com, sem varð fyrir því að myndum hennar var stolið?

3. Hvað heitir forseti Frakklands sem tók við embætti í gær?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

pjófar á ferð í borginni:

Snyrtivörum og golfkylfu stolið

LÖGREGLUMÁL Ýmsir gerðust fingralangir í höfuðborginni á þriðjudag. Kona á fertugsaldri var tekin fyrir þjófnað á smávörum í Smáralind og karlmaður sem var með henni í för reyndist hafa stolið golfkylfu.

Í annarri verslun í Smáralindi var karlmaður gómaður við snyrtivörustuld og tveir sextán ára piltar voru staðnir að hnupli í matvöruverslun í Vesturbænum. Öll þessi mál eru upplýst enda náðust myndir af þjófunum. - þo

REYKJAVÍK

30 milljónir í miðbæinn

Samþykkt hefur verið þrjátíu milljóna króna aukafjárveiting í borgarráði til að mæta aukinni þörf á hreinsun miðborgarinnar.

8FRÉTTABLAÐIÐ17. maí 2007FIMMTUDAGUR

Forstjóri HB Granda segir að komið verði í veg fyrir lyktarmengun:

Ólyktin mun ekki endurtaka sig



EGGERT BENEDIKT GUÐMUNDSSON „Það stendur ekki til að draga úr rekstrinum á Akranesi,“ segir forstjóri HB Granda.

„Í okkar huga var málinu lokið eftir fundinn 2. maí nema náttúrulega hvað varðar áframhaldandi umbætur hjá okkur,“ segir Eggert.

Að sögn Eggerts fer það einfaldlega eftir hentugleikum hvar á landinu hræfnið er unnið hverju sinni. „Það stendur ekki til að draga úr rekstrinum á Akranesi enda held ég ekki að það sé það sem bæjaryfirvöld vilja. Menn vilja bara að lyktin sé innan eðlilegra marka. Það hefur verið tekið mjög hressilega á því innan fyrirtækisins og þetta mun ekki endurtaka sig.“ Enn hefur enginn yfirmanna hjá Laugafiski fengist til að tjá sig.

- gar

„Í okkar huga var málinu lokið eftir fundinn 2. maí nema náttúrulega hvað varðar áframhaldandi umbætur hjá okkur,“ segir Eggert.

Að sögn Eggerts fer það einfaldlega eftir hentugleikum hvar á landinu hræfnið er unnið hverju sinni. „Það stendur ekki til að draga úr rekstrinum á Akranesi enda held ég ekki að það sé það sem bæjaryfirvöld vilja. Menn vilja bara að lyktin sé innan eðlilegra marka. Það hefur verið tekið mjög hressilega á því innan fyrirtækisins og þetta mun ekki endurtaka sig.“ Enn hefur enginn yfirmanna hjá Laugafiski fengist til að tjá sig.

- gar

29 milljóna króna tekjuafgangur af rekstri Alþingis:

463 milljónir í laun



HALDIÐ VIÐ 133 milljónir fóru í viðhald fasteigna þingsins árið 2005.

55 milljónir voru til skiptanna í sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka og nutu þeir þeirra í samræmi við þingstyrk. Sjálfstæðismenn fengu mest, 19 milljónir, en Frjálslyndir minnst, tæpar 4 milljónir.

Kostnaður vegna alþjóðasamstarfs Alþingis nam rétt tæpum 100 milljónum og rúnum 130 milljónum var varið til viðhalds fasteigna þingsins.

Framlög til Alþingis árið 2005 námu rúnum 1,8 milljörðum króna. 29 milljóna tekjuafgangur varð af rekstrinum, eignir þingsins námu tæpum 140 milljónum og eigið fé var rúmar 100 milljónir.

- bps



VOPNAÐUR Á FERÐ Óbreyttir borgarar halda sig innandyr og götur Gaza-borgar eru að mestu auðar fyrir utan vopnaða liðsmenn fylkinganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök ógna þjóðstjórn

Hörð átök á Gaza-ströndinni ógna tilvist þjóðstjórnar Palestínu sem komið var á í mars. Þrjú vopnahlé hafa verið rofin á jafn mörgum dögum á svæðinu.

GAZA-STRÖNDIN, AP Yfir fjörutíu manns hafa fallið í átökum fylkinga Hamas og Fatah á Gaza-ströndinni undanfarna fjóra daga og er daglegt líf á svæðinu í lamasessi. Átök gærdagsins bundu enda á þriðju tilraun til vopnahlés sem gerð hefur verið á jafn mörgum dögum.

Fréttaritari AP-fréttastofunnar á Gaza-ströndinni sagðist aldrei hafa séð ástandið jafn slæmt. Liðsmenn Hamas og Fatah hefðu áður tekið á en núna væru þeir að handtaka fólk og jafnvel taka af lífi vegna útlits þess. „Ef þú ert með skegg gætirðu verið handtekinn af öryggisgæslu Fatah fyrir íslamskt útlit. Ef þú hefur keðju um hálsinn eða úlnliðinn gætu Hamas-liðar skotið þig fyrir útlit sem er ekki samkvæmt kirkjulegum hefðum.“

Átökin eru þau mestu sem orðið hafa á Gaza-ströndinni frá því að þjóðstjórn Palestínumanna var mynduð í mars síðastliðnum. Átökin fylgdu í kjölfar þess að háttsettur öryggisembættismaður, sem tilheyrði hvorki Hamas né Fatah, sagði af sér en skipun hans var lykil-

atriði í samkomulagi fylkinganna um myndun þjóðstjórnarinnar.

Utanríkisráðherra Palestínu, Ziad Abu Amr, sagði að fylkingarnar ynnu að því að stöðva átökin en ítrekaði að meiri aðstoð þyrfti til að draga úr spennu. Hann kallaði eftir því að viðskiptabannið á Palestínu yrði afnumið og að Ísraelsríki afhenti hundruð milljóna dollara af skatttekjum sem það hefur fryst undanfarið ár.

Utanríkisráðherra Evrópusambandsins, Javier Solana, hvatti fylkingarnar til að láta af bardögum og stöðva ringulreiðina á Gaza-ströndinni. Solana hafnaði ásökunum um að orsök bardaganna væri alþjóðlega viðskiptabannið sem ESB, Bandaríkin og Sameinuðu þjóðirnar settu á Palestínu eftir að Hamas komst til valda. „Við teljum ekki, í þessu tilviki, að við séum ábyrg,“ sagði Solana. Hann bætti við að það væri skylda palestínskra stjórnvalda „sem bera ábyrgð á stjórn á Gaza-ströndinni að haga stjórn sinni á þann veg að það dragi úr ofbeldinu“.

sdg@frettabladid.is

SCHWINN®USA

HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

MEÐ 15% AFSLÆTTI



MIKIÐ ÚRVAL AF LÍNUSKRAUTUM Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI



Skeifunni 6 og Dalvegi 18

Sími 533 4450 / 577 4450 · www.everest.is

EVEREST SKEIFAN 6 REYKJAVÍK - EVEREST DALVEGU 18 KÓPAVOGUR

ESB vill að skattgreiðendur greiði fyrir Galileo-gervihnattakerfið:

Fyrirtækin hættu við



ÚT Í GEIM Tilraunahnöttur Galileo-kerfisins á leið út í geim í lok árs 2005.

BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) mælti formlega með því í gær að hið áformaða Galileo-gervihnattaleiðsögukerfi yrði fjármagnað að fullu úr ríkiskössum aðildarríkjanna, eftir að upprunaleg áætlun um að samlag einkafyrirtækja frá fimm löndum axlaði meirihluta kostnaðarins fór út um þúfur.

Áformað hafði verið að ríkin greiddu aðeins þriðjung. Samkvæmt bráðabirgðamati verður heildarkostnaðurinn ekki undir 3,6 milljörðum evra, andvirði 310 milljarða króna. Nú er ekki búist við að kerfið verði tilbúið fyrr en í fyrsta lagi árið 2012.

- aa

MYND/AP

Við viljum gera enn betur

Frá árinu 1990 hefur OR gróðursett meira en 350 þúsund plöntur og þannig bundið tæplega 1.400 tonn af koltvísýringi sem er töluvert meira en fellur til vegna eigin orkunotkunar.

Í ljósi sögu og stefnu OR í umhverfismálum er eðlilegt framhald að fyrirtækið eigi aðild að Kolviði. Með þátttöku sinni mun OR skuldbinda sig til að binda meiri koltvísýring en fellur til af orkunotkun fyrirtækisins sjálfs og allra starfsmanna hennar, hvort sem er í vinnutíma eða frítíma.

Við hvetjum landsmenn til að gera slíkt hið sama og kolefnisjafna bílinn sinn á www.kolvidur.is





KÚREKASTELPA Ungversk stúlka gerir sitt besta til að sitja naut sem reynir á móti að kasta henni af baki á kúrekasýningu í höfuðborg Ungverjlands, Búdapest.

NORDICPHOTOS/AFP

Vilja banna hættulega hunda: Belgískt barn í dái eftir árás

BELGÍA, AP Bæjarstjóri í belgískum bæ hyggst láta banna hættulega hunda eftir að ungur drengur slasaðist alvarlega þegar hundur réðist á hann. Hundurinn beit drenginn sex sinnum í hálsinn og er drengurinn nú í dái. Ekki var gerð nákvæm grein fyrir því hvernig banninu yrði háttað en fjölmiðlar sögðu að bæjarráðið myndi banna ákveðnar hundategundir og herða takmarkanir á fleiri hundategundum. Frumvarp í svipuðum dúr biður afgreiðslu á belgíska þinginu. Það sem af er árinu hafa að minnsta kosti sextán alvarleg tilvik orðið í landinu þar sem hundar hafa limlest börn.

- sdg

Hraðakstur á Akureyri: Stöðvuðu kappakstur bræðra

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri stöðvaði kappakstur tveggja ökumanna í Þingvallastræti um miðjan dag á þriðju-dag. Bílar mannanna voru á 94 kílómetra hraða en hámarks-hraði á þessum slóðum er 50. Segja má að þarna hafi lögreglan blandað sér í systkinaerjur því mennirnir sem óku bílunum tveimur eru bræður. Þeir eiga nú von á 50 þúsund króna sekt hvor fyrir sig.

- þp

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, telur Íslendinga í vanda með kjarasamninga:

Vill öðruvísi kjarasamninga

VINNUMARKAÐUR Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, leggur til að íslenskir kjarasamningar verði færðir nær því sem gerist á hinum Norðurlöndunum; vinnuvikan verði lengd, grunnlaun miðuð við 21 árs í stað 18 ára nú, frídagar felldir niður, orlofs- og desemberuppbætur færðar inn í laun og fyrsti veikindadagur gerður launalaus. Gunnar Páll fjallaði um alþjóðavæðinguna í erindi hjá Samiðn nýlega. Þar benti hann á að Íslendingar væru að komast í ákveðinn vanda þar sem hækkun lágmarks-launa ráðist í auknum mæli af launakjörum og lágmarslaunum í öðrum löndum. Sú hætta sé fyrir

hendi að vinnan færist til landa þar sem launin eru lægri ef verkfallsvopninu verði beitt ótæpilega. „Sumir varpa fram þeirri kenningu hvort erlendir starfsmenn muni undirbjóða markaðslaunin þegar dregur úr þenslunni,“ sagði hann og benti á að Íslendingar væru með öðruvísi kjarasamninga en aðrir Norðurlandabúar, orlofsdagar séu heldur fleiri og vinnuvikan styttri. „Ég velti fyrir mér hvort við eigum að snúa þessu við, nálgaströsk eða dönsk lágmarslaun og færa kjarasamningana nær því sem gerist á hinum Norðurlöndun-

um; færa hluta af núverandi réttindum meira inn í kaupði til að hækka grunnlaunin,“ sagði hann.

LÁGMARKSTAXTAR

Miðað við 40 ára launamann sem hefur verið tíu ár á vinnumarkaði

	Danmörk	Finnland	Svíþjóð	Noregur	Ísland
Fyrir skatt	226 þúsund	141 þúsund	164 þúsund	232 þúsund	142 þúsund
Eftir skatt	143 þúsund	98 þúsund	108 þúsund	146 þúsund	115 þúsund
Orlof	30 dagar	25 dagar	25 dagar	25 dagar	24-28 dagar
Frídagar	9	9	9	10	11,4
Vinnuvika	37	37,30	40	37,30	36,15-36,35

Íslendingar hafa minna á milli handanna eftir skatta en Norðmenn og Danir en fá fleiri orlofsdaga og fleiri frídaga. Vinnuvikan er mun styttri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

HEIMILD: GUNNAR PÁLL PÁLSSON



ALEX SALMOND Flokkur hans vill sjálfstæði Skotlands.

NORDICPHOTOS/AFP

Skoska heimastjórnarþingið: Salmond kjörinn í forsæti

SKOTLAND, AP Leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, Alex Salmond, var í gær kjörinn „fyrsti ráðherra“ skoska heimastjórnarþingsins. Salmond var kjörinn til að leiða minnihlutastjórn með 49 atkvæðum á móti 46 greiddum Verkamannaflokknum, sem hingað til hefur verið ráðandi flokkur í Skotlandi. Í aðdraganda þingkosninganna lofuðu fulltrúar Skoska þjóðarflokksins að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands fyrir árið 2010. Aðrir flokkar á skoska þinginu styðja þó óbreytt tengsl við Bretland og því ólíklegt að af þjóðaratkvæði verði.

- sdg

FUGLAFLENSA

Áætlun vegna faraldurs Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur skrifað sveitarfélögunum varðandi viðbragðsáætlun vegna sorphirðu, komi til heimsfaraldurs inflúensu.

Hesthúsin rifin í óþökk eigendanna

Bæjarstjórn Fljótsháðs hefur látið rífa sjö hesthús á Gæðingabökkum. Eigendur húsanna krefjast skaðabóta og lögmaður þeirra segir að bæjarstjórninni hafi ekki verið heimilt að rífa hús.

SKIPULAGSMÁL „Það er með ólíkindum hvernig bæjarstjórnin hefur gengið fram í þessu máli og við erum afar óánægð,“ segir Ásta Sigfúsdóttir, eigandi eins hesthúsanna sem stóðu á Gæðingabökkum við Egilsstaði. Hafist var handa við að rífa húsinn á mánudagskvöld eftir að sýslumaður hafði heimilað útburð. Um er að ræða nokkur hús sem byggð voru í kringum 1970. Þá veitti bæjarstjórn leyfi til þess að reist yrðu hesthús á svæðinu til bráðabirgða, eða þangað til sveitarfélagið þyrfti á lóðinni að halda undir íbúabyggð. Nú hefur lóðunum verið úthlutað og hesthúsin þurftu að víkja. „Við höfum í sjálfu sér aldrei verið á móti því að þurfa að fara enda vissum við að það kæmi að því. Hins vegar erum við óánægð með að fá engar bætur fyrir húsinn okkar,“ segir Ásta.

Jón Höskuldsson, lögmaður eigenda hesthúsanna, segist túlka útburðargerð sýslumannsins á þann veg að sveitarstjórninni sé skylt að flytja húsinn – ekki rífa þau. „Eigendur húsanna líta í raun á þetta sem hina mestu valdniðslu og segja að sveitarstjórnin hafi enga heimild til þess að rífa húsinn án þess að greiða bætur, um það snýst ágreiningurinn,“ segir Jón. Eigendur húsanna létu meta húsinn áður en þau voru rifin og hyggjast höfða skaðabótamál gegn bænum.

Bjarni Björgvinsson, lögmaður bæjarstjórnar í málinu, segir að sveitarfélaginu sé ekki skylt að greiða bætur vegna húsanna. „Í samþykkt bæjarins frá 1970, þegar veitt var leyfi fyrir þessum bráðabirgðahúsum, segir að bær-



NIÐURRIF HAFIÐ Eigendur hesthúsanna á Gæðingabökkum vilja bætur fyrir eignir sínar jafnvel þótt samið hafi verið um annað þegar húsinn voru byggð. Flestir eigendurnir eru eldri borgarar.

MYND/GUNNAR GUNNARSSON

inn komi ekki til með að greiða bætur þegar húsinn verða látin víkja. Menn fengu að byggja þarna til bráðabirgða og þarna voru engin lóðaréttindi,“ segir Bjarni. Fasteignagjöld hafa þó verið greidd af húsunum um árabíl og þau hefur sveitarfélagið boðist til að endurgreiða. Þegar eigendur óskuðu eftir

skaðabótum fyrir hús sín var sett á fót nefnd, skipuð fulltrúum bæjarstjórnar og eigendum hesthúsanna, sem átti að leysa málið. Ásta segir að nefndin hafi náð samkomulagi en tillaga nefndarinnar hafi síðan verið felld í bæjarráði. „Öll vinnubrögð í þessu máli hafa verið afar undarleg,“ segir Ásta.

thorgunnur@frettabladid.is

Myndun ríkisstjórna síðustu áratuga hefur oft tekið á þriðja mánuð:

Davíð og Jón Baldvin sneggstir

STJÓRN MÁL Myndun ríkisstjórna síðustu áratuga hefur tekið allt frá örfáum dögum upp í tæpa þrjá mánuði.

Skemmstan tíma tók að mynda ríkisstjórn 1991 þegar Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokksins, náðu samkomulagi um stjórnarsamstarf. Stjórnin tók við völdum aðeins tíu dögum eftir kosningar og einungis fjórum dögum eftir að forseti Íslands hafði falið Davíð verkið.

Fimm ríkisstjórnir þar á undan tóku að jafnaði til starfa um tveimur mánuðum eftir kosningar utan hvað stjórnarmyndunin 1983 tók mánuð.

Árið 1995 sömdu Davíð og Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, um samstarf. Ný stjórn var frágengin þrettán dögum eftir kosningar.

Samstarfið var endurnýjað fjórum árum síðar, rúmum tveimur vikum eftir kosningar, og aftur 2003 en þá liðu þrettán dagar frá kosningum og þar til samkomulag var í höfn.

Í dag eru fimm dagar liðnir frá kosningum.

- bps



KOMIÐ FRÁ VIÐEY Davíð Oddsson og Jón Baldvin Hannibalsson innsigluðu ríkisstjórnarsamstarf flokka sinna í Viðey 1991. Stjórnarmyndunin tók örfáa daga.

SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

Nánari upplýsingar á somi.is



Nýtt kortatímabil!

Opið í dag - Uppstigningardag



Melónur - Tilboð





MESTU MÁTAR Övenjuleg vinátta hefur tekist á milli úlfs og asna í bænum Patok í Albaníu. Asninn var færður í búr úlfsins sem fæða fyrir sextán dögum en þeir urðu hins vegar mestu mátar.

NORDICPHOTOS/AFP

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bruninn enn í rannsókn
Lögreglan á Akureyri rannsakar enn eldsvoðann í íbúðarhúsinu við Lundargötu sem átti sér stað 6. maí síðastliðinn. Margt bendir til að um íkveikju hafi verið að ræða en enginn hefur verið yfirheyrður vegna málsins.

ÁRBORG

Ánægja með dagforeldra
Allir foreldrar sem svöruðu í viðhorfskönnun í Árborg sögðust ánægðir með þjónustu dagforeldra sem gæta barna þeirra.

Umferðarslys á Kalkofnsvegi:

Tveir slösuðust

SLYS Sex ungmenni voru flutt á slysadeild eftir harðan árekstur tveggja bíla við Kalkofnsveg seint á þriðjudagskvöld. Fjógur þeirra fengu að fara heim að lokinni skoðun en ökumennirnir, tvær sautján ára stúlkur, voru fluttar á Barnaspítala Hringins til frekari skoðunar. Þær eru ekki alvarlega slasaðar. Tildrög slyssins eru óljós en að sögn lögreglu er ágreiningur um stöðu umferðarljósa.

- þo

Tónleikaferð Óperukórs Reykjavíkur á öldrunarstofnanir hafin eftir styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra:

Kórinn stendur við gefið loforð um söng

TÓNLEIKAR „Það er okkur í Óperukórnum mikil ánægja að fá loksins tækifæri á því að syngja fyrir heldri borgarana,“ segir Garðar Cortes, stjórnandi Óperukórsins í Reykjavík. Kórinn hóf heimsóknir til eldri borgara í morgun og var fyrsti viðkomustaður þeirra Sóltún í Hafnarfirði. Alls verður komið við á ellefu öldrunarstofnunum. Árið 2004 veitti Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, kórnum hálfa milljón króna styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra gegn því að kórinn stæði fyrir tónleikahaldi á öldrunarstofnunum. Bið varð á söngnum en eftir að Fréttablaðið fjallaði um styrkveitingar úr sjóðnum rifjuðust skilmálarnir upp fyrir Garðari og ákvað hann að við þá yrði staðið, og vel það. „Við reyndum að velja lög sem við teljum að gamla fólkið þekki og vilji heyra,“ segir Garðar. Meðal þeirra fimmtán laga sem ætluin er að flytja á tónleikunum eru Hver á sér fegra föðurland, Ísland ögrum skorið og fleira í þeim dúr. „Svo spilum við bara eftir eyranu, bætum við eða styttnum eftir því sem hentar fólkinu, en ég vil nú ná upp keðjusöng með sumum þessara laga,“ segir Garðar.

- kdk



SUNGIÐ FYRIR GAMLA FÓLKIÐ Í nýlegu viðtali Newsweek við son kórstjórnandans, Garðar Þór Cortes, er stuttlega vikið að tónlistarferli föður hans. Garðar eldri er þar sagður vera söngvari á svipuðum mælikvarða og Pavarotti.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



FÉLAGAR Í MARA 18 Tuttugu þúsund ungmenni eru talin vera í glæpagenginu Mara 18. Gengið er þekkt fyrir hefnigirni. Ræðismaður Íslands í El Salvador kann því að vera í lífshættu, segir Einar Sveinsson.

NORDICPHOTOS/AFP

Óttast um öryggi eiginkonu sinnar

Einar Sveinsson telur að Mara 18 glæpagengið sem myrti Jón Þór Ólafsson og vinkonu hans í El Salvador kunni að leita hefnda fyrir veitta aðstoð við rannsókn málsins. Sér eftir ræðismannstitlinum, sem hefði tryggt vernd lögreglunnar.

EL SALVADOR „Hún gæti verið í lífshættu vegna fyrri starfa sinna sem ræðismaður Íslands. Ég var því fylgjandi að hún afsalaði sér titlinum upphaflega en þegar ég frétti að morðingjarnir væru úr Mara 18 fékk ég bakþanka. Ræðismennskan gæti bjargað lífi hennar,“ segir Einar Sveinsson, sem er giftur ræðismanni Íslands í El Salvador, frú Augða Beatriz Zarco de Sveinsson.

Beatriz lenti í alvarlegu umferðarslysi í mars og er enn að jafna sig á því. Einar telur hugsanlegt að ekið hafi verið á bíl hennar viljandi og að félagar úr genginu reyni aftur að myrða hana. Jón Þór Ólafsson og Brenda Salinas voru myrt í El Salvador í febrúar í fyrra. Morðingjar þeirra tilheyra glæpagenginu Mara 18, en það starfar í höfuðborginni, San Salvador. Í genginu eru um 20.000 félagar og segir Einar það þekkt fyrir hefnigirni. Einar segir konu sína hafa gegnt

skyldu sinni sem ræðismaður og aðstoðað lögregluna eftir megni við rannsókn málsins. Fimm grun-



HERRA OG FRÚ SVEINSSON Einar telur að kona sín eigi að vera ræðismaður Íslendinga áfram. Þannig geti hún fengið vernd lögreglunnar, en þau hjónin óttast hefndaraðgerðir Mara 18 glæpagengisins.

MYND/EINAR SVEINSSON

aðir menn voru handteknir og sátu þeir bak við lás og slá í desember. Tveir þeirra voru dæmdir fyrir morðin í apríl á þessu ári. Beatriz gat ekki verið viðstödd réttarhöldin því hún var veikburða eftir slysið. Því fór út erindreki frá utanríkisráðuneytinu.

Beatriz ákvað þá að biðjast lausnar frá ræðismannsstörfum vegna persónulegra ástæðna; það er þrekleysis vegna slyssins. Einar segir að síðan allt þetta gerðist hafi þeim komið í hug að ef til vill hafi hún gert mikil mistök með þessu. „Hér í Salvador gæti hún fengið vernd lögreglunnar í skjóli ræðismennskunnar. Annars stendur hún ein gegn hugsanlegum hatursmönnum sínum.“ Formlega séð er Beatriz enn ræðismaður Íslands þar ytra, því henni hefur ekki verið veitt lausn í ráðuneytinu. Einar segist því vona að utanríkisráðuneytið neiti að taka við afsali hennar. Samkvæmt upplýsingum úr utanríkisráðuneytinu hefur enn engin beiðni borist frá El Salvador um að Beatriz haldi stöðu ræðismanns áfram. Hún hafi beðist lausnar af fúsum og frjálsum vilja og við það sitji. Formlega séð sé hún þó enn ræðismaður.

klemens@frettabladid.is

Nýir menn boðnir velkomnir í þinglið Frjálslynda flokksins:

Enginn falast eftir samstarfi

STJÓRNMÁL Nýr þingflokkur Frjálslynda flokksins kom saman til síns fyrsta fundar í Alþingishúsinu á þriðjudag. Nýir þingmenn flokksins; Grétar Mar Jónsson og Jón Magnússon voru boðnir velkomnir en fyrir á fleti voru Guðjón Arnar Kristjánsson flokksformaður og Kristinn H. Gunnarsson. Magnús Þór Hafsteinsson vara-

formaður sat einnig fundinn en hann féll af þingi á laugardag. Fimmmenningarnir spjölluðu um kosningaúrslitin yfir kaffi, kóki og sandkökum og mátu stöðuna. Flokkurinn virðist standa utan allra þreifinga um stjórnarsamstarf, í það minnsta sagði Guðjón Arnar aðra flokksformenn ekki hafa rætt við hann um þau mál.

Nýliðarnir Grétar Mar og Jón hafa báðið setið á þingi; Grétar sem varaþingmaður Frjálslyndra á síðasta kjörtímabili og Jón sem varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins á níunda áratugnum. Ekki var gengið frá skiptingu embætta á þingflokksfundinum og segir Guðjón Arnar það bíða næsta fundar að velja formann þingflokksins.

- bps



Aðalfundur Mosaic Fashions hf.
Aðalfundur Mosaic Fashions hf verður haldinn á Nordica hótelinu við Suðurlandsbraut fimmtudaginn 24. maí kl. 16.00.

Dagskrá fundarins skv. 13. gr. samþykktá félagsins verður sem hér segir:

- a) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliði starfsár.
- b) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu skal lagður fram til staðfestingar.
- c) Kosning stjórnar.
- d) Kosning endurskoðenda.
- e) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- f) Ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félags á reikningsárinu
- g) Önnur mál sem löglega eru upp borin.

Fundurinn mun fara fram á ensku.

Ársskýrsla félagsins verður aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.mosaic-fashions.co.uk, frá og með þriðjudeginum 22. maí 2007.

Nánari upplýsingar veitir Jess Wilks, tengiliður félagsins við fjárfesta, í síma 00 44 207 7452 1122.

Mosaic Fashions hf Annual General Meeting.
The Annual General Meeting of Mosaic Fashions hf will be held at the Nordica Hotel, Reykjavik, Thursday 24 May 2007 at 16.00hrs.

The agenda of the meeting as per article 13 of the Company's Articles of Association is as follows:

- a) The report of the Board of Directors on the activities of the Company in the preceding operating year
- b) Submission of the Annual Accounts for 2006-07 and the auditor's report for approval.
- c) Elections to the Board of Directors.
- d) Election of an Auditor.
- e) Determination of the remuneration to the Board of Directors.
- f) Decisions on the disposal of earnings or loss of the Company for the preceding financial year.
- g) Any other business.

The meeting will be conducted in English.

The Annual Report will be available for inspection to shareholders on the Mosaic Fashions website from Tuesday 22nd May 2007.

For further information please contact the company's Investor Relations Manager, Jess Wilks on +44 207 7452 1122.

Flugfélagið Iceland Express:

Fimm borgir til viðbótar

SAMGÖNGUR Iceland Express hefur bætt fimm nýjum áfangastöðum við áætlunarflug sitt og flýgur þá alls til þrettán borga í Evrópu.

Í sumar verður flogið til Basel í Sviss, Billund í Danmörku, Eindhoven í Hollandi, Parísar og Osló. Flogið verður tvisvar til þrisvar í viku til Parísar en tvisvar til hinna staðanna, utan Basel en þangað verður flogið vikulega.

Flugfélagið flaug til tveggja borga, Lundúna og Kaupmanna-hafnar, þegar það var stofnað fyrir fjórum árum.

- kóp

Þrír ungir menn sýknaðir í héraðsdómi af ákæru um að hafa nauðgað sextán ára stúlku í heimahúsi:

Framburður stúlkunnar sagður reikull og haldlítill

DÓMSMÁL Þrír ungir menn, tveir nítján ára og einn átján ára, hafa verið sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur af ákæru um að hafa nauðgað sextán ára stúlku í heimahúsi í febrúar í fyrra.

Fram kemur í dómnum að það liggi ljóst fyrir að mennirnir þrír hafi verið staddir með stúlkunni í íbúðinni umrætt kvöld, og að óumdeilt sé að þeir hafi allir haft við hana samfarir. Þeir voru ákærðir fyrir að hafa í sameiningu beitt afli og ofbeldi til að þröngva stúlkunni til samræðis, en þeir héldu því fram að stúlkan hefði tekið þátt í samförum við þá alla sjálfviljug og án nokkurrar nauðungar.

Fjölskipuðum héraðsdómi þótti framburður stúlkunnar reikull og hún í raun margsaga um veigamikil sönnunaratríði málsins. Hún hefði verið margsaga um aðdraganda samræðis

mannanna við hana, hvort þeir hefðu staðið saman að því, og í hvaða röð þeir hefðu haft við hana samfarir. Í dómnum er tekið fram að því sé ekki haldið fram að mennirnir hafi verið sérlega trúverðugir, eða að stúlkan hafi sagt vísvitandi ósátt frá, heldur að einsætt sé að reikull vitnisburður hennar sé haldlítill gagnvart neitun ákærðu og nánast samhljóða frásögn þeirra um málsatvik.

Þá eru vinnubrögð Barnahúss við yfir-heyrslu yfir stúlkunni gagnrýnd í dómnum, og fullyrt að stúlkan hafi verið leidd áfram við skýrslugjöfina og henni lögð orð í munn.

- sh

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Ljóst er að allir mennirnir höfðu samfarir við stúlkuna, en vafi leikur á hvort valdi var beitt.



HAFNARFJÖRÐUR Nýbúaútlarp er sent frá Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Sjóður hafnar Nýbúaútlarpi:

Nær of skammt fyrir fjárstyrk

MENNING Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur hafnað beiðni Hafnarfjarðarbæjar um styrk vegna nýbúaútlarps þar sem útsendingunum sé aðeins ætlað að ná til afmarkaðs svæðis á landinu. Þetta telur lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar vera misskilning. „Nýbúaútlarpið er með útsendingarsvæði á öllu höfuðborgarsvæðinu á tíðninni 97,2 og í gegnum vefveitu Hafnarfjarðar er hægt að hlusta á það hvaðanæva á landinu,“ segir jafnréttisnefndin. Hún vill að jöfnunarsjóður endurskoði afstöðu sína þar sem rök sjóðsins virðist byggja á röngum forsendum.

- gar



TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS Símtöl í stofnunina verða framvegis hljóðrituð.

Brugðist við hótunum:

Trygginga-stofnun hljóð-ritar símtöl

FJARSKIPTI Tryggingastofnun ríkisins hefur ákveðið að framvegis verði símtöl sem þangað berast hljóðrituð. Ástæðan er hótanir og dóna-skapur sem starfsfólk stofnunarinnar hefur þurft að sæta. „Við vonum að þetta verði til þess að fólk gæti tungu sinnar frekar í samtölum við starfsfólk,“ segir Glúmur Baldvins-son, upplýsingafulltrúi stofnunarinnar. Hann segir að í undantekningatilfellum hafi borið á hótunum en ákvörðunin hafi verið tekin í samráði við Persónuvernd. Samtölin verða aðeins geymd í tvo til þrjá daga nema eitthvað misjafnt komi upp. Ólöglegt er að taka upp símtöl nema sá sem hringir hafi vitneskju um hljóðritunina frá upphafi símtals. Undantekningar frá þeirri reglu eru hjá stofnunum sem annast öryggi borgara, svo sem Neyðarlínu.

- kdk

SUMARIÐ KOMIÐ

speedo

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

26"

Impulse
21 gíra **Shimano**
skipting, **Heavy**
Duty álstell,
Artek V bremsur,
álgjardir, demparar
að framan
3899973

21.650
~~26.900~~



❖ Takmarkað magn



Hengirúm í tjaldi
3900609

Sumar í Skú

Tilboðin gilda aðeins í verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals Skútuvogi



Garðborð Garcon
70 sm.
3899102 **4.999**
~~6.950~~

Garðstóll Havana
3899103 **4.990**
~~5.990~~



Orf
Rafmagnsorf AL-KO 250W- 20 sm
5087499



❖ **Nuddpottar**
verð frá 460.000
Loklyfta og trappa fylgir
auk fríum heimakstri
8082067



Bubbi byggir 12"
My Bonnie 12"
3899960/62 **8.475**
~~10.590~~

Bubbi byggir 16"
My Bonnie 16"
3899961/63 **9.999**
~~12.590~~

❖ **Frábært**
verð



Pallaolía, 3ltr.
7049123-33-37

999



Verkfærataska, Eldir
14"
5024697

Pylsur og gos
fyrir krakkana
frá 14 -16



Ís á
10 kr



14.990
~~18.990~~

Takmarkað magn



Garðhús 4,4 m²
Vnr. 600239

Breidd = 167 sm
Lengd = 267 sm
Vegg hæð = 170 sm
Bjálkabyggt = 32 mm

69.000
~~99.900~~

Ráðgjafar okkar kynna
húsin kl 11-17

79.000
~~99.900~~



Barnahús 2,69 m²
Vnr. 600230
Breidd = 167 sm
Lengd = 167 sm + verönd 100 sm
Vegg hæð = 170 sm (brúttó)
Bjálkabyggt = 32 mm

tuuvogi

Verðsprengjur
aðeins í dag
Uppstigningardag



Mold
50 ltr.
10333653

Stjúpur
10 stk.
11211991

499

699

Sýpris
11326404



Slanga, Gardena
20 m.
5087009

1.349
~~2.599~~



Útipottar
hvítir, bláir og gráir

699 - 999 - 1.599



Garðurinn
opnar

Nýr afgreiðslutími
í Skútuvgi
Opið til klukkan **21:00**
alla daga vikunnar

Húsasmiðjan og Blómaval ...frábær saman í garðinum!



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



Skútuvgur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

„ORÐRÉTT“

Fýla á Skaganum

„Mín persónulega skoðun er sú að það var gersamlega óþolandi fnykur þessa daga.“

GÍSLI EINARSSON, BÆJARSTJÓRI Á AKRANESI, UM ÖLYKT AF VÖLDUM FISKIMJÖLSVINNISLU OG HAUSA-PURRKUNAR Í BÆNUM.

Fréttablaðið 16. maí.

Ekki svo gáfulegar

„Ég les blöðin, fyrisagnirnar, en ég nenni ekki alltaf að lesa greinarnar allar. Þær eru ekki svo gáfulegar.“

RAGNHILDUR FRÍÐRIKA SVANLAUGSDÓTTIR HJÚKRUNARKONA VARD HUNDRAÐ ÁRA Á DÖG-UNUM.

Morgunblaðið 16. maí.

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? RAGNHEIÐUR GRÖNDAL TÓNLISTARKONA

Úr hávaða og hraða heim í kyrrð

„Af mér er allt frábært að fréttu. Í vetur hef ég verið í tónlistarnámi í New York. Meðfram náminu hef ég verið að semja fullt af lögum og ætla að taka upp nýja plötu í sumar. Þessi plata verður hress og skemmtileg og léttari en þjóðlagaplatan sem ég gaf út síðast. Markmiðið er að gera skemmtilega plötu með skemmtilegum textum,“ segir Ragnheiður Gröndal tónlistarkona, sem flytur til Íslands nú í lok mánaðarins.

„Mér hefur liðið mjög vel hérna í New York í vetur og hef fengið heilmikið út úr náminu. Stundum höfum við krakkarnir úr skólanum farið í garðana hérna í borginni að spila og syngja og við fáum heilmikinn pening út úr því. Auðvitað er maður kannski eins og betlari en þetta er heilmikið fjör. Ég hef líka ferðast töluvert

og fór tvisvar til Winnipeg að syngja á vegum íslenska sendiráðsins í Kanada og einu sinni til Vancouver að syngja á djassklúbbi. Þegar ég kem heim til Íslands fer ég að huga að nýju plötunni minni og syngja í brúðkaupum og gera fleira skemmtilegt. Við Eivör ætlum til dæmis að endurtaka leikinn síðan í fyrra og syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands 12. júní.“

Ragnheiður stefnir að því að fara aftur út næsta vetur og er með ýmis verkefni í gangi sem hún vill ekki segja frá í bili.

„Ég er orðin mjög spennt að koma heim. Þó að New York sé frábær borg er hávaðinn og hraðinn mikill, sem getur verið skemmtilegt en líka þínu þreytandi. Ég get ekki beðið eftir að koma heim og njóta kyrrðarinnar og íslensku sumarnóttanna.“



KRULLUJÁRNIÐ: RÓMVERSK UPPFINNING

■ Krullujárnið á sér langa sögu og er þekkt frá því á tímum Rómverja. Í ritum Síséros (106-45 f. kr.) er oft minnst á krullujárn en notkun þeirra var tíð meðal rómverskra ungmennta og hefðarkvenna. Sá síður að krulla hár hefur að öllum líkindum borist til Rómar frá Grikklandi en þar voru aðrar aðferðir notaðar. Rómverjar voru fyrstir til þess að nota hitað krullujárn en járníð, sem var holt að innan, var hitað í viðarösku. Krullujárnið hefur fylgt vest-rænni menningu alla tíð síðan.



Viðey vaknar á ný í sumar

SJÓNARHÓLL

ALPINGISKOSNINGARNAR 2007

Ákvað að kjósa ekki

„Það mætti segja að það sé erfitt fyrir þann sem ekki kaus að taka afstöðu til kosninga-úrslitanna því að hann lagði ekkert af mörku-um. Hvers vegna gerði ég það ekki? Ég gat ekki lengur gert upp við mig hvort einn væri skárri en annar. Mikið



FRÍÐA BJÖRNSDÓTTIR
Blaðamaður

hefur verið talað um eldri borgara að undanfögnu. Ég er komin í þann hóp og ég er líka komin í þann hóp sem heldur að hann eigi svo stutt eftir að enginn þessara flokka eigi eftir að gera neitt fyrir mig. Ég nenni ekki að hugsa um hina sem eftir lifa og ákvað bara að kjósa ekki neitt. Mér finnst hafa verið illa staðið að flestu sem snertir eldra fólkið að undanfögnu. Flokkarnir lofuðu öllu en hafa ekki gert neitt og þess vegna sá ég enga ástæðu til að fara á kjörstað. Mér leið alveg rosaalega vel með að hafa tekið þessa ákvörðun í fyrsta sinn á ævinni.“

Aðsókn að Viðey hefur verið undir væntingum undanfarin sumur. Til að snúa þeirri þróun við og fjölga gestum í eyjuna verður þar fjölbreytt dagskrá í sumar undir einkunnarorðinu heilsubót, menning, saga og afþreying fyrir alla.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar réði nýlega Hvalaskoðun ehf. til að taka við ferju- og veitingarekstri í Viðey. Markmiðið er að vekja Viðey til lífs á ný og vera með fjölbreytta, lifandi og skemmtilega dagskrá í allt sumar. Hvalaskoðun ehf. tók nýlega við ferju- og veitingarekstri í eyinni og að sögn Kjartans Magnússonar, formanns menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, hefur öll starfsemi verið endurskoðuð og bætt. Stefnt er að stórbættari starfsemi í eyinni þar sem einkunnarorðin eru heilsubót, menning, saga og afþreying fyrir alla.

Í sumar verður fjölbreytt dagskrá fyrir fjölskyldufolk jafnt sem ferðamenn. Múlakaffi sér um veitingarekstur með þjóðlegum matseðli, bæði fyrir hóp og einstaklinga þar sem fjölbreyttur matseðill er í boði.

Sumaráætlun ferjunnar hefst 17. maí og stendur til 30. september.



VIDEYJARFERJAN Farnar verða tíðar ferðir í sumar og boðið upp á fjölskylduvæn fargjöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einnig verða farnar tíðari ferðir en fyrr, frá morgni til kvölds, jafnt virka daga sem um helgar. Í tengslum við siglingar stendur gestum einnig til boða að nýta reglulegar rútufærðir frá miðbænum að Sundahöfn. Verðskrá ferjunnar hefur verið breytt til að gera hana fjölskylduvænni og nú er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Sumardagskrá Reykjavíkurborgar í Viðey verður með veglegasta móti í sumar og meðal dagskrárliða eru hinar svinsælu þriðjudagsgöngur sem byrja 5. júní og standa til 21. ágúst. Á sunnudögum frá 24. júní til 12. ágúst verða styttri leiðsagnir og fyrirlestrar við Viðeyjarstofu.

Þessu til viðbótar verður Jónsmessumót, þematengdar messur auk dagskrár í tengslum við Menningarnótt. Sumardagskráin endar með veglegri Viðeyjarhátíð 25. ágúst þar sem aðaláherslan verður á 100 ára afmæli þorps Milljónafélagsins í Viðey. Þessu til viðbótar má minna á 35 fræðsluskilti um eyjuna, ókeypis reiðhjólum ásamt barnastólum og hjálmum, ratleik og leiktæki fyrir börnin.

Eyjan skartar ýmsum listaverkum, meðal annars eftir Richard Serra og Ólaf Elíasson. Verk Ólafs, Blind Pavilion, hefur staðið í eyjunni síðan vorið 2005 og verður tekið niður í haust. Í staðinn ris listaverkið Imagine Peace Tower eftir Yoko Ono, sem verður vígt 9. október.

Allar nánari upplýsingar um eyjuna er að finna á www.videy.com rh@frettabladid.is



POTIÐ ÁFRAM Afþreying af ýmsu tagi verður í boði úti í Viðey í sumar, þar á meðal seglbílar, spjótkast og ratleikir.



VIDEYJARKLAUSTUR Fyrstu mannvistarleifar í Viðey eru frá 10. öld. Klaustur reis í eyinni árið 1225 sem lagðist af við siðaskiptin árið 1550.

Rífur upp matseldina



» Microplane rifjárnin voru þróuð fyrir trésmíði en fljótt spurðist út að þau henta afar vel til matargerðar. Þau eru frábær til að rífa meðal annars engifer, múskaðnetur og súkkulaði. Rifjárnin fást í mismunandi grófleikum.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

STAÐREYNDIR UM VIÐEY

- Viðey á sér merka og langa sögu. Skúli Magnússon landfógeti lét byggja Viðeyjarstofu. Húsið er fyrsta steinhúsið sem var byggt á Íslandi og er eitt elsta hús landsins. Stofan var byggð á árunum 1752-1755 og var teiknuð af danska hirðarkitektinum Nicolai Eigtved.
- Mannvistarleifar síðan á 10. öld hafa fundist á eyinni. Árið 1225 var stofnað klaustur í eyinni, sem lagðist af við siðaskipti um 1550.
- Í eyinni var um stund stór prentsmiðja og stórbúskapur sem framleiddi árlega um 200 þúsund lítra af mjólk fyrir Reykvíkina.
- Í byrjun 20. aldar hófst útgerð í eyinni. Í kjölfarið myndaðist þorp og urðu íbúar rúmlega 100 talsins.
- Árið 1943 lagðist þorpið í eyði eftir að útgerðin lagðist af. Búskapur var stundaður í eyinni fram á sjötta áratug.
- Árið 1968 var Þjóðminjasafninu falin umsjón með Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju. Íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg húsin árið 1986 og lauk endurbótum tveimur árum síðar. Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar hefur nú umsjón með eyinni.

NÓATÚN

Bestir í kjöti

**Grillbæklingur
Nóatúns
er kominn
í verslanir!**



Tilboð á lambalæri!



Úr
Kjötborði
Nóatúns

**Kryddað að hætti
kjötmeistarans!**

40%
afsláttur

LAMBALÆRI
KRYDDAÐ
899 kr.
kg

Opið í dag uppstigningardag 11-21

Úr
Kjötborði
Nóatúns

UNGNAUTA
SIRLOIN
1.798 kr.
kg

34%
afsláttur

Úr
Kjötborði
Nóatúns

NÓATÚNS LAMBALÆRIS-
SNEIÐAR LAS VEGAS
1.953 kr.
kg

15%
afsláttur

**Frábært
verð!**



COKE LIGHT
99 kr.
2l

30%
afsláttur

**Eðal lax
reyktur**



**Gott á
grillið!**

FORSÖÐNIR
MÁISSTÖNGLAR
149 kr.
pk.



25%
afsláttur

**Bökunar-
kartöflur**




Nýtt kortatímabil!

Verði ykkur að góðu!

Svona erum við

> Nýskráðir umfram brottskráða í nokkrum trúarfélögum á Íslandi 2006



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HNEYKSLIÐ Í ALÞJÓÐABANKANUM

Forboðnar ástir gyðings og araba

Alþjóðabankinn er hópur fimm alþjóðastofna sem sjá ríkjum fyrir fjármagni og ráðgjöf í þeim tilgangi að styðja við þróun og útrýma fátækt. Bankinn varð til 27. september 1945. Hann veitir aðildarríkjum lán á hagstæðum vöxtum og styrkir auk þess verkefni í fátækum ríkjum. Þessi lán og styrkir eru gjarnan skilyrt af kröfu um stefnubreytingu í efnahagslífi eða stjórnkerfi viðkomandi lánþega.

Hver er yfirmaður bankans?

Yfirmaðurinn er Paul Dundes Wolfowitz. Hann fæddist í Brooklyn í New York 22. desember 1943 og er af pólskum gyðinga-ættum. Wolfowitz hefur sætt harðri gagnrýni fyrir stuðning sinn við Ísrael og fyrir að hafa verið einn helsti hvatamaður að innrásarinni í Írak á meðan hann gegndi stöðu aðstoðarvarnarmálaráðherra. Hann varð forstjóri Al-

þjóðabankans 2005 og var sú ákvörðun afar umdeild.

Hvers vegna er þess krafist að hann segi af sér?

Wolfowitz hefur viðurkennt að sér hafi orðið á mistök þegar hann aðstoðaði ástkonu sína, Shaha Riza, við að fá launahækkanir hjá bankanum. Ástarsambönd samstarfsmanna innan bankans eru bönnuð og því sagði hún starfi sínu lausu þegar Wolfowitz tók við embætti. Hún starfar nú hjá bandaríska utanríkisráðuneytinu en bankinn hefur áfram greitt henni laun og launahækkanir. Hún er breskur ríkisborgari en ólst

upp í Sádi-Arabíu. Samband þeirra Wolfowitz þykir enn athyglisverðara fyrir þær sakir að hún er arabi en hann gyðingur. Hún hefur barist fyrir kvenfrelsi í arabaheiminum og gegn einræðisherrum á borð við Saddam Hussein. Hefur því verið fleygt að hún hafi haft mikil áhrif á Wolfowitz þegar hann lagði til að ráðist yrði inn í Írak þegar hann gegndi starfi aðstoðarvarnarmálaráðherra.

Hvað segir Bush?

Talsmaður Bush forseta Bandaríkjanna segir að Wolfowitz hafi orðið á mistök en þau séu ekki brottrekstrarsök.



SPURT & SVARÐ

HUNANGSFLUGUR



ERLING ÓLAFSSON

Skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands

Stinga aldrei nokkurn tíma

Hunangsflugurnar þykja óvenju seint á ferðinni hérlandis þetta árið. Erling Ólafsson er skordýrafræðingur.

Eru hunangsflugurnar á Íslandi allar sömu tegundar?

Nei, þær eru tvær. Þær voru þrjár en sú þriðja er líklega alveg horfin. Tegundirnar eru afar ólíkar í mínum augum en hinn almenni borgari sér líklega ekki mun. Munurinn felst aðallega í stærðinni.

Hvenær fara þær yfirleitt á stjór?

Nær alltaf 19. apríl. Þær lifa á ákveðinni víðitegund sem blómstrar snemma. Hjörta innfluttrar skordýra tegundar og innfluttrar plöntutegundar slá í takt.

Er ástæða til að bera ugg í brjósti gagnvart flugunum?

Ekki aldeilis. Ég þekki ekki eitt einstaka dæmi þess að hunangsfluga hafi stungið mannaskjú á Íslandi. Hunangsflugur eru ekki árasargjarnar og þær stinga aldrei, leyfi ég mér að segja.

Nicolas Sarkozy tók við embætti sem nýr forseti Frakklands við hátíðlega athöfn í Elysée-höll í París í gær. Hann kvaddi forverann Jacques Chirac og boðaði tafarlaugar og djarfar aðgerðir til að búa Frakkland í stakk fyrir nýja tíma.

Chirac lauk tólf ára embættistíð sinni á að afhenda eftirmanninum lyklana að kjarnorkuvopnabúri landsins á lokuðum fundi sem var einn af hápunktum forsetaskiptanna.

Hleypt var af 21 fallbyssuskoti næst við grafhýsi Napóleons til að fagna forsetaskiptunum.

Chirac, sem nú er á 75. aldursári, dró sig hljóðlega í hlé, eftir að hafa í fyrirakvöld kvatt þjóðina í stuttu sjónvarpsávarpi. Hann og Sarkozy gengu hlið við hlið út úr höllinni og kvóddust með handabandi á rauða dreglinum áður en Chirac settist upp í Citroën-forsetabifreiðina og ók á brott, veifandi út um gluggann. Viðstaddir klöppuðu. Þá sneri Sarkozy aftur inn í höllina, sem verður heimili hans næstu fimm árin.

Kynslóðaskipti

Hinn orðhvatí Sarkozy, sem er sonur ungersks innflytjanda af aðalsættum og franskrar móður af gyðingaættum, er fyrsti forseti Frakklands sem er fæddur eftir lok síðari heimsstyrjaldar. Með honum tekur þannig ný kynslóð við völdum með ný viðhorf og aðra afstöðu til þess hvernig takast



FORSETAFJÖLSKYLDAN Sarkozy heilsar syninum Louis eftir embættistökuna. Á myndinni eru einnig eldri synir Sarkozys, eiginkonan Cecilia og dætur hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

beri á við vandamál landsins.

Eitt greinilegt merki um breytingar var hvernig óformlegheit blönduðust inn í hina annars þaulskipulögðu, hefðbundnu og hátíðlegu embættistökuathöfn. Á meðan beðið var eftir nýja forsetanum spjallaði herforingi kumpánlega við ungan son Sarkozys, Louis, í beinni útsendingu að milljónum manna innan og utan Frakklands ásjáandi. Fjögur eldri börn forsetahjónanna voru einnig viðstödd – tveir synir úr fyrra hjónabandi Sarkozys og tvær dætur eiginkonunnar Cecilíu úr fyrra hjónabandi hennar.

Umboð til breytinga

Í fyrstu ræðu sinni sem sjötti forseti fimmta franska lýðveldisins lét Sarkozy þess getið að með kjöri sínu hinn 6. maí hefði þjóðin veitt honum umboð til breytinga. „Þjóðin færði mér umboð ... og ég mun uppfylla það af kostgæfni,“ sagði hann, og bætti við að frekari tafir á framkvæmd umbóta „gætu reynzt örlagaríkar“.

Chirac lét af forystu fyrir sjötta stærsta þjóðhagkerfi heims eftir tvö kjörtímabil, sem einkenndust af hálfvelgjulegum umbótum og félagslegri spennu í innflytjendauþverfum borga landsins, fjarri ljóma Elysée-hallar.

Sarkozy aflaði sér ekki aðeins vina á leið sinni í forsetastólinn. Hann er illa þokkaður af mörgum á vinstri væng stjórnmálanna. Andstæðingar hans áformuðu mótmælagöngu síðdegis í gær frá Bastillutorgi í austanverðri París, þar sem mótmæli gegn kosningasigri Sarkozys breyttust í götu-óeirðir sem héldu áfram nokkrar nætur í röð í síðustu viku.

Endurreisn „vinnu og verðleika“

Mál sem kalla á tafarlaugar aðgerðir er yfir átta prósentustiga atvinnuleysi, en yfir því marki hefur atvinnuleysi í landinu haldið óslitið í aldarfjórðung, og að finna leiðir til að samræma betur sjálfsímynd gamallar og stoltrar þjóðar í þeim öru breytingum sem hnattvæddur heimur nútímans hefur í för með sér.

„Aldrei hefur andstaða við breytingar verið eins hættuleg

FIMMTA FRANSKA LÝÐVELDIÐ

Núverandi stjórnmálakerfi Frakklands varð til árið 1958, þegar þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram um nýja stjórnarskrá, sem Charles de Gaulle var aðalhöfundurinn að. Hann var í kjölfarið kjörinn fyrsti forseti fimmta franska lýðveldisins. Nicolas Sarkozy er sjötti forseti fimmta lýðveldisins og 23. forseti Frakklands frá því fyrsta lýðveldið var stofnað árið 1792.

FORSETAR FIMMTA LÝÐVELDISINS

Charles de Gaulle (hægrimaður): 1959-1969
Georges Pompidou (hægrimaður): 1969-1974
Valéry Giscard d'Estaing (miðju-hægrimaður): 1974-1981
François Mitterrand (sósíalisti): 1981-1995
Jacques Chirac (hægrimaður): 1995-2007
Nicolas Sarkozy (hægrimaður): 2007-

KJÖRTÍMABIL FORSETA: er nú fimm ár.

VALD FORSETA: Stjórnkerfi eftirstríðsáranna í Frakklandi, fjórða lýðveldið, einkenndist af pólitískum óstöðugleika, ósamstíga og skammlífum samsteypustjórnun sem gerði ákvarðanatöku á krepputímum og langtíma-stefnumótun erfiða. Ráðin var bót á þessu í fimmta lýðveldinu með því að koma á afgerandi forsetaræði.

Fyrst eftir stofnun fimmta lýðveldisins var forsetinn kjörinn af kjörmannasamkomu líkt og enn er gert í Bandaríkjunum. Árið 1962 var þessu breytt í beint þjóðkjör.

Forsetinn skipar forsætisráðherrann og mótir stjórnarstefnuna. Val forsætisráðherra og annarra ráðherra ríkisstjórnarinnar fer eftir því hvaða flokkur ræður yfir meirihluta á þjóðþinginu hverju sinni. Oft hefur komið fyrir að þannig hafi hægrisinnaður forseti setið uppi með sósíalista sem forsætisráðherra, og öfugt.

Heimild: AP

fyrir Frakkland og í þessum heimi algerra umbreytinga, þar sem hver og ein þjóð er að reyna að halda hraðar í við breytingar en hinar, þar sem tafir geta verið örlagaríkar,“hefurAP-fréttastofan eftir Sarkozy.

Hann hét því að endurreisa gildi „vinnu, verðleika og þess að leggja sig fram“ og að „finna upp nýjar lausnir“.

Sarkozy sagði að öryggi, regla, stjórn og árangur væru forgangstefnumál sín.

Á alþjóðasviðinu yrði barátta fyrir mannréttindum og gegn loftslagsbreytingum efst á forgangslistanum.

Til merkis um hve ákveðinn hann væri í að láta hendur standa fram úr ermum hélt hann strax síðdegis í gær til Berlínar til að ræða málefni Evrópusambandsins við Angelu Merkel, kanzlara Þýskalands, sem nú gegnir formenskunn í sambandinu.

Ný ríkisstjórn

Sarkozy mun einnig hafa snör handtök við að mynda nýja ríkis-

stjórn. Stjórn Dominique de Villepin, náins samherja Chiracs og keppinautar Sarkozys, sagði af sér á þriðjudag, á síðasta heila embættisdegi Chiracs. Fastlega er búist við því að Sarkozy skipi Francois Fillon, náinn samherja sinn, í embætti forsætisráðherra.

Hinn vinsæli Bernard Kouchner, sem var eitt sinn heilbrigðisráðherra fyrir Sósíalistaflokkinn en er annars þekktastur fyrir að hafa verið einn aðalhvatamaðurinn á sínum tíma að stofnun Lækna án landamæra, sem veitt voru friðarverðlaun Nóbels, er einn þeirra sem líklegur þykir til að verða utanríkisráðherra í nýju stjórninni. Í hana hyggst Sarkozy ekki skipa fleiri en 15 ráðherra, sem er helmingi færri en áður. Sarkozy hefur jafnframt heitið því að helmingur ráðherra verði konur.



FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



Kanadískir gæða nuddpottar



Verð frá:
490.000,-

Hvað er það mikilvægasta í lífinu þínu?

-heilsan.....ekki satt!!

-fjölskyldan.....ekki satt!!

Sameinaðu þessa 2 bestu kosti í lífi þínu og veldu Arctic Spas.

Spa Kongen

Lækjargötu 34 • 220 Hafnarfjörður • Sími 554 7755 • www.spakongen.is

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

SÖGUSÝNING Landsbankinn — 120 ára —



— Síðasta sýningarhelgin —

Athugið að Sögusýningunni lýkur á sunnudaginn.
Misstu ekki af tækifærinu til að upplifa þessa einstöku sýningu.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Gestum er boðið upp á sögulegan fróðleik í máli og myndum. Leikmyndir og munir frá mismunandi tímum vitna um ólíkan tíðaranda auk þess sem hljóðsetning, myndbönd, líkön o.fl. setja svip sinn á sýninguna.

Á sýningunni má m.a. sjá skrifstofuherbergi frá árinu 1886, nýtt líkan sem sýnir miðbæinn eftir brunann mikla 1915, tækniþróunina allt frá pennastöng til samskiptatækja nútímans og líkan af framtíðarskipulagi miðborgarinnar.

Í dag, fimmtudag kl. 13:30 og 15:00

Leiksýningin „Brot úr sögu banka“. Leikdagskrá í léttum dúr þar sem rakin er saga banka og þjóðar. Leikendur: Björgvin Franz Gíslason, Jakob Þór Einarsson, Kristjana Skúladóttir. Valdimar Kristjánsson stjórnar lifandi tónlist.

Laugardag kl. 13:30 og 15:00

Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur og Sveinbjörn Guðbjarnarson, sem er fjölkunnugur um sögu bankans, leiðbeina gestum um sýninguna og svara spurningum þeirra.

Sunnudag

Eggert og Sveinbjörn verða á staðnum, leiðbeina gestum og svara spurningum.

Aðalstræti 6 (húsnæði TM). Sími: 410 4300
Opið fimmtudag og föstudag kl. 11:00–17:00
Opið laugardag og sunnudag kl. 13:00–18:00
Enginn aðgangseyrir – Alltaf heitt á könnunni




Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Útgjöldin

> Verð á nærfattasetti á karla í febrúar, miðað við verðlag á öllu landinu



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: HÁVAR SIGURJÓNSSON, UPPLÝSINGAFULLTRÚI UMHVERFISSTOFNUNAR

Hefur keypt og selt minnst þrjátíu bíla

„Ég hef keypt og selt nokkra bíla á lífsleiðinni og held að ég hafi aldrei hagnast á þeim viðskiptum. Það tók mig langan tíma að komast að raun um að það væri „bissness“ sem væri lítið að græða á. Á tímabili átti ég þó nokkra bíla, var svolítið í því að skipta en ég hef róast mikið í því. Þetta gekk bara út á það að skipta, selja gamlan og fá annan í staðinn og borga eitt-hvað á milli og finnast þá næsti bíll vera eitthvað betri eða finni. Stundum langaði mann í jeppa og var eitthvað að gutla við slík bíla-kaup. Ég keypti svo á sínum tíma mjög nýlegan Saab, árs gamlan fyrir tólf til fjórtán árum á sínum tíma, og hann dugði mér vel. Hann naut

slíks trausts að systir mín keypti hann af mér og átti hann enn lengur. Þetta var ágætisbíll þannig að þetta voru ekkert svo slæm kaup. Hitt var meiri ungæðisháttur. Ég taldi það einhvern tímann saman þó að ég hafi ekki gert það í seinni tíð og hætti að telja þegar ég sá að ég hafði átt í lengri eða skemmri tíma þrjátíu bíla eða svo,“ segir Hávar Sigurjónsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, um verstu kaup sín á lífsleiðinni. „Ég veit ekki hvort maður á að segja frá því opinberlega en ég held að bestu kaupin sem ég hafi gert um ævina hafi líka verið þau kaup sem skiptu hvað mestu máli og það hafi verið þegar við hjón-

in keyptum húsið okkar fyrir tíu árum. Ég held að það hafi verið ansi góð kaup. Við keyptum á þeim tíma þegar eftirsurnin var minni en framboðið á fasteignamarkaðnum. Eftir að við keyptum má segja að markaðurinn hafi farið af stað þannig að maður hefur enn sem komið er ekki tapað á því. Við búum uppi í Árbæ og fyrir utan hreina fjárfestingu komumst við að því að Árbæjarhverfið væri besta hverfið í bænum.“



■ Nýjung frá Mjólkursamsölunni

Fitusnauðasta jógúrtin

Nýverið kom á markað LGG+ jógúrt frá Mjólkursamsölunni. Líkt og LGG+ bætir jógúrtin meltinguna og kemur jafnvægi á hana, veitir fjölpættu varnarverkun og stuðlar að vellíðan. LGG+ jógúrt fæst í tveimur bragðtegundum; með jarðarberja-bragði og með bláberjabragði. Hún er jafnframt fitusnauðasta jógúrtin á markaðnum.



Dýrt að hella sér í golfið

Það getur kostað vænan skilding að sinna golfástríðunni, vilji menn hella sér út í íþróttina af fullum krafti. Áhugamanneskur sem aðeins vilja grípa í kylfur yfir sumartímann geta komist miklum mun ódýrar af.

Vilji menn ástunda golfið af mikilli alvöru og gera það að sínu aðaláhugamáli er ljóst að til þess þarf helst aðild að golfklúbbi, sem veitir oft aðgang að átján holu völlum, en einnig níu holu völlum, og golfsett, auk annars æskilegs búnaðar.

Nokkur bið getur verið eftir því að fá inngöngu í golfklúbb. Hjá Golfklúbbi Reykjavíkur (GR) getur biðin numið tveimur til þremur árum, en hjá Golfklúbbum Keili í Hafnarfirði er biðin nokkuð styttri, en samt nokkrir mánuðir. Þegar menn fá loks inngöngu í klúbb þarf að greiða inntökugjald, sem aðeins er greitt einu sinni, og árleg félagsgjöld.

Í GR er árlegt félagsgjald 64 þúsund krónur fyrir karlmenn á aldrinum 21 til 66 ára, 54 þúsund fyrir konur á sama aldri, 32 þúsund fyrir eldri borgara og unglínga, og 22 þúsund fyrir börn. Inntökugjaldið er helmingur af félagsgjaldi.

Félagsgjald í Golfklúbbum Keili er 63 þúsund krónur fyrir karlmenn 21 árs og eldri, 53 þúsund fyrir konur á sama aldri, um fjórutíu þúsund fyrir unglínga og eldri borgara og 31.500 fyrir börn og unglínga yngri en sautján ára. Inntökugjaldið er 31.500 krónur, en ekkert fyrir sautján ára og yngri.

Nokkurra tíma golfkennsla er innifalin í inntökugjaldinu hjá Keili og stendur það sama til hjá GR.

Þegar klúbbaðildin er komin þarf golfsett. Ódýrasta byrjanda-settið hjá golfversluninni Nevada



ÞÚTTAÐ Til að ná almennilegum árangri í golfinu þarf fyrst og fremst æfingu, en einhverjir myndu halda því fram að góður búnaður skipti ekki síður miklu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ / AP

MÖGULEGUR KOSTNAÐUR FYRIR FULLORÐINN KARLMANN:

DÝRARI GOLFPÁKKI:
Eins árs golfklúbbsaðild og inntökugjald: Um 95.000 krónur.
Golfsett: 50.000 krónur.
Kerra undir settið: 5.000 krónur.
Golfskór: Um 10.000 krónur.
Samtals: 155.000 krónur.

ÓDÝRARI GOLFPÁKKI:
Óheftur sumaraðgangur að níu holu velli: 13.000 krónur.
Golfsett: 25.000 krónur.
Samtals: 38.000 krónur.

Bob kostar 25 þúsund krónur, en þó er líklegt að þeir sem vilja taka áhugamálið alvarlega vilji tvöfalt dýrara sett frá Ram Concept, og kerra undir það. Þá eru golfskór æskilegir, og kosta þeir í kringum tíu þúsund.

Þeir sem hafa ekki sama brennandi áhugann, en gætu hugsað sér golf sem dægurvöl á sumrin, geta mætt á völinn og greitt nokkur

þúsund króna vallargjald í hvert sinn. Þá býðst hjá GR að kaupa á þrettán þúsund krónur sumarkort sem veitir ótakmarkaðan aðgang að níu holu golfvelli, og þarf þá hvorki klúbbaðild né að greiða vallargjald. Hjá Keili er í boði að kaupa aðild að klúbbum á lægra verði fyrir fullorðna gegn því að hafa aðeins aðgang að níu holu velli.

stigur@frettabladid.is



STILLUM HITANN HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is



IB-NÁM Í MENNTASKÓLANUM VIÐ HAMRAHLÍÐ INTERNATIONAL BACCALAUREATE DIPLOMA PROGRAMME

Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur – jafnt íslenska sem erlenda

MH er aðili að International Baccalaureate samtökunum (IBO) og býður upp á tveggja ára námsbraut sem býr nemendur undir háskólanám. Náminu lýkur með alþjóðlegu stúdentsprófi sem virtir háskólar um allan heim viðurkenna. MH býður einnig eins árs undirbúningsnám áður en IB-námið hefst. Auk hins bóklega náms er lögð áhersla á að þroska nemendur og efla félagsanda þeirra á ýmsan hátt.

Hamrahlíð College (MH) is a member school of the International Baccalaureate Organization (IBO). This gives the College the right to offer the IB Diploma Programme, a comprehensive pre-university curriculum. Taught in English, the two-year course ends with standardised exams recognised by universities world-wide. The school also offers a preliminary year for younger students. In addition to the academic subjects, students are encouraged to develop a strong sense of their own identity as well as an understanding of others.

Formlegur umsóknarfrestur er til og með 11. júní.



Upplýsingar veitir

Aldís Guðmundsdóttir, IB-stallari í síma 595 5233 • aldisg@mh.is og ibstallari@mh.is • <http://www.mh.is/>

Ofnæmistímabilið nær hámarki í júlí og ágúst:

Grasafríjókornaofnæmi algengast

„Rétt greining á ofnæmi er lykilatriði þegar fólk finnur fyrir fyrstu einkennum þess,“ segir Björn Árdal, barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmi og klínískri ónæmisfræði. Hann bendir á að grasafríjókornaofnæmið sé algengasta frjókornaofnæmið á Íslandi.

„Frjókornaofnæmið kemur yfirleitt upp í maí og júní og nær hámarki sínu um mánaðamótin júlí og ágúst en það fer líka eftir frjókornafjölda í lofti,“ segir Björn og minnir á að því fyrr sem fólk fer í greiningu til ofnæmislæknis, því betra en oft kemur ýmislegt óvænt í ljós þegar fólk fær nánari greiningu.

„Í ljós getur komið ofnæmi fyrir einhverju dýri frekar en frjókorni eða kannski öðrum frjókornum en áður var haldið. Túnfíflaofnæmi getur til dæmis verið mjög svæsið en um leið og fólk veit hvað veldur ofnæminu er auðveldara að forðast það.“

Björn segir að einkenni ofnæmis og kvæfpestar hjá börnum séu svipuð en ofnæmi fylgir þó enginn hiti, það stendur lengur yfir og augneinkenni eru afgerandi.

- lbb



TILFELLI FRJÓKORNSOFNÆMA KOMA UPP Í MAÍ OG JÚNÍ
Túnfíflaofnæmi getur verið mjög svæsið, að sögn barnalæknis og sérfræðings í ofnæmi.

GÓÐ HÚSRÁÐ

LUMAR Á LEYNIVOPNI Í BARÁTTU VIÐ KETTI

■ *Guðríður Haraldsdóttir blaðamaður kann gott húsráð þegar kemur að óvelkomnum köttum í blómabeðum og sandkössum.*

Þrátt fyrir að vera mikill dýravinur veit ég alveg að kettir sem vaða uppi í görðum og sandkössum og gera þarfir sínar um allt geta verið pirrandi. Til að fæla kettina frá hef ég sett appelsínubörk í sandkassa og blómabeð en það virkar mjög vel. Ég held að foreldrum þyki betra að börnin japlí óvart á berkinum en hinu. Ég hef líka heyrt að ál-pappír dugi vel sem kattafælir en hann er auðvitað ekki eins umhverfisvænn og börkurinn.



■ Fargjöld Iceland Express

Í athugun hvort gjaldtaka hafi verið brot

Um leið og Iceland Express var gefinn vikufrestur til að verða við tilmælum, sem félagið hefur fallist á, tilkynnti talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, að tekið yrði til athugunar hvort taka svonefndra gjalda hefði falið í sér brot gegn hagsmunum og réttindum neytenda. Tilmælunum var beint til Icelandair og Iceland Express. Í tilmælunum segir meðal annars:

„Sé tilgreint að hluti heildarverðs sé vegna „gjalda“ séu eftirgreind skilyrði uppfyllt:

1. Vegna afmarkaðrar og valkvæðrar aukapjónustu við flugfarþega eða
2. Vegna gjalda sem skylt er á hverjum tíma að greiða í hlutfalli við fjölda farþega.“

Ryanair hefur ákveðið að hætta að auglýsa verð á flugferðum án þess að skattur væri innifalinn. Ákvörðun var tekin í kjölfar þess að Evrópusambandið gerði athugasemd við blekkjandi aðferðir við markaðssetningu.





■ Verðlagseftirlit ASÍ

Verðbreytingar á Vesturlandi

Verðlagseftirlit ASÍ hefur á undanförnum mánuðum fylgst með því hvernig lækkanir á virðisaukaskatti og vörugjöldum hinn 1. mars síðastliðinn hafa skilað sér út í verðlag til neytenda í verslunum um allt land.

Verðbreytingar í verslunum á Vesturlandi voru á bilinu 0,6 prósentlaækkun til 4,9 prósentlaækkunar milli mælinga í desember og febrúar. Verð lækkaði um 3,6 til 11 prósent milli mælinga í febrúar og mars en í flestum verslunum lækkaði verð um 6 til 7 prósent á því tímabili. Verðlagseftirlitið telur að í ljósi þessara niðurstaða hafi verslanir staðið sig misvel í að skila lækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum en líkt og fyrri niðurstöður verðlagseftirlitsins hafa sýnt skila flestir viðunandi lækkun til neytenda.



Kaupás innkallar barnamat frá Organic Baby vegna glerbrots sem fannst:

Fyrirbyggja slys á börnum

Glerbrot fannst í barnamat frá Organic Baby sem seldur var í Krónunni og verslunum Nóatúns í síðasta mánuði, eins og Fréttablaðið greindi frá. Barnið sem verið var að mata þegar glerbrotið fannst sakaði ekki. Búið er að innkalla vöruna.

Kaupás, sem flytur matinn inn, hefur nú ákveðið að innkalla vöruna Plums, Bananas & Oats sem merkt er best fyrir 02-2009, lotunúmer 0396X2413, og seld var í verslunum Nóatúns og Krónunnar. Óskað er eftir því að viðskiptavinir sem kunna að eiga viðkomandi vöru skili henni til Kaupáss hf. Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík

eða láti fyrirtækið vita í síma 458-1000, þannig að hægt sé að nálgast vöruna hjá viðkomandi.

Þórður Bachmann, framkvæmdastjóri Kaupáss, segir vöruna hafa verið tekna úr hillum samstundis eftir að verslunin fékk vitneskju um glerbrotið en nú sé verið að fyrirbyggja að krukkur sem innihalda sama barnamat sé að finna í heimahúsum. Þórður segir að ekki sé búið að taka ákvörðun um hvort viðskiptum við fyrirtækið Organic Baby verði haldið áfram.

- kdk

BARNAMATUR Glerbrot fannst í krukku með barnamat af þessari tegund.



■ Hleðslubox

Notaðu tímann

Fyrirtækið Hleðslu-box ehf. hefur sett upp hleðslusjálfsala víðs vegar um borgina. Hleðsluboxin eru á stöðum þar sem fólk er mikið á ferðinni og þar er hægt að hlaða tæki eins og GSM-síma og iPod. Tækin eru skilin eftir í læstum öryggishólfum og viðskiptavinurinn sinnir erindum sínum meðan tækin hlaðast.

Nú þegar hafa verið sett upp hleðslubox á öllum sundstöðum á höfuðborgarsvæðinu en einnig á kaffihúsum, í verslanamiðstöðvum og víðar. Staðirnir eru orðnir tæplega fjörutíu talsins og þeim fer fjölgandi.



ÖRUGG FJÁRFESTING Á ÍSLENSKA HLUTABRÉFAMARKAÐNUM



Sölutímabil
10.- 24. maí

ICEin

Höfuðstólstryggðir hlutabréfareikningar

Höfum opnað fyrir sölu á tveimur nýjum reikningum **ICEin 0508** og **ICEin 0509**, höfuðstólstryggðum hlutabréfareikningum, sem fylgja gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins, OMXI15 vísitölunni (áður ICEX-15). Með því að leggja inn á reikningana sem eru opnir frá 10.- 24. maí getur þú tekið þátt í að fjárfesta á íslenska hlutabréfamarkaðnum án fyrirhafnar og með takmarkaðri áhættu. Þú tapar aldrei höfuðstólnum sem þú leggur inn.

ICEin 0508

- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Innlánið er bundið í **eitt** ár
- Ávöxtun allt að **20%**
- Höfuðstóll er **tryggður**
- Upphafsgengi ákvarðast í lok dags **24. maí**

ICEin 0509

- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Innlánið er bundið í **tvö** ár
- Ávöxtun allt að **32%**
- Höfuðstóll er **tryggður**
- Upphafsgengi ákvarðast í lok dags **24. maí**
- **Ávöxtun læsist** inni á 3 mánaða fresti, hámark 4% á hverju tímabili

Kynntu þér málið á kaupthing.is, í þjónustuveri bankans í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi.



KAUPTHING

Hugsum lengra

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 7.981 -0,57%		Fjöldi viðskipta: 529 Velta: 6.050 milljónir	
MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
 ATLANTIC PETROL.	1,47%	 HAMPIÐJAN	2,86%
ACTAVIS	0,46%	ATORKA	2,10%
FLAGA	0,45%	EIMSKIPAFÉLAGIÐ	1,77%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,58 +0,00% ... Actavis 87,00 +0,46% ... Alfesca 4,88 +0,00% ... Atlantic Petroleum 830,00 +1,47% ... Atorka 7,93 -2,10% ... Bakkavör 69,90 -0,29% ... Eimskipafélagið 38,80 -1,77% ... FL Group 28,70 -0,69% ... Glitnir 27,00 -0,37% ... Kaupþing 1.088 -1,00% ... Landsbankinn 36,40 -0,55% ... Marel 82,20 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,50 +0,00% ... Össur 111,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á vísir.is](#)

Peningaskápurinn...

Komumst ekki hjá því að taka upp evru
Íslendingar komast ekki hjá því að taka upp evru, segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við Viðskipta- og hagfræðideild Íslands, í löngu og ítarlegu viðtali í nýjasta tölublaði Samiðnar. „Myntsæðið er heldur að stækka og fyrir tilviljun eða gráglettni örlaganna sitjum við uppi með tiltölulega stóran bankageira.“ Þá staðreynd segir hann gera myntina að meira máli en hún hefði verið ef Ísland hefði bara verið í framleiðslustarfsemi. „Fyrir þá sem selja skuldabréf og þurfa að flytja á milli myntforma getur lítil breyting á umreikningsgenginu skipt verulegu máli. Það að við erum með þessar hlutfallslega stóru fjármálastofnanir flýtir fyrir ferlinu.“



Breyta framsetningu, ekki vöxtum
Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri kynnti í gær, samhliða því að ákvörðun um óbreytta stýrivexti var kynnt, endurskoðaðar reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabankann, sem stefnt er að taki gildi um mánaðamótin. Annars vegar er um að ræða orðalagsbreytingar þar sem afgreiðslur eru kallaðar sínum réttu nöfnum og innleiðing ákvæða um varnir gegn peningapvætti og hryðjuverkum. Hins vegar er breytt framsetning á vöxtum til samræmis við það sem gerist í útlenskum seðlabönkum. Verður eftirleidis miðað við nafnvexti í stað ársávöxtunar. 14,25 prósentu ávöxtun stýrivaxta samsvarar þannig 13,31 prósentu nafnvöxtum. Vaxtaáðhaldið er samt óbreytt.

MARKAÐSPUNKTAR...

Nýherji hf. undirritaði í gær samning um kaup á fyrirtækinu Dansupport A/S í Óðinsvéum í Danmörku. Dansupport er þjónustufyrirtæki sérhæft í uppsetningu á tölvu-, samskipta- og símakerfum fyrir meðalstór fyrirtæki. Kaupverð er um 190 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða ársreiknings A- og B-hluta sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2006 sýnir halla upp á 320 milljónir króna samanborið við 48 milljóna króna halla samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun.

Greining Glitnis hefur hækkað verðmatsgengi á Marel úr 75 krónum á hlut í 79,3 krónur á hlut. Helstu ástæður fyrir hærra verðmats- og markgengi eru fólgnar í því að fyrir liggur að samþættingarkostnaður á yfirstandandi ári verður lægri en áður var talið.

Cardinal Health að yfirtaka Viasys

Eitt stærsta heilsutæknifyrirtæki heims, Cardinal Health, hefur gert yfirtökuutilboð í Viasys Healthcare. Félagið er tilbúið að greiða 1,5 milljarða Bandaríkjadala að meðtöldum skuldum félagsins. Það gerir 42,75 Bandaríkjadali á hvern hlut sem er 35 prósentum yfir gengi félagsins á markaði daginn áður en yfirtökuutilboðið barst.

Hjá Cardinal Health starfa meira en 40 þúsund manns um allan heim. Hjá Viasys Healthcare starfa 2.400 manns. Árið 2004 keypti Viasys rekstur íslenska fyrirtækisins Taugagrein-

ingar hf. sem rekur tólf manna þróunarsetur hér á landi.

Per Christian Christensen, framkvæmdastjóri Viasys Healthcare á Íslandi, segir ekki ljóst hver, ef einhver, áhrifin verða á Taugagreiningu. Hann á þó ekki von á stórvægilægum breytingum. „Við höfum áður verið tekin yfir og allt fór vel þá. Ég á ekki von á því að þetta muni hafa mikil áhrif á okkur. Ég held að Ísland verði ekki fyrsti staðurinn þar sem verður skorið niður.“

Búið er við að kaupin gangi í gegn á næstu átta vikum. - hhs



KERRY CLARK FORSTJÓRI CARDINAL HEALTH

Verðbólguhorfur ámóta og í mars

Verðbólguhjóðnun hefur gengið heldur hægar en Seðlabankinn gerði ráð fyrir, en þó ekki svo að hafi enn áhrif á ákvarðanir bankans um stýrivexti. Davíð Oddsson seðlabankastjóri kynnti í gær ákvörðun bankans um að hafa stýrivexti óbreytta í 14,25 prósentum. Að óbreyttu segir hann að vaxtalækkunarferli bankans gæti hafist í lok þessa árs.

Stýrivextir hafa verið óbreyttir frá því 21. desember síðastliðinn. Í efnahagsriti bankans, Peningamálum, sem út kom í lok mars sagði bankinn að trúlega væru vextir orðnir það háir að ekki þyrfti að hækka þá frekar til að ná 2,5 prósentu verðbólgu markmiði innan settra tímamarka. Davíð bendir engu að síður á að undirliggjandi verðbólga sé enn langt yfir markmiði bankans og kveður hann munu bregðast við versni horfur. „En sá fyrirvari



VAXTAÁKVÖRÐUN KYNNNT Arnór Sighvatsson aðalhafnir og Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason seðlabankastjórnar, auk Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar.

gengur í báðar áttir,“ bætir hann við og útlókar því ekki að lækkunarferli stýrivaxta gæti orðið fyrr á ferðinni verði þróunin hagfelld. Davíð segir óvissu um þróunina þó fremur til aukningar en hjóð-

unar verðbólgu. „Nýleg verðþróun, áframhaldandi spennan á vinnumarkaði, mikill viðskiptahalli og sterk eftirspurn undirstríkar þessa hættu,“ segir hann.

- óká



Ríkur Rússi kaupir

Rússneski milljarðamæringurinn Oleg Deripaska hefur keypt ráðandi hlut í kanadíska stórfyrirtækinu Magna International, sem framleiðir íhluti í bíla. Kaupverð nemur 1,54 milljörðum Bandaríkjadala, tæpum 100 milljörðum króna.

Magna International er eitt fyrirtækjanna sem höfðu augastað á Chrysler-hluta DaimlerChrysler sem seldur var Cerberus um helgina. Þetta segja kanadískir fjölmiðlar eins gott því Magna hafi litla reynslu af bílaframleiðslu og geti einbeitt sér að framleiðslu sinni. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins til marga ára er DaimlerChrysler. Oleg er einn af ríkustu mönnum Rússlands. Á meðal eigna hans er álfyrirtækið Rusal og tæpur tíu



OLEG DERIPASKA Kanadískir fjölmiðlar eru ánægðir með aðkomu eins af ríkustu mönnum Rússlands í hluthafahóp Magna International. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

prósenta hlutur í bandaríska bílaframleiðandanum General Motors. Sömuleiðis á Deripaska rússneska bílaframleiðandann Gaz, annan stærsta bílaframleiðanda Rússlands sem þekktastur er fyrir að framleiða bíla undir merkinu Volga. - jaf

Föllum um þrjú sæti

Ísland fellur úr fjórða sæti í það sjöunda í samanburði IMD-viðskiptaháskólans í Sviss á samkeppnishæfni þjóða. Viðskiptaráð Íslands og Glitnir kynntu niðurstöður könnunarinnar í gær.

Í könnuninni er metin samkeppnishæfni 55 landa út frá yfir 300 hagvísum og svörum frá áhrifamönnum í viðskiptalífi.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista og formaður Viðskiptaráðs, fór yfir mikilvægi úttektar IMD



KYNNNA NIÐURSTÖÐUR Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, Erlendur Hjaltason formaður og Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fyrir íslenskt viðskiptalíf. Hann segir úttektina nýtast við að meta stöðuna og hvort og hvernig skuli brugðist við.

Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs sem kynnti niðurstöður könnunarinnar, segir sætafall landsins í raun mega kalla „fórarkostnað velgenginnar“ því viðskiptahalli, verðbólga og hagstærðir sem komnar séu úr jafnvægi sökum þenslu hafi áhrif á samkeppnishæfnina, þótt landið standi mjög vel á mörgum sviðum.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, segir fall landsins vissulega vonbrigði. Stærsti vandinn er sagður felast í skorti á samstilltum aðgerðum hins opinbera sem stutt gætu peningamálastefnu Seðlabankans, en hann hafi einn verið látinn bera ábyrgð á því að slá á þenslu. Þá segir Ingólfur ljóst að krónan vegi einnig þungt sem samkeppnishindrun, enda fæli hún fjárfestingu frá landinu. - óká

Kynningarfundur um meistaranám

Háskólinn á Bifröst kynnir meistaranám sem í boði er á næsta skólaári



Föstudaginn 18. maí kl. 12.30 – 15.00 á Hótel Reykjavík Centrum, Aðalstræti 16, Fógetastofu

Kynntar verða eftirfarandi meistaralínur:

Viðskiptadeild
Meistaranám í International Banking and Finance
Meistaranám í International Business

Lagadeild
Meistaranám í skattarétti

Félagsvísindadeild
Meistaranám í menningarstjórnun
Meistaranám í Evrópufræðum

Við viljum hvetja þig til þess að líta við hjá okkur. Deildarforsetar og aðrir starfsmenn meistaranámsins munu svara spurningum þínum og fræða þig um námið og þá möguleika sem það veitir.

Umsóknafrestur í meistaranám er til 1. júní 2007

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

Útblástur verður innblástur

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!

Tuttugu konur á Alþingi Íslendinga:

Innan við þriðj- ungur þingmanna

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hlutur kvenna á komandi þingi kemur ekki á óvart. Smám saman varð ljóst þegar listar fóru að birtast að hlutur kvenna yrði síst betri á komandi þingi en á því sem liðið er. Þótt flestir listar væru skipaðir körlum og konum til jafns var augljóst að karlar vermdu yfirleitt efstu sætin og konur þau neðri. Og nú er afraksturinn kominn í ljós, Alþingi skipað 20 konum á móti 43 körlum, eða 32 prósentum á móti 68. Kynjahlutfallið á þingi fær sem sagt falleinkunn.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins er eingöngu skipaður körlum. Aðeins einn flokkur, Vinstrihreyfingin – grænt framboð, er með kynjahlutfallið eins jafnt og mögulegt er og í þingflokkum Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er hlutfall kvenna nálægt þriðjungi.

Rétt er þó að geta þess að jafnmargar konur og karlar leiddu lista framsóknarmanna fyrir kosningarnar á laugardaginn. Sömu leiðis var sómi að hlut kvenna í hópi framsóknarráðherra fráfarandi ríkisstjórnar. Slægleg útkoma flokksins gerir hins vegar að verkum að uppskeran er ekki betri en raun ber vitni.

Staða kvenna á þingi er til skammar í ljósi þess að komið er fram á 21. öldina.

Ef kjördæmin eru skoðuð kemur í ljós að þingmenn Norðvesturkjördæmis eru allir karlar, litlu betur stendur Suðurkjördæmi en þaðan kemur ein kona á móti níu körlum. Í Reykjavík norður er hlutur kvenna líðlega þriðjungur en hin kjördæmin þrjú eru með kynjahlutfall innan viðunandi marka, hlutur kvenna er þar fjöru- tíu til fimmtíu prósent.

Hlutur kvenna er hins vegar með ágætum í sætum fyrstu varaþingmanna þannig að konum fjölga líklega eitthvað á kjörtímabilinu sem í hönd fer, eins og gerðist á því síðasta, en þá jókst hlutur kvenna úr þrjátíu prósentum eftir kosningarnar 2003 í 36,5 prósent nú fyrir kosningarnar. Hlutur kvenna í baráttusætum listanna sýnir svo ekki verður um villst að konur eru viljugar til að taka þátt í pólitísku starfi, tilbúnar að taka ábyrgð og berjast. Það er ekki þar sem hnífurinn stendur í kúnni.

Enn er óljóst um stjórnarsamstarf en ástæða er til að hvetja þá flokka sem til samstarfs munu ganga til þess að hafa hlutfall kynja í hópi ráðherra jafnara en í hópi þingmanna. Þarna er tækifæri til að bæta um betur.

Staða kvenna á þingi er til skammar í ljósi þess að komið er fram á 21. öldina. Hlutur kvenna á Alþingi er líka í algeru ósamræmi við þann hug sem virðist vera í konum að sækja fram á sem flestum sviðum.

Flokkarnir verða að nota næstu þrjú ár til gagngerrar endurskoðunar á því hvernig staðið er að skipun á lista sem bornir eru fram til alþingiskosninga. Fléttulistakerfi Vinstri grænna sannar gildi sitt í þingsölum á komandi þingi. Aðrir kunna að vilja fara aðrar leiðir en ljóst er að verkefnið er stórt og það verður að leysa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu

fengið Fréttablaðið. En til vonar

og vara skaltu klippa þetta símanúmer

út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Blaðamaður og ritstjóri

Það getur verið vissara að fletta sjálfum sér öðru hverju upp í síma-skránni til að gæta þess að allt sé með felldu. Einhverjum blaðamönnum brá í brún í gær við að lesa um uppgötvun sem Guðmundur Magnússon, skráður blaðamaður í síma-skránni, skrifaði um á blogginu sínu:

„Ef marka má Símaskrána á netinu hefur fjölgað allverulega í stétt ritstjóra í landinu. Lausleg athugun bendir til þess að símaskráin hafi nýskeð

gert 74 óbreytta blaðamenn að ritstjórum[...]

Vandinn er sá að útgefendur kannast ekki við þetta og hafa ekki viljað greiða laun í samræmi við ákvörðun Símaskrárinnar. Og nú stefnir allt í að bilun í tölvukerfi verði kennt um þetta.“

Við eftirgrennslan eins blaðamanns og ritstjóra var greint frá því að um mistök í tölvukerfi væri að ræða, eins og Guðmundur spáði, og að þeim yrði snarlega kippt í lag í dag.



Í góðu að vera á hnjónum

Arna Schram blaðamaður blogg-ar um hvernig stjórnmálaflokkar hafa verið að munnhöggvast í kjölfar kosninganna. „Það er líka sérstakt að fylgjast með því hvernig flokksmenn stjórnarandstöðunnar og Framsóknar eru farnir að saka hver annan um að vera á „hnjónum“ fyrir framan Sjálfstæðisflokkinn til að komast með honum í ríkisstjórn.

Samfylkingin sakar VG um að vera á hnjónum, VG sakar Samfylkingu um að vera á hnjónum og Framsókn sakar þá báða, Samfylkingu og VG, um að vera á hnjónum.

En auðvitað mætti spyrja: Hvað er að því að vilja komast í ríkisstjórn?”

sdg@frettabladid.is

Tvö þingsæti í forgjöf

Lýðræði er meðal snjöllustu Luppátækja mannsins ásamt blönduðum markaðsbúskap, eldinum, hjólinu og hjónabandinu. Höfuðkostur lýðræðisins er ekki sá, að þannig fái kjósendur ævinlega beztu stjórnina, sem völ er á, því að það gerist ekki alltaf í kjölfar kosninga. Nema hvað: sitt sýnist hverjum um það, hvers konar stjórn hentar best á hverjum tíma. Nei, höfuðkostur lýðræðisins er sá, að allir þurfa að una niðurstöðunni, hver sem hún er. Leikreglan skiptir sköpum, ekki úrslitin. Við lítum nú orðið á lýðræði og frið sem sjálfsagðan hlut. Ég segi nú orðið, því að önnur amma mín var um fer-tugt, þegar hún fékk kosningar-rétt, hin var komin undir þrí-tugt. Lýðræði er í sókn um allan heim. Harðstjórnar þurfa nú hver af öðrum að víkja fyrir lýðræðis-lega kjörnum ríkisstjórnun.

Sjálfstæð ríki heimsins eru nú 193, þar af 90 lýðræðisríki og 45 einræðisríki. Afganginn (58 lönd) getum við kallað fáræðisríki, þar tíðkast hvorki óskorað lýðræði né harðsvírað einræði. Tæpur helmingur mannkyns (46 prósent) býr nú við lýðræði á móti rösk- um þriðjungi (37 prósent) í einræðisríkjum, þar af helmingurinn í Kína. Þetta eru umskipti frá nýliðinni tíð: 1985 var hægt að skipta ríkjum heimsins í þrjá jafnstóra hópa: lýðræði, fáræði, einræði, og 1972 voru einræðisríkin helmingi fleiri en lýðræðisríkin.

En hversu mjög sem við lofsyngjum lýðræðið, megum við ekki horfa fram hjá því, að framkvæmd og fullnusta lýðræðisins skipta einnig miklu máli. Margir Bandaríkjamenn líta svo á, að Bush forseti hafi náð embætti sínu með svikum bæði í fyrra skiptið, þegar talningu vafaatkvæða í Flórída var hætt með dómsúrskurði og Hæstiréttur Bandaríkjanna dæmdi Bush sigur með fimm atkvæðum



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Vitlaust gefið

Ranglætið sprettur af því, að ráðandi öfl á Alþingi hafa undir forustu núverandi stjórnarflokka sniðið kjördæmaskipanina að eigin þörfum þrátt fyrir augljósan hagsmunaaðrekstur.

gegn fjórum, og í síðara skiptið, þegar grunur vaknaði um misferli við framkvæmd forseta-kjörsins í Ohio. Slík vandræði hafa aldrei komið upp á Íslandi. Hér hefur lýðræðið haltrað af annarri ástæðu: kjördæmaskip-anin hefur verið ranglát frá önd-verðu. Ranglætið sprettur af því, að ráðandi öfl á Alþingi hafa undir forustu núverandi stjórnarflokka sniðið kjördæmaskipanina að eigin þörfum þrátt fyrir augljósan hagsmunaaðrekstur. Eðlilegra hefði verið að fela óháð- um aðila að smíða kosningalögin, til dæmis Hæstarétti eða Landsdómi. Sjálfstökusamfélagið leyfir það ekki.

Ranglætið í kjördæmaskip- inni er tvíþætt. Dreifðar byggðir hafa enn sem endranær tiltölu- lega fleiri fulltrúa á Alþingi en höfuðborgarsvæðið. Þessi slag- síða hefur fært einkum Framsóknarflokknum áhrif á lands- stjórnina langt umfram kjör- fylgi eins og allir vita. Hitt vita færri, að við þessa þjögun bæt- ist reglan, sem Alþingi hefur leitt í lög til að úthluta þingsæt- um eftir atkvæðamagni. Hér

eru einkum tveir kostir í boði. Annar kosturinn er að veita stór- um flokkum forgang að úthlut- un kjördæmasæta og reyna síðan að jafna metin með því að úthluta minni flokkum jöfnunarsæti. Hinn kosturinn er að veita litlum flokkum forgang að kjördæma- sætum, eins og gert er til dæmis í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og úthluta síðan stórum flokkum jöfnunarsæti. Okkar kosningalög miðast við fyrri kostinn að vilja stóru flokkanna, sem hafa ráðið lögum og lofum á Alþingi í áttatíu ár. Þess vegna fékk Sjálfstæðis- flokkurinn tvö þingsæti í forgjöf í kosningunum um daginn: hann fékk 39,7 prósent þingsæta (25 sæti af 63) út á 36,6 prósent kjör- fylgi. Hinn stóri flokkurinn, Sam- fylkingin, hreppti 28,6 prósent þingsæta (18 af 63) út á 26,8 pró- sent kjörfylgi. Minni flokkar sitja eftir með sárt ennið, auk þess sem nærfellt sex þúsund atkvæði Íslandshreyfingarinnar dattu niður dauð. Þannig eru reglur- ar, segja málsvavar stjórnar- flokkanna, eins og það komi mál- inu ekki við, að þeir smíðuðu þær sjálfir.

Eftir norrænu reglunni hefðu stjórnarflokkarnir nú samt unnið 32 þingsæti gegn 31 sæti stjórn- arandstöðunnar, þótt andstöðu- flokkarnir þrír á þingi fengju fleiri atkvæði en stjórnarflokk- arnir (munurinn var 13 atkvæði). Norræna reglan, sem hefði flutt tvö sæti frá stjórn til stjórnar- andstöðu 2003, hefði að þessu sinni ekki dugað til að tryggja andstöðunni þingmeirihluta út á meiri hluta atkvæða. Án ákvæðis- ins um fimm prósentu lágmarks- fylgi á landsvísu hefði stjórnin fallið óháð reiknireglu. Andstöðu- flokkarnir hefðu þá eftir nor- rænu reglunni hlotið 33 þingsæti gegn 30 sætum stjórnarflokk- anna. Þingstyrkur stjórnarflokk- anna (47,6 prósent) hefði þá verið í betra samræmi við kjörfylgi þeirra (48,3 prósent).

Stjórnarsamstarf er ekki til framdráttar Framsóknarflokki

UMRÆÐAN

Stjórnmál

Þó að ég geti tekið undir þá skoðun að stjórnarsamstarf Framsóknar- flokks og Sjálfstæðisflokks hafi lengst af blessast bærilega, er ekki þar með sagt að það sé á vetur setjandi eins og nú er komið kjósendafylgi Framsóknar- flokksins. Þvert á móti. Endurnýjun sam- starfsins er Framsóknarflokknum ekki til



INGVAR GÍSLASON

Þótt vitaskuld snúist stjórnmál um völd og valdastóla, er einber valdapólitík ekki til fyrirmyndar.

framdráttar. Slík endurnýjun er aðeins greiði við Sjálfstæðisflokkinn.

Kjósendur sendu forustumönnum Framsóknar-

flokksins ótvíræð skilaboð um að nóg væri komið af setu þeirra í núverandi ríkisstjórn. Raunar felst það einnig í þessum skilaboðum (sbr. úrslitin í Reykjavík) að flokknum sé ekki sætt í neinni ríkisstjórn á nýbyrjuðu kjör- tímabili. Þótt vitaskuld snúist stjórnmál um völd og valdastóla, er einber valda- pólitík ekki til fyrirmyndar.

Forusta Framsóknarflokksins á að- eins um eitt að velja: Að styrkja grund- völl og innviði flokksins, leita uppi hina týndu sauði þess markhóps, sem hingað

til hefur verið stoð flokksins í bæ og byggð en er nú tvístraður.

Framsóknarmenn og aðrir ættu að minnast þess að Framsóknarflokkurinn átti góðu gengi að fagna í Reykjavík þar til allra síðustu ár. Eitthvað hefur farið úrskeiðis.

Höfundur er fyrrverandi menntamálaráðherra.

Stöldrum við – hugsum um alvöru málsins

UMRÆÐAN

Útstrikanir

Pólitísk auglýsing Jóhannesar Jónssonar kaupmanns gegn mér birtist í öllum dagblöðum föstudaginn 11. maí í því skyni að hafa áhrif á kjósendur í Reykjavík suður í kosningunum daginn eftir. Meira en 80% kjósenda flokksins höfðu áskorun Jóhannesar að engu.

Í fréttatíma sjónvarpsins að kvöldi 15. maí var látið að því liggja, að óvenjulegt framtak Jóhannesar mætti rekja til þess, hvernig staðið var að því að auglýsa embætti ríkissaksóknara. Þetta er alrangt. Jóhannes birti auglýsingu sína til að ófrægja embættismenn, sem hafa komið að ákærum í Baugsmálinu svonefnda, auk mín, sem á engan hlut að ákærunum.

Baugsmálið var hafið, áður en ég varð dómsmálaráðherra. Til minna kasta kom haustið 2005, þegar ég setti Sigurð T. Magnússon, hér- aðsdómara, sérstakan saksóknara í málinu. Fyrir nokkrum mánuðum setti ég síðan Rúnar Guðjónsson, sýslumann í Reykjavík, ríkis-

lögreglustjóra í skattsvika- máli tengdu Baugs- mönnum, en það er til rannsókna- r hjá efnahagsbrotadeild.

Þegar ég setti Sigurð T. Magnússon töldu Baugs- menn mig vanhæfan og létu árangurslaust á þá skoðun sína reyna fyrir dómstólum.

Í auglýsingunni gaf Jóhannes Jónsson meðal ann- ars til kynna, að aðstoðarlög- reglur í Reykjavík hefði eitthvað „á mig“ og þess vegna myndi ég skipa hann ríkissaksóknara. Þessi kenning varpar ljósi á einkenni- legan hugarheim auglýsanda og síðan meginboðskapinn: Vegna auðs míns og verslunarumsvifa skal ég hafa mitt fram!

Í ljósi siendurtekinna yfirlýsinga Jóhannesar um pólitískt samsæri sjálfstæðismanna gegn sér og fjöl- skyldu sinni kemur í sjálfa sér ekki á óvart, að hann beiti auði sínum og viðskiptaáhrifum gegn stjórn- mála- mönnum, sem hann telur standa í vegi fyrir því, að hann geti farið öllu sínu fram. Ekkert réttarríki býr auðmönnum hins vegar eftir- litslausar aðstæður.

Það þjónar almannahagsmun- um, að óháðir, opinberir aðilar fylgist með hvernig stjórnendur og ráðandi hluthafar almennings- hlutafélaga fara með þau verð- mæti, sem þeim er fyrir treyst. Með árásum á mig og ákærvald- ið er Jóhannes að gera veika stöðu almennra fjárfesta á Íslandi enn verri gagnvart stóreigendum. Hér

ráða einkahagsmunir ferð en ekki virðing fyrir rétti annarra. Tak- ist með opinberum, persónuleg- um árásum að hræða lögreglu og aðra eftirlitsaðila frá því að sinna skyldum sínum er vegið að hags- munum fleiri en þeirra, sem árá- sunum sæta.

Í framhaldi af auglýsingunni kemur á óvart, að almennt hafa stjórnmalamenn og álitsgjafar látið eins og hún sé næsta eðlilegt ef ekki sjálfsgjafi nýmæli.

Um svipað leyti og Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri/ grænna, kveinkaði sér undan því, að ungir framsóknarmenn hefðu birt af sér skopmyndir, lýsti hann skilningi á framtaki Jóhannesar. Ágúst Ólafur Ágústsson, varafor- maður Samfylkingarinnar, hlakkar

yfir því, að ég lækka á þingmanna- lista. Egill Helgason álitsgjafi segir: „Í alvörunni. Þetta er ein að- ferð kjósenda til að segja skoðun sína – það næsta sem við komumst persónukjöri í þingkosningum. Það á að taka mark á slíkum skilaboð- um. Annars eru stjórnmalamenn að gefa kjósendum langt nef.“

Eg lýsi áhyggjum yfir þróun stjórnmalastarfs og raunar réttar- ríkisins sjálfs, sé talið sjálfsagt og eðlilegt að beita ofríki í krafti auðs í því skyni, að tryggja sér viðhlæj- endur á þingi, í réttarsalum og hjá ákærvaldinu. Er ekki tíma- bært að stalda við og líta á alvöru málsins?

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðis- flokksins og dómsmálaráðherra.

BLOGG.VISIR.IS

Hvatir eða ábyrgð í stjórnmálum

Fyrsta færslan mín á nýju bloggsíðunni hér á visir.is verður helguð stjórnar- myndun.



Ég heyrði Stefáníu Óskarsdóttur, stjórn- málafræðing, segja í útvarpinu í kvöld að stjórn með Sjálfstæðis- flokki og Samfylk- ingu myndi líkast til stranda á tregðu til-

tekinna þungavigtarmanna í Sjálfstæðis- flokknum til að veita Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur framgang í stjórn- málum. Svo var vísað til þess að „ákveðnir“ sjálf- stæðismenn teldu sig ekki geta „treyst“ forystumönnum Samfylkingarinnar. Engin rök eða dæmi voru tilfærð með þessum vangaveltum – heldur fengu dylgjurnar bara að vaka á öldum ljós- vakans, án þess að spyrillinn gerði svo mikið sem tilraun til þess að knýja á um frekari rökstuðning eða dæmi.

Ólína Þorvarðardóttir - blogg.visir.is/olina

Das Leben der Anderen

Stórkostleg kvikmynd sem m.a. lýsir muninum á þeim einfaldningum



sem trúa í einlægni á pólitíska útöpiu og þjóna henni og síðan skriðdýrin sem nautna sér á valdinu sem alræðiskerfið veitir þeim. Merki- legasta persóna myndarinnar er ein-

mitt hinn einlægi Stasi-maður sem er í grunninn góður þó að hann þjóni af trúfestu sjúku kerfi.

Ágúst Borgþór Sverrisson - blogg.visir.is/agustborgthor

Fyrsta regla í pólitík: ef þú ert í vafa, ekki gera neitt

Kosningaúrslitin eru óttalegt móð – eins og markalaust jafntefli eftir dauflegan fótboltaleik. Enginn í raun



gláður með nið- urstöðuna. Vissu- lega mega sjálf- stæðismenn vel við una, sérstaklega Þorgerður Katrín í Kraganum, en að stjórnin skuli rétt lafa er auðvitað ekki

skemmtilegt fyrir þá. Það er einfald- lega meira fjör að hafa þetta dálítið afgerandi, á hvorn veginn. Samfylk- ingin bjargaði naumlega í horn, Vg vann miklu minna en þeir vonuðu, Framsókn er í rúst, Frjálslyndir halda áfram að vera smáflokkur sem skiptir ekki máli og Íslandshreyfingin gerði ekkert nema spilla fyrir stjórnarand- stöðunni – sem var ábyggilega ekki ætlunin. Og varla eru þeir Árni John- sen og Björn Bjarnason mjög kátir.

Ásgrímur Kristján Sverrisson - blogg.visir.is/asgrimir

Fullur sími

Nú getur þú hringt í 1441 og fyllt á Frelsið með símanum þínum – þú þarft bara að skrá debet- eða kreditkortid þitt einu sinni á Minu Frelsi á siminn.is eða í verslunum Símans

Fylltu á Frelsið með GSM símanum og þú færð:*

- 0 kr. í 2 GSM vini
- 0 kr. mínútan eftir fyrstu 3 mínútur hvers samtals

800 7000 - siminn.is

* Nánari upplýsingar um tilboð og skilmála er að finna á siminn.is/Frelsi.

ERIC SATIE (1866-1925) FÆDDIST
Á ÞESSUM DEGI

„Af hverju að ráðast á guð?
Hann gæti haft það alveg
jafn skítt og við.“

Eric Satie var franskt tónskáld
og er þekktastur fyrir pianóverk
sín. Hann hafði mikil áhrif bæði
á samtímamenn sína og mörg
tuttugustu aldar tónskáld.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 17. MAÍ 1954

Kynþáttaaðskilnaður afnuminn

Hinn 17. maí árið 1954 úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna að það stangaðist á við stjórnarskrá landsins að meina börnum aðgang að skólum landsins vegna kynþáttar þess.

Málið var sótt fyrir hönd Lindu Brown, ungrar stúlku af afrískum uppruna sem var meinaður aðgangur að hverfisskólanum sínum vegna litarháttar. Skólinn sem hún vildi fara í var rétt hjá heimili hennar og mun betri en næsti skóli fyrir blökkumenn sem var í klukkutíma göngufæri frá heimilinu.

Fram til þessa hafði úrskurður hæstaréttar frá 1896 um að fólk í almenningsfarartækjum mætti vera aðskilið eftir kynþætti, því kynþættirnir væru



„aðskildir en jafnir“, verið notaður til að réttlæta aðskilnað á öllum mögulegum stöðum, meðal annars í grunn-skólum.

Úrskurður hæstaréttar kvað á um að aðskilnaður í skólum væri óréttlátur í eðli sínu og helst til þess fallinn að stuðla að lakari stöðu blökkufólks í samfélaginu.

Ekki væri hægt að tala um að fólk væri aðskilið en jafnt í þessu samhengi. Þessi úrskurður hafði mikil áhrif á mannréttindabaráttu blökkumanna í Bandaríkjunum og leiddi til þess að tæpum tveimur áratugum síðar var allur aðskilnaður vegna kynþáttar bannaður þar í landi.

MERKISATBURÐIR

- 1724** Mývatnseldar hófust. Þeir stóðu með hléum í fimm ár. Við upphaf gossins varð mikil sprenging og gígurinn Víti í Kröflu varð til.
- 1814** Norska stjórnarskráin er samþykkt.
- 1949** Bretland samþykkir Írska lýðveldið en heldur yfirráðum á Norður-Írlandi.
- 1970** Thor Heyerdal leggur af stað á Papírusbát yfir Atlantshafið, frá Norður-Afríku til Suður-Ameríku.
- 1983** Ísrael og Líbanon skrifa undir friðarsamninga eftir langt stríð milli þjóðanna.
- 1989** Nelson Mandela tekur BA-próf við háskóla Suður-Afríku. Hann var enn í haldi stjórnvalda og var látinn laus tæpu ári síðar.



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Halls Þórs Hallgrímssonar,
frá Árhólum, Laxárdal.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk öldrunardeildar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fyrir góða umönnun og alla hugulsemína.

Guðrún Pétursdóttir

Pétur Hallsson

Sigurbjörg Hallsdóttir

Hallgrímur Hallsson

barnabörn og langafabarn.

Regína Hallgrímsdóttir

Kristján Erlendsson

Erla Þórunn Ásgeirsdóttir



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför okkar elskulegu móður,

Unu Báru Ólafsdóttur.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Droplaugarstöðum á 2. og 3. hæð fyrir hlýju og umönnun.

Fyrir hönd ættingja,

Edda Guðmundsdóttir

Magnús Guðmundsson

Lára G. Nielsen.



Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Arndís Pálsdóttir

Barkarstöðum, Miðfirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni Hvammstanga fimmtudaginn 10. maí 2007, verður jarðsöngin frá Melstaðarkirkju laugardaginn 19. maí kl. 14.00.

Ragnar Benediktsson

Karl Georg Ragnarsson

Ásta Pálína Ragnarsdóttir

Jenný Karólína Ragnarsdóttir

Margrét Halla Ragnarsdóttir

Benedikt Ragnarsson

Álfheiður H. Árdal

Helga Berglind Ragnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

María Rós Jónsdóttir

Magnús Sverrisson

Hilmar Sverrisson

Jón Gunnarsson

Jóhanna Helga Þorsteinsdóttir

Sigmar Benediktsson



Jóakim Snæbjörnsson

Meistaravöllum 7,

er lést að morgni 11. maí, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 18. maí kl. 11 árdegis. Þeim sem vilja minnast Jóakims er bent á Minningarsjóð KR, s. 510 5300.

Tómasína Sólveig Magnúsdóttir

Sigríður Jóakimsdóttir

Jenný Jóakimsdóttir

Árni Þór, Arnar Ingi og Ellert Andri.

Kjartan Viðar Sigurjónsson



TÁKNRÆNT NAFN Ármann, fyrir miðju, ásamt hljómsveitinni Exodus sem var stofnuð í tilefni af vorhátíð Garðaprestakalls..

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

ÁRMANN HÁKON: UNGLINGAR Í GARÐABÆ GEFA AF SÉR

Frelsa indversk þrælabörn undan ánauð

„Þetta hefur verið þema hjá okkur í barna- og æskulýðsstarfinu þetta árið,“ segir Ármann Hákon Gunnarsson, æskulýðsfulltrúi Víðalínaskirkju í Garðaprestakalli, en þar hafa börn og unglingar í allan vetur safnað hundruð þúsunda króna til að leysa þrælabörn úr ánauð. Hafa sunnudagsskóla-krakkarnir meðal annars ættleitt fjögur börn á Indlandi með því að senda þeim styrk fyrir námi og öðrum lífsnauðsynjum. Þá hafa unglingarnir í hópnum gert lista yfir áttatíu fyrirtæki í Garðabæ sem þau hyggjast sækja styrki til.

Hápunktur þessa mikla átaks verður síðan á vorhátíð Garðaprestakalls á sunnudag en þá verða haldnir tónleikar til styrktar þrælabörnum á Indlandi

klukkan eitt, strax á eftir veglegri grillveislu og fjölskylduguðsþjónustu. Fimmtán krakkar úr æskulýðsstarfinu hafa af því tilefni tekið sig saman og stofnað hljómsveit sem heitir því táknræna nafni Exodus en það vísar til þess þegar gyðingar voru frelsaðir undan þrældómi faraósins í Egyptalandi. Auk hennar munu sveitirnar Magnyl, Royal Fanclub og Cliff Clavin spila.

Ármann er að góðu kunnur ástandinu á Indlandi en hann var þar við nám í mannréttindaguðfræði í borginni Chnnai. „Ég kynnti mér þar hjálparstarf kirkjunnar og hef verið að sýna þeim myndir frá svæðinu og hjálparstarfinu þar,“ segir Ármann Hákon og bætir því við að þetta hafi vakið krakk-

ana til umhugsunar. „Þau hafa nefnilega ótrúlega sterka réttlætiskennd og þetta fær mikið á þau. Þetta hjálpar þeim líka mikið við að hugsa hnatt-rænt og þegar þau fara í búðir spyrja þau hvaðan varan komi og hvort hún sé framleidd af börnum í þrældómi,“ segir Ármann.

Og á tímum þar sem græðgi og hagvöxtur virðast öllu ráða finnst vin í eyðimörkinni í Garðabæ því nýfermdu krakkarnir hafa ákveðið að gefa þúsund krónur af fermingarpeningunum sínum. „Æskulýðsfulltrúinn ætlar síðan að gefa fimm hundruð krónur fyrir hverja gjöf og Landsbankinn styrkir þetta með 75 þúsund krónum,“ segir Ármann.

- fgg



Ástkær faðir okkar, bróðir og afi,

Eymundur Kristjánsson,

Bleikugróf 13, Rvík, áður til heimilis að Lundagötu 17B, Akureyri,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 5. maí sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík laugardaginn 19. maí kl. 11.00.

Börn, systkini og barnabörn.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



30 ára

**Katla
Einarsdóttir**

einkaþjálfari og förðunarfræðingur

er þritug í dag, 17. maí 2007.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónsson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmörgu • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



sjúkrahúss stendur fyrir á Grand hóteli í Reykjavík dagana 25. og 26. maí 2007 í tilefni af 100 ára afmæli Klepps. Nánari dagskrá á www.lsh.is

nn-
n, 48 ára
rti áber-
n mörg-
tahönnuð-
meðal

allt

FRÉTTABLAÐIÐ



Fallegar töskur

Frábært úrval

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is



ETHNICRAFT LÍNAN
MEÐ 15% AFSLÆTTI ÚT MAÍ

MAÍ
TILBOÐ

VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING Í 6 MÁNUÐI



TEKK
COMPANY

BAJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



Ragnheiður Axel og kjóllinn fagri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjö metrar af silki

Hélt það yroi ævistarf að klára kjólinn.

Ragnheiður Axel segist alltaf hafa haft áhuga á fátahönnun. Áður en hún hóf nám við Listaháskóla Íslands var hún saumandi fram á kvöld, hettupeysur, sokkabuxur og fleira en svo kom að því að hana langaði til að gera þetta allan daginn og því hóf hún nám í fátahönnun við LHÍ. Námið tók þrjár ár og um þessar mundir er Ragnheiður Axel að útskrifast.

Eitt af útskriftarverkum Ragnheiðar er kynngimagnaður, blár kjóll sem unun er á að líta. „Það er reyndar ekki mjög glamúrur að segja frá því, en innblásturinn að þessum kjól eru gardínur,“ segir Ragnheiður og hlær. „Hann er gerður úr sjö metr-

um af jersey-silkki og ég ætla ekki að lýsa því hvað það fór mikill tími í að gera hann. Ég hélt að þetta yrði ævistarfið mitt," segir hún og spurð að því hvað hann myndi kosta skýtur hún á rúmar hundrað þús- und krónur miðað við vinnu og efniskostnað. „Þetta er náttúrulega „coture“ flík sem er aðeins til í einu ein- taki," bætir hún við.

Spurð að því hvað hana langi til að gera nú að námi oknu segist Ragnheiður þátt fóð að fara til Parísar eða New York að vinna. „Ég vör á vegum skólans til Parísar og starfaði fyrir Givenchy-tískuhúsið. Myndaði þar góð sambönd og möguleikinn á áframhaldandi vinnu stendur opin. Ætli maður nýti sér það ekki,“ segir smekkvísi dagnaðarförkurinn að lokum. - mhg

Útilegukortið er komið

Tjaldaðu með fjölskyldunni á **27 tjaldsvæðum** í allt sumar fyrir aðeins **9.900kr**




Með Útilegukortinu gefst eigenda þess og fjölskyldu, möguleiki á að gista á 27 tjalðsvæðum og greiða aðeins einu sinni fyrir það. Kortið gildir fyrir húsbíla, hjólhýsi, tjalðvagna, fellihýsi eða tjöld. Engin takmörk eru á því hversu oft má koma á hvert tjalðsvæði. Útilegukortið gildir fyrir tvo fullorðna og börn undir 16 ára aldri. Útilegukortið kostar aðeins 9.900.



Frekari upplýsingar um Útilegukortið fást á www.utilegukortid.is. Þú færð Útilegukortið á www.utilegukortid.is, helstu útivistarverslunum og á sölustöðum N1 um allt land.

www.utilegukortid.is | utilegukortid@utilegukortid.is



ÞAKAPARINN AIGI ÝSINGASTOEFA



NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og finar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsöluastaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

Nýtt á Íslandi! **NO STRESS**

portpea

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. **S. Gunnbjörnsson ehf.**

Komnar aftur
Stærðir 36 - 56

Rita

Bæjarlind 6 - s. 554-7030
Eddufelli 2 - s. 557-1730

Töskur og hantabúðin ehf.
Skólavörðuhöfði 7, 101 Reykjavík, Sími 551-5814, Fax 552-9664

FERÐATÖSKUDAGAR
vikuna 18. - 25. maí
er 20% afsláttur af
CAVALET promotion
ferðatöskum

COMB & CARE

Sjampó og næring til varnar flóka

- Mild formúla sem sviður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sitt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargöður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem

- Verndar raka hársins með B5 vitamíni.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargöður ilmur.

Auðvelt í notkun – frábær árangur
(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælar lúsina frá.

Dr. Fischer
Fæst í apótekum um land allt.



Soffía Matthíasdóttir og Guðjón Haukur Hauksson reka Funky-Fish á Íslandi.

Glaðlegar vörur í Glæsibæ

Verslunarkeðjan Funky-Fish opnaði verslun í Glæsibæ í mars síðastliðnum. Soffía Matthíasdóttir og Guðjón Haukur Hauksson reka verslunina sem er sú fyrsta og eina hér á landi.

Funky-Fish er ísraelsk verslunarkeðja og eru verslanirnar um tvö hundruð talsins úti um allan heim. Soffía segist hafa uppgötvað keðjuna þegar hún var úti í Portúgal síðasta

sumar og rakst á eina verslun þar. „Ég fór örugglega tíu sinnum inn í verslunina á sjö dögum og eftir að ég var komin heim sá ég á heimasíðu keðjunnar að auglýst var eftir einhverjum til að reka verslun í Skandinavíu, svo ég ákvað bara að stökkva á þetta,“ segir Soffía og hlær.

Verslunin í Glæsibæ var opnuð 16. mars síðastliðinn

og Soffía segir að reksturinn hafi strax farið að ganga vel. „Margir Íslendingar þekkja Funky-Fish, frá Spáni og Portúgal, en það er samt eiginlega alveg ótrúlegt hvað okkur hefur verið tekið rosa-lega vel,“ segir hún ánægð.

emilia@frettabladid.is



Spenna, 280 kr.



Armbönd, 350 kr.



Skrifbökk, 999 kr.



Sokkar, 799 kr.



Veski, 1.500 kr.



Inniskór, 1.800 kr.



Spennur, 300 kr.

Í stríð við Kate Moss

Lily Allen tekur höndum saman við tískurisann New Look.

Nú má fyrirsætan Kate Moss fara að vara sig. Söngkonan Lily Allen hefur hannað nýja fatalínu fyrir New Look, fyrirtæki sem á í harðri samkeppni við Top Shop, sem markaðssetti nýverið fatalínu frá Moss.

Allen segir fatalínu sína samanstanda af stelpulegum fatnaði með blúndum og pífum. Þar að auki séu fötin hönnuð með það í huga að sem flestar konur komist í þau, en ekki bara þvengmjórar fyrirsætur, gagnstætt fótum Moss.

Frá því að greint var frá fyrirlunum söngkonunnar hefur hún notað hvert tækifæri til að gagnrýna fót Moss. Til marks um það lét hún hafa eftir sér að jafnvel þótt henni þyki þau flott, komist hún ekki einu sinni í þau. Þá hefur Moss sjálf fengið sinn skerf af gagnrýninni, þar sem Allen

kveður hana flotta fyrirsætu sem margar stúlkur vilji eflaust líkjast. Hún efist hins vegar um að það sé heilsusamlegt að reyna það.

- rve



Fatalína Lily Allen er ætluð öllum konum, ekki bara þvengmjórum fyrirsætum.



Lily Allen kynnir nýju fatalínuna sína með stolti.

Stuttbuxur í finni kantinum eru tilvaldar í vinnuna á vorin. Dökkar, teinóttar, bæði stuttar eða hnésiðar. Við fallegan bol eða blússu.



Úr háborg tískunnar
BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Hver silkihúfan upp af annarri á rauða dreglinum

Kvikmyndahátíðin í Cannes er árlegur vorboði hér í landi og þetta árið er kvikmyndahátíðin sextíu ára og því óvenju mikið um dýrðir. Cannes hefur um langt skeið verið ómissandi þáttur í frama leikara og leikstjóra allt frá fyrstu hátíðinni 1947 í landi sem þá var í sárum eftir seinna stríð, í mikilli uppbyggingu, og hafði þörf fyrir að láta sig dreyma. Með árunum hefur Cannes sömuleiðis orðið ómissandi „Rendez-vous“ demanta og tísku.

Stjörnurnar eru búnar að vera á höttunum eftir rétta kjólnum, skónum og tóskunum sem passa við og að útvega nokkur kíló af eðalsteinum og málum. En staða frægu leikaranna er ekki sú sama og þeirra sem eru minna þekktir og reyndar er mikil stéttaskipting milli þeirra sem eru stórstjörnur og hinna. Þeim sem mesta athygli vekja standa allar dyr tískuhúsanna opnar til að tryggja það að eins og einn eða tveir kjólar komist í blöðin eða í beinar útsendingar sjónvarps, allt auðvitað í boði tískuhússins. Reyndar er það þannig að tískuhúsin sjálf leita jafnvel til stórstjarnanna til að tryggja sér auglýsingu á rauða dreglinum. Svo eru það minni spámenn sem ekki eru svo heppnir að fá allt gefið og þurfa annaðhvort að fara krókaleiðir í gegnum blaðafulltrúa eða hreinlega að kaupa klæðin með eða án afslátt-



vörum? Önnur sem þekkt er fyrir frumleika í Cannes er Victoria Abril sem oft kemur á óvart. Stjörnurnar sumar hverjar í það minnsta vilja heldur ekki allar vera á sömu nótnum í fötum frá sömu tískuhönnuðunum þótt auðvitað sé engin í sama kjólnum. Svo eru þeir sem eru moldríkir en ekkert frægir og komast ekki í innstu koppa tískuhúsanna og leita því í þetta stór „showroom“. En hinar fyrrnefndu Isabelle og Corinne bjóða einnig upp á dagklæðnað sem ætlaður er fyrir hina fjölmörgu blaðamannafundi en í ár eru blaðamennirnir á milli 4-5.000.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

ÚTSÖLUMARKAÐUR
Lyngási 11 Gardabæ 18. - 20. maí

OPIÐ UM HELGINA:
FÖSTUDAGURINN 18 MAÍ: 10-18
LAUGADAGURINN 19 MAÍ: 10-17
SUNNUDAGURINN 20 MAÍ: 11-17

50%

afsláttur af öllum vörum

DU PAREIL... au même

Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750



Flott föt

Stærðir 36-48

bianca

gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16



Orkugefandi
jurtablanda

JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 • 101 Reykjavík
Sími 552 1103 • www.jurtaapotek.is

**Hvað er
að fréttu?**



Fréttir af fólki

www.visir.is

visir

**Sandalar í
úrvali**



Stærðir 28 - 35
3.995 kr.



Stærðir 41 - 48
12.950 kr.



Stærðir 37 - 42
10.640 kr.



Stærðir 36 - 47
3.995 kr.



Stærðir 22 - 35
1.995 kr.

www.xena.is

xena

SPÖNGINNÍ S: 587 0740
MJÓDDINNÍ S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240



Flott í sumar

Ný tæki - Léttari greiðslur

LÉTTARI GREIÐSLUR

SLENDERTONE FLEX 4.995.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 14.985.

SLENDERTONE MAX 6.665.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 19.995.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717



Nemendasýning Danslistarskóla JSB
í Borgarleikhúsinu

Eurovision

22., 23. og 24. maí, kl. 18:00 og 20:00

Miðasala í Borgarleikhúsinu, sími 568 8000.

Miðaverð 1.800 kr. 12 ára og yngri 1.000 kr.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!

Nemendaleikhús JSB

Danslistarskóli JSB stendur fyrir veglegum nemendasýningum í Borgarleikhúsinu árlega. Sýningarnar eru byggðar á þemaverkefnum hverju sinni þar sem lögð er mikil áhersla á samvinnu nemenda, kennara og hópa í skólanum. Nemendur fá hér innsýn í heim leikhússins, læra öguð vinnubrögð og upplifa dansinn á sviðinu.

DANSLISTARSKÓLI

JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Frjókornatímabilið er hafið

Ari Víðir Axelsson læknir
hvetur ofnæmissjúklinga til að
grípa til fyrirbyggjandi aðgerða
fyrir frjókornatímabilið.

„Mikilvægt er að fólk reyni að forðast ofnæmisvakann á sumrin,“ segir Ari Víðir Axelsson læknir og bætir við að þá gildi einu hvort hann sé birki, gras, hunda- og tún-súrur, fíflar og svo framvegis.

„Frjókornin eru að mörgu leyti erfið,“ heldur Ari áfram. „Þó eru til nokkrar fyrirbyggjandi aðgerðir til að halda þeim í skefjum. Í fyrsta lagi er upplagt að loka gluggum á húsum og bílum yfir sumarið, svo þau berist ekki inn. Svo er óráðlegt að þurrka þvott úti þar sem hann safnar í sig frjókornum. Ekki slá garðinn eða vera í kringum sláttu-svæði. Svo er gott að fara í sturtu á kvöldin til að skola af sér og úr vitum, hafi maður á annað borð verið innan um frjókorn yfir daginn. Þá eru tjaldútilegur gjarnan þrautin þyngri fyrir ofnæmissjúklinga. Við slíkar aðstæður getur verið gott að nota sólgleraugu til að draga úr magni frjókorna sem berast í augun.“

Að sögn Ara er mest um frjókorn á hlýjum og vindasömum dögum, en minna fer fyrir þeim á köldum og rökum dögum. Því finni ofnæmissjúklingar helst fyrir ein-kennum í sólskinsveðri. „Þeir sem eru illa haldnir ættu að nota lyf að staðaldri á frjókornatímabilinu í forvarnarskyni og þá í samráði við lækna. Það er betra en að vera sí-fellt í slökkvistarfi. Þeir sem fá lítil einkenni og sjaldan ættu aftur á móti aðeins að taka lyf þegar þeir finna fyrir einkennum.“

Frjókornatímabilið er mislangt eftir gróðurtegundum að sögn Ara.



Ari Víðir Axelsson læknir segir frjókornatímabilið langt á Íslandi en á móti séu frjókorn í minna magni en annars staðar.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Birkið fer af stað í maí, er á há-tindi sínum í júní og síðan dregur úr því. Grasatímabilið er frá júní, mest í júlilok og ágústbyrjun og minnkar eftir miðjan september. Frjókornatímabilið á Íslandi er á heildina lítið langt miðað við önnur lönd, en á móti er það í minna magni heldur en í heitari löndum.“

Ari bendir á að hægt sé að afla sér frekari upplýsinga annars vegar á vefsíðu Astma- og ofnæmis-félagsins, www.ao.is, og hins vegar www.polleninfo.org. Á fyrri síð-unni eru frjókornadagatöl undir liðnum frjókornaofnæmi, en nýj-ustu frjókornatalningar á þeirri seinni.

roald@frettabladid.is

Jazz Contemporary Ballett



Danslistarskóli JSB

Skólaárið 2007-2008
Innritun stendur yfir:

Almenn braut – jazzballett

Framhaldsnemendur og nýnemar frá 7 ára aldri. Skráning á www.jsb.is eða í síma 5813730.

**Listdansbraut
Inntökupróf**

Fyrir nemendur frá 10 ára aldri. Miðvikudaginn 30. maí – grunnskólastig. Fimmtudaginn 31. maí – framhaldsskólastig. Tímasetning auglýst á www.jsb.is.

Kennsla hefst 3. september

Danslistarskóli JSB hefur fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sem einkaskóli á grunn- og framhaldsskólastigi.

Nám við Danslistarskóla JSB miðast við nútímalistdansbraut. Megináhersla er lögð á jazz- og nútímadansþjálfun.

Kennslustaðir:

- Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness. Almenn braut.
- Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll. Almenn braut og listdansbraut.

DANSLISTARSKÓLI

JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • www.jsb.is



Ný handklæðasending

Nýjar gerðir

Skólavörðustíg 21

Sími 551 4050 • Reykjavík

Síað og sigtað

PLÁSSIÐ NÝTT

Sigti eru til ýmissa hluta nyt-samleg. Til dæmis til að hella vatninu af pastaskrúfunum, skola grænmeti og ávexti. Þetta fína sigti frá Normann í Kaupmannahöfn er sniðuglega hannað. Gúmmiefnið er þjálrt svo hægt er að pakka sigtinu saman með einu handtaki, hins vegar er það einnig sterkt og þolir vel bæði hita og kulda. Svo tekur það þægilega lítið pláss í eldhússkápunum. Fæst í Líf og list á 4.860 krónur.



Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.

Makalaust úrval gólfefna!

GÓLFEFNI
TEPPALAND

ÁRMÚLA 18, 108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18



Vínkjallarar eru margir hannaðir af frægum arkitektum.

Hvítvín og hönnun

Vínekrur nútímavæðast.

Í flestra hugum tengist vínsmökk-unarferð einhvers konar sveita-rómantík. Gamli og rakir kjall-arar með rykugum flöskum, úti-tekinn vínbóndi í opinni köflóttu skyrtu sem masar um gæði þrúgunnar.

Vínræktendur eru að vakna til nútímans víða um heim og eru farnir að huga að hönnun og útliti.

Frægir arkitektar eru í meiri mæli fengnir til að hanna vínkjall-ara, eða vínhús sem þjóna einnig sem hótél með flottum vínbar, búðum og jafnvel lúxus heilsu-lindum. Þetta opnar möguleikann fyrir maka vínáhugamannsins að hafa eitthvað við að vera meðan hinn sötrar og spýtir rauðvíni af ýmsum gerðum.

Hér eru myndir af nokkrum ný-stárlegum víngeymslum.



Vínkjallari með flóttu lýsingu.



Fínustu hótél eru á mörgum vínekrum í dag.



Víngeymsla í nútímabúningi.

nettoline

AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Þitt er valið!

Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

Við hönnum og teiknum fyrir þig!

Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20%

Allar **Nettoline** innréttingar með 20% afslætti í 3 vikur (Tilboðið stendur 10. - 31. maí)

Á tilboðsdögum veitum við einnig 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

ELBA



Eldavélar



Ofnar



Helluborð



Viftur & háfar



Uppþvottavélar

Snaigé



Kæli- og frystiskápar

Westinghouse



20%
það munar um minna!

Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16

Friiform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Toppklaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8–18
11–16

BÍLAR & FARARTÆKI



Auðveld Kaup Á Toyota Rav4, Árg 07/04, E-58P, 5 Gíra, Abs, Airbag, Sk08, Ásett 2190, Lán 2150



16P á mánuði fyrir topp eintak af, Daewoo kalos Se, Árg 09/03, E-69P, 5 Gíra, 1400 Vél, Sk08, Fæst á láni 650P



Gullfallegur PEUGEOT 307 Sw á súperkjörum, Árg 03, E-97P, 1600, Abs, cd, Sk08, Ásett 1190P, 100% Lán 1135P



12P á mánuði fyrir Peugeot 406, Árg 04/00, E-110P, Ssk, Sk08, Verð 650P, 100% Lán 570P, 12P pr mán, BÍLASALA Guðfinns Stórhöfða 15/ Við Gullnir, 112 Reykjavík Sími: 562 1055 www.guffi.is



Nýr Mazda CX-3 3.5L V6 263 hestöfl, 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Frumnýnum 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500



Lexus GS300 AWD, árg. 2006, ek. 6þús. km, Verð 6890þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is



JEEP GRAND CHEROKEE HEMI LIMITED 4WD árg 7/2005 ek. 21 þ.km Ásett 4.250 þ. Áhvilandi 1.800 þ. Afb 27 þ. á mánuði.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Sjá fleirri myndir á www.heimsbilar.is Til sýnis og sölu á Heimsbílum kletthálsi 2 S: 567-4000 www.heimsbilar.is

Bílar til sölu



Vélheimar
MAN 8.180LE
Fyrsta skráning 9/2006
Ekin 5000km
Verð frá 3.9m án Vsk



M. Benz Atego 815
NYR
Verð frá 3.9m án Vsk



ISUZU NPR 6.2t
20 m kassi, lyfta NYR
Verð 4.8m án Vsk



Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hð. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr/Nýlegir bílar frá USA/ Evrópu allt að 30% undir markaðs-verði. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Opel Zafira 2002 dísel 2,2L! Ek. 108 þ. km. 7 manna, ABS, CD, filmur, reyklaus o.m.fl. Eyðsla undir 8L á 100 km! Frábær fjölskyldubíll í toppstandi. Verð aðeins 1.490 þ. Bill.is s. 577 3777.



Mercedes Benz S 55 AMG L. Árg. '02. Bíll í toppstandi og hlaðinn aukabúnaði. Verð 7.500þús. Uppl. veitir Arnar í s. 896 3601.



Stafræna ljósmyndavæðingin hefur komið af stað umbyltingu hjá almenningi sem nú geym-ir myndaalbúm sín rafrænt inni í heimilistölvunni. Myndabank-ar á netinu gera öllum kleift að koma myndum sínum á framfæri, sýna þær öðrum og fá viðbrögð við hæfileikum sínum og auga fyrir myndefni og myndbyggingu. Þessi nýi heimur hefur haft meðal annars í för með sér að mörkin á milli þess að vera „alvöru“ ljós-myndari og áhugamaður verða óljósari og hugmyndir um gæði og magn eru í stöðugu endurmati.

Unnar Örn Jónasson sýnir í Skoti Ljósmyndasafns Reykjavíkur hvorki meira né minna en 4.773 myndir sem hann hefur tekið á síðastliðnum fjórum árum. Hann hefur ekki og á ekki eftir að „nota“ þær annars staðar, þær hafa ekki

verið sýndar neins staðar áður og hafa því kannski engan tilgang. Myndirnar eru inni í tölvunni. Þær eru ekkert ólíkar öðrum fjöl-skyldumyndum og fela í sér ekk-ert listrænni eða raunverulegri augnablik en myndir fólks sem leikur sér með stafræna mynda-vél. Unnar hefur ekki valið mynd-irnar út frá gæðastöðum eða list-rænum flokkunarkerfum; þær eru ekki stækkaðar, þær renna í gegnum ljósið eina sekúndu í einu, þær hefðu alveg eins getað lent í ruslinu.

Viðspyrnusafnið fær áhorfand-ann til að velta fyrir sér spurning-um um offramboð mynda í sam-tímanum, sannleiksgildi stafrænu ljósmyndarinnar og stöðu ljós-myndarinnar í daglegu lífi fólks. Markmiðið með sýningarrým-inu Skotinu, sem er í anddyri Ljós-



NÆSTUM FIMM ÞÚSUND MYNDIR Unnar Örn Jónasson sýnir Viðspyrnusafn sitt í Skotinu. MYND/UNNAR ÖRN JÓNASSON

myndasafns Reykjavíkur á 6. hæð Grófarhúss, er að kynna fyrir al-menningi þá margvíslegu starfsemi sem iðkuð er undir formerkjum ljós-myndunar. Ljósmyndum er varpað úr myndvarpa á sýningartjald. Sýningin stendur til 4. júlí.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

14 15 16 17 18 19 20

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 17.00 Vortónleikar **Kyrjanna** í **Seltjarnarneskirkju**. Yfirskrift tónleikanna er **Ástir og rómantík** en á efniðskránni eru íslensk og ensk lög í þeim anda undir stjórn **Sigurbjargar Hv. Magnúsdóttur**. Planóleikari er **Halldóra Aradóttir** og **Daniel Friðrik Böðvarsson** sér um gítarleik.

FYRIRLESTRAR

- 20.30 **Dr. Chung-ying Cheng**, prófessor í heimspeki við **University of Hawaii**, heldur fyrirlestur á vegum Félags áhugamanna um heimspeki í húsakynnum **ReykjavíkurAkademíunnar** við Hringbraut. Erindi hans ber yfirskriftina: **Hvernig berum við saman vestræna og kínverska heimspeki og hver er ávinningurinn?** Cheng segir þessar hefðir einbeita sér að ólíkum viddum veruleikans. Cheng flytur erindi sitt á ensku.

DANSLIST

- 20.00 **Tangókvöld** í **Gyllta saln-um** á **Hótel Borg**. Argentínskur tangódansleikur fram eftir kvöldi. Opinn tími fyrir byrjendur milli 20-21.

MÁLÞING

- 10.00 Málþing helgað verk-um **Péturs Gunnarssonar** rithöfundar í stofu 101 í **Odda** í Háskóla Íslands. Að þinginu standa **Hugvísindastofnun, Bókmenntafræðistofnun** og **Edda útgáfa**.

ATVINNULEIKHÚS
Í BORGARNESI**MR. SKALLAGRIMSSON** - höf. og leikariBenedikt Erlingsson
mi 16/5 aukasýning kl 16 laus sæti, kl 20
uppselt, fö 25/5 kl. 20 laus sæti, fö. 1/6
uppselt, lau. 2/6 uppselt, lau 9/6. kl. 15
uppselt, lau 9/6 kl. 20 Örfá sæti, fö 15/6 kl.
20, mi 20/6 kl 20, fö 29/6 kl. 20**MYRAMAÐURINN** - höf. og leikari GísliEinarsson
Fö 18/5 örfá sæti, fi. 7/6, fö 8/6 örfá sæti, fi

14/6, - síðasta sýning

SVONA ERU MENN - höf. og flytjendur KK

og Einar Kárasón

su 20/5 kl. 20, lau 26/5, su 3/6 kl. 20, su

10/6 kl. 20, lau 16/6 kl. 20, fö 22/6 kl. 20,

lau 23/6 kl. 20 síðasta sýning

Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600

Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200

Miða- og borðapantanir í síma 437 1600

Nánari upplýsingar www.landnamissetur.isLANDNÁMASETUR
ÍSLANDS

Til heiðurs Douglas

Kvintett Andrésar Þórs leikur tón-list eftir trompetleikarann Dave Douglas á tónleikum Djassklúbbs-ins Múlans á DOMO í kvöld kl. 21.

Ásamt Andréasi sem leikur á gítar skipa kvintettinn þeir, Sigurður Flosason á altsax-ófón, Eiríkur Orri Ólafsson á trompet, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.

Tónlistin á fimmtu-daginn samanstendur af tónlist Dave Douglas en hann er einn af atkvæða-

mestu djasstónlistarmönnum sam-tímans og á að baki um það bil tut-tugu og fimm sólóplötur með hinum ýmsu hljómsveitarsam-setningum. Þess má geta að

Dave Douglas lék á Jazzhátíð Reykjavíkur fyrir ófáum árum ásamt Tiny Bell Trio.

ANDRÉS ÞÓR Leikur ásamt kvintett í Múlan-um í kvöld.



ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍGUNG KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

19. maí kl. 20 Upselt
20. maí kl. 20 Upselt
25. maí kl. 20 Upselt
26. maí kl. 20 Upselt
31. maí kl. 20 Upselt
1. júní kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



NASA

LAUGARD. 19. MAÍ 2007

SALIN

FLAUTAR TIL LEIKS

Í SÍÐASTA SKIPTI

Í REYKJAVÍK UM ÓÁKVEÐIN TÍMA...

FORSALA Á NASA FÖSTUD. 18. MAÍ MILLI KL. 13 OG 17

HÚSIÐ OPNAR KL. 24.00

MIÐAVERÐ 2000 KR.

ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

RADAR

NASA.IS

PAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AD DJAMMA



> GOTT GLÁP

Köld slóð: Ágætur íslenskur krimmi sem þrátt fyrir annmarka sína heldur velli og vel það. Ekki skemmir tveir fyrir einn tilboð í Háskólabíói fyrir.

Mýrin: Vinsælasta íslenska kvikmyndin fyrr og síðar, þar sem Ingvar E. Sigurðsson blæs lífi í rannsóknarlögreglu-manninn Erlend. Líka sýnd í Háskólabíói.

bíó

bio@frettabladid.is



KVIKMYNDANJÖRÐURINN SNORRI ÁSMUNDSSON MYNDLISTARMAÐUR

Lenti í slæmum ljónamyndum

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?

Ég man það ekki, það er svo langt síðan. Ég fer eiginlega aldrei í bíó.

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?

Don't Look Now eftir Nicolas Roeg.

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?

Ég held ég verði að viðurkenna að það sé Guð-faðirinn.

Hefur þú grátið í bíó?

Já já, allavega tárast.

Uppáhalds íslenska persónan:

Ætli það sé ekki helst Gestur í Útlaganum. Annars horfi ég mjög sjaldan á íslenskar myndir.

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:

Marlon Brando og Sophia Loren. Ég get ekki valið á milli þeirra.

Mesta hetja hvíta tjaldsins:

Peter Sellers í Being There.

Mesti skúrurinn:

Gary Oldman í Leon.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?

Fyrir utan svona hefðbundið Hollywood-drasl er það Lion Man, mynd um ungverskan Tarzan sem er alinn upp hjá ljónum en ekki öpum. Svo ein önnur ljónamynd sem ég man ekki hvað heitir.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?

Ég myndi vilja gera mjög erótíska mynd með Scarlett Johansson sem mótleikkonu og fá David Lynch til að leikstýra.



JACK OG FÉLAGAR Ekki nauðsynlegur ef farið yrði af stað með eina framhaldsmynd til viðbótar.

Fleiri sjóræningja-myndir á dagskrá

Jerry Bruckheimer hefur ekki útilokað að kvikmyndahúsagestir fái meira af sjóræningjunum á Karibahafinu. Þriðja myndin um Jack Sparrow og féлага verður frumsýnd í lok þessa mánaðar en þær hafa allar rakað inn peningum. Bruckheimer segir að þrátt fyrir að næsta mynd verði lokakaflinn um ævintýri Sparrows útilokar hann ekki að búnar verði til svokallaðar „spin-off“ myndir um aðrar persónur myndarinnar. „Nú er þessum kafla lokið en

þar með er ekki sagt að uppsprettan sé þurrausin,“ sagði Bruckheimer í samtali við ástralska blaðið The Herald Sun.

Geoffrey Rush tekur undir orð Bruckheimers og telur jafnvel ekki nauðsynlegt að Johnny Depp verði með. „Auðvitað eiga þeir eftir að velta þessu fyrir sér en Johnny gæti bara sagt: Jack, hann er búinn spil,“ sagði Rush. „Honum gæti líka alveg eins snúist hugur og spurt: Ef þið þrefaldið launin mín skal ég gera þetta.“



JERRY BRUCKHEIMER Framleiðandinn veltir því nú fyrir sér hvort hann eigi að framleiða fleiri sjóræningjamyndir.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA



Fracture

Verkfræðingurinn Ted Crawford er sakaður um að hafa myrt eigin konu sína og látið elskhuga hennar hverfa. Saksóknaranum Willy Beachum er falið að sækja hann til saka og í fyrstu virðist málið auðunnið. En þegar Beachum fer að grennslast nánar fyrir kemur í ljós að svikavefurinn sem Crawford hefur spunnið er mun flóknari en hann hafði óráð fyrir.

Leikstjóri: Gregory Hoblit
Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Ryan Gosling og David Strathairn
Dómar í erlendum miðlum IMDB.COM 7,2/10
RottenTomatoes: 71%/Fersk



Severance

Vopnaframleiðandinn Palisade Defence ákveður að launa sölu-deild sinni í Evrópu fyrir allt erfið og gefur henni hópferð til Austur-Evrópu. Þar fer hins vegar allt úrskaiðis þegar hópur morðdóra einstaklinga ræðst á þau og hyggst ekki hætta fyrr en allir liggja í valnum. Myndin er stranglega bönnuð innan sextán ára og þykir ekki hæfa viðkvæmum sálum.

Leikstjóri: Christopher Smith
Aðalhlutverk: Toby Stephens og Claudie Blakley
Dómar í erlendum miðlum IMDB.COM 6,9/10
RottenTomatoes 80%/Fersk

Dulkóðaður raðmorðingi

Um helgina verður spennu-tryllirinn Zodiac frumsýndur en þetta er nýjasta kvikmynd leikstjórans David Fincher. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum sem gerðust í Norður-Kaliforníu undir lok sjöunda áratugarins.

Zodiac-raðmorðinginn er einhver mesta ráðgáta í sögu Bandarík-anna og enn hefur ekki tekist að hafa hendur í hári hans. Talið er að hann hafi myrt fimm og sært tvo frá desembermánuði 1968 til október 1969. Lögreglan í Kaliforníu stóð gjörsamlega ráðbrota gagnvart þessum morðum og almenningur óttaðist að hver sem er gæti orðið næstur.

Bréf frá morðingja

Zodiac sýndi síðan af sér fádæma ósvifni og sjálfsöryggi þegar hann sendi þremur dagblöðum í ríkinu dulkóðað bréf 1. ágúst 1969 þar sem hann lýsti sig ábyrgan á þremur morðum en í einu bréfinu var að finna alvöru nafn hans. Þessar bréfaskriftir héldu áfram til ársins 1974 og voru skrifuð á fjórum dulkóðum en enn hefur sérfræðingum einungis tekist að ráða einn þeirra.

Fjöldi annarra bréfa bárust frá mönnum sem lýstu því yfir að þeir væru Zodiac-morðinginn en fjölmörgum þeirra hefur verið vísað frá vegna grunsemda um fölsun. Í mars á þessu ári uppgötvaðist jóla-kort sem stílað var á San Francisco Chronicle frá árinu 1990 þar sem var að finna bréf til blaðsins á dulkóða og þótti hann svipa til verka Zodiac. Sérfræðingur rannsóknardeildar lögreglunnar, Lloyd Cunningham, úrskurðaði að bréfið væri óekta en fjölmargir Zodiac-sérfræðingar hafa leyft sér að efast um þá niðurstöðu.

Zodiac-mynd Davids Fincher byggir á bókum glæpasagnahöfundarins Roberts Graysmith, sem starfaði hjá San Francisco Chronicle um svipað leyti og blaðinu tóku að berast bréfin frá Zodiac. Graysmith hefur um árabíl verið talinn einn helsti kenningasmiðurinn um hver Zodiac væri og var



GRAYSMITH Jake Gyllenhaal leikur Robert Graysmith, þann sem hefur komist næst því að leysa gátuna um Zodiac.

meðal annars fenginn til liðs við New York Post þegar svokallaður „copycat“ eða hermíkráka Zodiacs gekk laus um borgina. Þótt margir efist um réttmæti og sannleiksgildi kenningar Graysmiths er hún enn ein af örfáum sem hefur tekist að varpa dauðu ljósi á morðin í Kaliforníu.

Grunur fellur á kynferðisbrotamann

Sá sem var hvað sterklegast grundaður um að vera Zodiac-morðinginn var Arthur Leigh Allen, dæmdur kynferðisafbrotamaður. Svo sterkur var grunur lögreglunnar í San Francisco að hún fékk þrívægis leitarheimild; í september árið 1974, í febrúar árið 1991 og ágúst ári seinna en þá var Allen nýlátinn. Vinur hans lét grunsemdir sínar í ljós við lögregluþingvöld en þegar Allen var færður til yfirheyrslu og spurður út í blóðuga hnífa sem fundust í skottinu á bílnum hans, sama dag og eitt morðið var framið, sagðist hann hafa verið að drepa kjúklinga. Hann lýsti alla tíð yfir sakleysi sínu og DNA-rannsóknir gátu ekki tengt hann við málið, auk þess sem rithönd hans reyndist mjög ólík rithönd Zodiacs. Engu að síður hafa yfirvöld í Kaliforníu aldrei útilokað að Allen tengdist

málinu á einn eða annan hátt. Þá var auðjófurinn Paul Stines einnig grunaður um tíma en frá því var horfið.

Harry fæst við Zodiac

Þó að Zodiac-mynd Finchers sé sú fyrsta sem byggir á bók Graysmiths hefur Hollywood áður reynt að varpa einhverju ljósi á þennan morðingja. Frægasti andstæðingur Zodiacs er eflaust Harry Callahan, betur þekktur sem Dirty Harry, sem eldist við morðingja í San Francisco en sá var lauslega byggður á kenningunum um Zodiac. Hann kallaði sig Scorpio og í einu atriðanna hertekur hann skólarútu fulla af börnum og hótar að sprengja hana í loft upp. Zodiac hafði í einu af bréfum sínum gefið í skyn að hann myndi gera slíkt hið sama.

Opinberlega er talið að Zodiac hafi myrt fimm og sært tvo frá desembermánuði ársins 1968 til október árið 1969. Þrátt fyrir það eignaði morðinginn sér dauða 37 í einu af bréfum sínum en það hefur aldrei verið staðfest og þykir frekar ólíklegt.

Lögreglan í San Francisco hefur aldrei lokað málinu, það var úrskurðað „óvirkt“ árið 2004 en opnað á nýjan leik í mars á þessu ári.

Þríleikur um Tinna

Leikstjórnarnir Steven Spielberg og Peter Jackson ætla að kvikmynda þríleik um teiknimyndapersónuna vinsælu Tinna. Ætla þeir að leikstýra hvor í sínu lagi fyrstu tveimur myndunum en enn á eftir að ákveða hver leikstýrir þriðju myndinni.

Tækniþrelluhópur á vegum Jacksons, Weta, mun notast við þrívíddargrafík við gerð myndanna og hefur hópurinn þegar búið til tuttugu mínútna æfingamynd til að prófa sig áfram. „Við viljum að ævintýri Tinna verði eins raunveruleg og í hefðbundinni hasarmynd en samt fannst

okkur að með því að taka upp á hefðbundinn hátt gætum við ekki fangað hið sérstæða útlit persónanna og veröld Hergé,“ sagði Spielberg.

Samningurinn um Tinna var gerður eftir að Jackson samþykkti að leikstýra The Lovely Bones í samstarfi við fyrirtæki Spielbergs, Dreamworks. Munu þeir félagar hefja tökurnar á Tinna eftir að sú mynd og Indiana Jones 4 í leikstjórn Spielbergs verða tilbúnar.

ÞRÍJÁR Á LEIÐINI Peter Jackson, leikstjóri Hringadróttinsögu, ætlar að færa Tinna á hvíta tjaldið ásamt Spielberg.





ENGIN OCEAN Kanadískir áhorfendur fá ekki smjörþefinn af áframhaldandi þjófn- aði Ocean-gengisins.

Kanada á bannlista

Yfirmenn kvikmyndafyrirtækis- ins Warner Bros. ætla að koma í veg fyrir forsýningar á tveimur stærstu myndum sínum í Kanada; Ocean's Thirteen og Harry Potter and the Order of Phoenix. Er þetta gert vegna þess að lög um ólög- lega fjölföldun hafa ekki verið hert hjá frændunum í norðri.

Samkvæmt yfirlýsingu, sem Warner Bros. sendi frá sér ný- verið, kemur fram að sjötíu pró- sent af öllum ólöglegum upptök- um sem farið hafa í dreifingu síðustu átján mánuði, er hægt að rekja til Kanada.

Samkvæmt kanadískum lögum er ekki ólöglegt að taka upp myndir í kvikmyndasölum til eigin nota og hefur það farið fyrir brjóstið á bandarískum dreifingarfyrirtækjum. Í fyrra hótuðu þau meðal annars því að seinka öllum frumsýning- um í Kanada þar til myndunum hefði verið komið í dreifingu út um allan heim. Að sögn Darcy Antonelli hjá Warner Bros. er markmiðið með þessu að koma í veg fyrir mikinn leka af ólög- legum eintökum af nýjustu myndunum.

Syndlaus Banderas

Antonio Banderas er svektur yfir því að fá ekki hlutverk í næstu Sin City-mynd en hann hafði gert sér vonir um að blása nýju lífi í feril sinn eftir frekar mögur ár með þátt- töku í henni. Robert Rodrigues legg- ur nú drög að framhaldsmynd eftir að fyrsta myndin sem byggð var á bók Franks Miller sló í gegn. Hann hefur hins vegar ekki hringt í góð- vin sinn Antonio.

Banderas og Rodrigues hafa gert saman sex myndir og heldur spænska sjarmatröllið enn í von- ina um að leikstjórinn hringi í hann. „Þetta er alltaf svona. Hann hring- ir í mig kvöldið áður en tökur hefj- ast og spyr hvort við eigum ekki að gera saman mynd,“ sagði Banderas sem bíður væntanlega við símann ef Rodrigues skyldi nú slá á þráðinn.



BANDERAS Er svektur yfir því að fá ekki hlutverk í nýju Sin City-myndinni.

ÚR VERINU

Cage sem Capone

Þær sögur berast frá Hollywood um **Brian DePalma** að hann hyggi á framhald af The Untouchables og mun hún fjalla um uppgang glæpa- foringjans Als Capone í Chicago á bannárunum. Fréttastofa MTV- sjónvarpsstöðvarinnar greinir frá því á heimasíðu sinni að DePalma hyggist bera víurnar í **Nicol- as Cage** og fá hann til að leika Capone og verður forvitnilegt að sjá hvort Cage leggi út í sama hamborgaraát og **Robert DeNiro** gerði á sínum tíma fyrir fyrri myndina.

Fame endurgerð

Og meira um endurgerð- ir og framhald því sam- kvæmt nýjustu frétt- um úr Hollywood þykir nú allt benda til þess að farið verði af stað með nýja útgáfu af kvikmyndinni **Fame**. MGM er sagt vera á bak við þessar fyr- irætlanir en upprunalega mynd- in undir stjórn **Alans Parker** sló öll met á sínum tíma og kom af stað nýrri tiskubylgju. Talið er að **Andy Frickman**, sem síðast gerði She's the Man, verði í leikstjórastólnum og að **Mark Canton**, framleiðandi metsölumyndarinnar 300, verði honum innan handar.

Bello í Mummy þrjú

Rachel Weisz hefur lýst því yfir að hún ætli sér ekki að leika í þriðju Mummy-myndinni sem nú á að fara gera. Framleiðendur myndar-

innar hafa því brugðið á það ráð að fá stór- leikkonuna **Mariu Bello** til að leika að- alkvenhlutverkið en Bello hefur undan- farin ár vakið athygli fyrir frammistöðu sína í gæða- myndum á borð við History of Vi- olence og Thank you for Smoking. Að venju verður **Brendan Fras- er** í aðalhlutverki en að þessu sinni mun ævintýramaðurinn halda til Kína og freista þess að frelsa keis- arann úr klóm seiðkerlingar.

Cromwell talar af sér

Og það er nokkuð magnað að lesa viðtal á MTV-vefnum við stórleikar- ann **James Cromwell** en það þykir gefa sterka vísbendingu um að þegar sé farið að undirbúa fjórðu myndina um **Köngulóarmann- inn**. Cromwell lék borgarstjórnann í síðustu myndinni og sagði að enn væri ekki búið að taka upp dauða þeirrar persónu hans, það yrði ekki gert fyrr en í næstu mynd og þykir Cromwell hafa talað þarna illi- lega af sér. Þetta þarf þó ekki að koma neitt ýkja mikið á óvart því enn hefur engri mynd tekist að skáka Lóa og félögum úr efsta sætinu beggja vegna Atl- antshafs- ins.

OPNUM Á MORGUN KL. 8:00

kate moss

TOPSHOP

KOMDU SNEMMA OG FÁÐU FYRSTU INNSÝN Í HINA NÝJU OG SPENNANDI FATALÍNU KATE MOSS

ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR OG KYNNING Á WWW.TOPSHOP.COM.

> Dósasúpa...

...er vissulega fljótleg, en það eru til skemmtilegri mál-tíðir. Allir eiga að minnsta kosti eina góða uppskrift sem þeir grípa til þegar tími er af skornum skammti. Skipstu á uppskriftum við vini þína og safnaðu í möppu fyrir letikvöldin.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN BIRNA BJÖRNSDÓTTIR DANSKENNARI

Alltaf til í að prófa eitthvað nýtt

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Ég fer á Asíu nokkrum sinnum í viku og fæ mér kjúklingasúpu, ég hef farið þangað reglulega í átta ár. Ég væri ekki til í að vera án hennar. Svo gæti ég ekki verið án holls og góðs kvöldverðar. Það jafnast ekkert á við það.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Það nýjasta er sashimi-túnfisksalat á veitingastaðnum Nobu í London. Ég hef verið að elda hann sjálf og allir vinir mínir eru sjúkir í þetta. Ég luma á uppskriftinni, en hún er bara fyrir útvalda.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Blóðmör finnst mér alveg ógeðslegur, líka hrútpungar og það dót. Svo er ég mjög lítið fyrir nautahakk, ég elda það bara fyrir börnin mín. En yfirleitt er ég ekki matvönd.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Ég kaupi oft alls konar mat í útlöndum sem fæst ekki hér, það er kannski leyndarmálið. Svo les ég mikið af uppskriftum og fæ góð ráð hjá góðum vinum.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Rosalega flottan og framandi mat. Mér finnst æðislega gaman að halda boð með skemmtilegum forréttum og svo er ég mikil sushi-kona.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Ólífur, sýrðan rjóma, tómata, trönu-berjasafa, alls konar skyr og svo ost og ýmislegt í nesti fyrir börnin í skólann. Ég á líka alls konar skemmtilegar salatdressingar og finnst ekki leiðinlegt að eiga ferskar kryddjurtir.

Ef þú yrðir fúst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?



Ég tæki fullt af ávöxtum, heimabak-aða speltbrauðið mitt og nóg af fersku vatni. Og vítamín.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Ég hef borðað dádýr, sem var reyndar mjög gott á bragðið. Svo finnst mér ostrur alveg

ógeðslegar, þær eru ekki fyrir mig. Ég hef smakkað allt mögulegt, skrítnar fisktegundir og kjöt sem ég veit ekki einu sinni hvað heitir. Ég er alltaf til í að prófa eitthvað nýtt.



BJARGLÍF í kvöldgöngu félagsins Matur-saga-menning verða gamlar matarhefðir rifjaðar upp og talað um eggja- og fuglatöku í Hafnabergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Gamlar matarhefðir í kvöldgöngu

Félagið Matur-saga-menning stendur fyrir kvöldgöngu að Hafnabergi á Reykjanes-skaga næstkomandi miðvikudagskvöld. Tilgangurinn með ferðinni er að minnast gamla matarhefða landsmanna. Hafnaberg er staðsett sunnan við Hafnir og var fyrrum nýtt til bæði eggjatöku og fuglatöku. Margar tegundir sjófugla verpa í bjarginu, sem nú iðar af lífi, að því er segir í fréttatilkynningu.

Þátttakendur hittast á bíla-stæði ofan við bjargið klukkan 19.30 á miðvikudagskvöld. Þaðan er rúmlega hálf tíma gangur að bjarginu. Mæla skipuleggjendur með því að þátttakendur hafi meðferðis sjónauka og myndavélar til að virða bjarglífið fyrir sér.



Leirlistakonan Þóra Breið-fjörð bakar syndsamlega góða súkkulaðiköku af sænsku ætterni og leggur mikið upp úr að matur sé fallega á borð borinn.

„Ég er alveg veik í súkkulaði og mér finnst svona súkkulaðikökur alveg syndsamlega góðar. Þessi er æði,“ sagði Þóra með þunga. Móðir Þóru býr í Svíþjóð, þangað sem kakan á rætur sínar að rekja. „Hún er í rauninni holl,“ sagði Þóra, sem bakar kökuna með spelti, hráskyri og glútenlausu vínsteinslyftidufti. „Ef maður notar hráskyur verður kakan líka mýkri innan í, nánast eins og súkkulaði. Það er líka rosalega gott að bera hana fram með ís,“ útskýrði hún. Þó er að sjálf-sögðu leyfilegt að nota venjulegt lyftiduft og hvítan sykur, ef svo ber undir.

Þóra leggur mikið upp úr hollustu í eldhúsinu. „Ég er svo mikill gæm-ingur á mat sjálf, ég þoli ekki allt, svo ég reyni að borða sem hreinast-an mat,“ sagði Þóra. „Ég elda mikið af fiski og svo er ég að myndast við að baka brauð líka. Þá nota ég spelt. Ég er svona að víða að mér brauð-uppskriftum og gerast róttækari í brauðgerðinni núna,“ sagði Þóra spök.

Eldhúsið er jafnframt uppspretta hugmynda fyrir Þóru, sem hefur gert töluvert af leirtau um árin. Hún sýnir blómastell á hönnunarsýningunni Kviku, sem opnar á Kjarvalsstöðum á laugar-dag, sem unnið er út frá gömlum bókunarformum. „Þessi form sem ég nota í blómastellið eiga upp-

Sænska klessukakan hennar mómmu

2 dl spelt
1,5 dl kakó
2 tsk. lyftiduft
1 tsk. salt
200 gr dökkat suðusúkkulaði
125 gr smjör
6 egg
2-2,5 dl hráskyur má líka nota venjulegan sykur
1,5-3 dl sýrður rjómi
Skreyting: flórsykur og blæjuber

runa sinn í gömlum og beygluðum bókunarformum sem mér hafa áskotnast í gegnum tíðina. Þau eru form sem formæður okkar notuðu til að bera sitt bakkelsi fram á,“ sagði Þóra. Stellið er litríkt og mikil borðprýði, enda kann Þóra vel að meta falleg áhöld. „Mér finnst til dæmis afskaplega gaman að fara á sushi-staði. Þeir leggja svo mikið

upp úr því hvernig maturinn er borinn fram. Mér finnst voðalega gaman að bera þetta fallega fram, þá er maturinn líka mikið girnilegri,“ sagði Þóra.

Þurrefnum blandað í skál. Smjör og súkkulaði brætt í potti. Egg og sykur þeytt saman. Eggja-blönduogusúkkulaði-

blöndu blandað saman. Þurrefnum er bætt varlega út í og loks sýrða rjómanum.

Bakist við 175°C í um 40 mín.

Kakan á að vera að innan. Flórsykur sigtaður yfir kökuna og skreytt með blæjuberjum.

sunna@frettabladid.is



VEIK FYRIR SÚKKULAÐI Þóra leggur mikið upp úr hollustu í eldhúsinu. Klessukakan sænska, sem er eins og súkkulaði að innan, er því bökuð með spelti, hráskyri og glútenlausu vínsteinslyftidufti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FALLEGUR MATUR Þóra kann vel að meta að matur sé fallega borinn fram og skreytir kökuna sína með flórsykri og blæjuberjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Nýtt nám í MK



Í haust verður í Menntaskólanum í Kópavogi boðið upp á hóteltjórnnun, nýtt nám á háskólastigi. „Þetta er búið að vera í undirbúningi í ein átta ár eða svo,“ sagði Baldur Sæmundsson, áfangastjóri í MK. Hann segist ekki vita til þess að sambærilegt nám hafi verið í boði hér á landi áður. Námið er kennt í samstarfi við César Ritz Colleges í Sviss, sem er virtur skóli á þessu sviði. „Íslendingar hafa verið að fara í nám hjá þeim í tuttugu ár,“ sagði Baldur, sem telur um hundrad manns hafa lokið hóteltjórnnunarnámi hjá skólanum.

Fyrsta árið verður kennt hér á landi, en seinni tvö árin í Sviss. Að fyrsta árinu loknu hljóta nemendur hins vegar diplóma í greininni. „Hluti af þessu er starfsþjálfun, sem væri jafnvel hægt að taka erlendis,“ útskýrði Baldur. „Við viljum samt að fólk kynnist íslenska bransanum vel,“ bætti hann við. Árið sem kennt verður hér á landi er miðað við íslenskar aðstæður og nemendur búnir undir áframhaldandi nám í Sviss. „Þau læra til dæmis viðskiptatengda stærðfræði, ensku, matvælagreinar og þjónustu. Þau læra hvernig veitingahúsið virkar, frammi í sal og á bak við tjöldin, á gestamótöku, markaðssetningu og margt fleira,“ sagði Baldur. Skráning er þegar hafin og umsóknir streyma nú inn til Baldurs. Námið er opið nemendum með stúdentspróf og nemendum sem lokið hafa iðnnámi í matvælagreinum.



UMFANGSMIKIÐ NÁM Baldur Sæmundsson segir nám í hóteltjórnnun, sem MK býður upp á í haust, ná yfir öll þau fjölmörgu atriði sem snerta hótelt- og veitingarekstur, allt frá markaðsfræði til barþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þinn stökkpallur að námi loknu

- 90% íbúðalán við kaup á fyrstu íbúð
- Námslokalán
- Áframhaldandi námsmannakjör í 1 ár
- Sérkjör á bílafjármögnun
- Frítt kreditkort fyrsta árið
- 15.000 króna inneign á VISA kreditkort

Þegar námi lýkur taka við spennandi tímar. Sparisjóðurinn býður þeim sem lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu námi, og eru að koma undir sig fótunum, þjónustu sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Farðu inn á spar.is eða komdu til okkar í næsta sparisjóð og kynntu þér kosti þjónustunnar – reiknum dæmið saman.



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína



Rómantísk Vegas-mynd

Cameron Diaz og Ashton Kutcher eru í viðræðum um að leika í rómantísku myndinni What Happens in Vegas ...



CAMERON DIAZ

Myndin fjallar um tvær ókunnugar manneskjur sem vakna með mikla timbarmenn í Vegas eftir að hafa gift sig kvöldið áður. Einnig uppgötva þau að annað

þeirra hefur unnið stóran vinning með smápeningum hinnar manneskjunnar. Skapar þetta vitaskuld mikil vandamál.

Kutcher lék síðast í myndinni The Guardian en Diaz talar inn á Shrek the Third sem kemur í bíó hér á landi 22. júní næstkomandi.

Bandaríski hjartaknúsarinn Josh Groban hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll í fyrrakvöld þar sem hann söng öll sín frægustu lög. Húsfyllir var í salnum og skemmti fólk sér hið besta.

Groban, sem er í grunninn klassískur söngvari, stóð sig með þrýði á tónleikunum. Hefur hann náð heimsathygli undanfarin ár með því að tvinna saman sinni fjölbáru barítónrödd við kraftmikla, melódíska popptónlist. Tónleikarnir í fyrrakvöld voru aukatónleikar því uppselt varð á aðeins fjórum mínútum á aðaltónleikana sem voru haldnir í gærkvöldi.

Konur voru í miklum meirihluta í Höllinni og áttu margar þeirra erfitt með að halda aftur af sér þegar hann fór út í salinn til þeirra. Groban var klappaður tvisvar upp og loklag hans var You Raise Me Up þar sem hann naut liðsinnis Gospelkórs Reykjavíkur.



STÓÐ SIG VEL Josh Groban stóð sig vel á tónleikunum og söng öll sín þekktustu lög.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



GUÐRÚN OG ÞURÍÐUR Þær Guðrún og Þuríður létu sig ekki vanta á tónleika hjartaknúsarans Josh Groban.



FLOTTIR Í TÁVINU Steinar og Daði voru flottir í tavinu á tónleikunum.



SAMAN Á GROBAN Sigrún, Sigrún Sóley og Anna voru á meðal þeirra sem klöppuðu Groban tvisvar upp.



EFTIRVÆNTING Eftirvæntingin leyndi sér ekki hjá Ingibjörgu og Margrétu fyrir tónleikana.

OASIS

KRINGLAN | SMARALIND | DEBENHAMS
www.oasis-stores.com

TAX FREE DAGAR!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM
AÐEINS Í DAG



Malta vill banna símakosningu

Malta hefur óskað eftir því að nokkrum þjóðum frá Austur-Evrópu sem taka þátt í Eurovision verði bannað að taka þátt í símakosningu. Vill Robert Abela, yfirmaður Eurovision á Möltu, að rannsakað verði hvernig kosning þessara þjóða fari fram því stigagjöf margra þeirra sé ekki einungis byggð á kosningu almennings. Segir hann að fimm til sex aðrar þjóðir hafi verið ósáttar við símakosninguna vegna þess að nágrannaríki kusu hvert annað sama hvernig lagið þeirra hljómaði.

Abela segist hafa fengið freignir af því hversu mörg stig Malta myndi fá frá ákveðnum þjóðum áður en undanúrslitin fóru fram. Þar féll Malta úr keppni, rétt eins og Ísland. „Ég veit að þetta er ekki



VERTIGO Olivia Lewis flytur lag Möltu, Vertigo, í undanúrslitum Eurovision.

100 prósent símakosning og ég tel að þessar þjóðir hafi áhrif á kosninguna.“

Þjóðverjar hafa einnig gagnrýnt Eurovision-keppnina og segjast ekki sjá tilganginn í því að borga mest allra fyrir keppnina en eiga síðan ekki möguleika á að vinna.

Sumar-Dansnámskeið!



Ballett Modern Jazz

Tveggja vikna dansnámskeið í sumar.

2 mismunandi námsk.,
(4.-15. júní)
(18.-29. júní)

2 aldersflokkar:
10-12 ára
13-16 ára



Keimmar eru: Ólafur Elías, Elías Guðmarsson og Rúnna Þorunn.
Námskeiðin eru haldin í Ballettskóla Guðbjargar Björnsdóttur.
Skráning: Símtöl: 1. maí 2006 891-0360
og í vefsíðu: www.dansnaemskid.is

LANCÔME
PARIS

ÓMÆLD ÞÆGINDI
NEUROCALM™ VER HÚÐINA
GEGN INNRI SEM YTRI ÁREITUM
24 STUNDA RAKAGJÖF

HYDRA ZEN NEUROCALM™
SOOTHING ANTI-STRESS MOISTURISING CREAM

BYLTING INNAN SNYRTIFRÆÐINNAR: JURTASEYÐI
SEM DREGUR ÚR ÁHRIFUM STREITU Á HÚÐINA.
ÖFLUG RAKAGJÖF Í 24 KLUKKUSTUNDIR: HÚÐIN NÝTUR
SAMSTUNDIS FERSKRAR ENDINGARGÓÐRAR RAKAGJAFAR.
RAKAFYLLT HÚÐ, MJÚK, SLÉTT OG GEISLANDI.



www.lancome.com

LANCÔME DAGAR Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI 17. – 23. MAÍ

KYNNUM NÝJA HERRALÍNU, LANCÔME MEN.

KOMDU OG FÁÐU PRUFU AF RÉTTA KREMINU MIÐAÐ VIÐ ALDUR OG HÚÐGERÐ.

Kynnum einnig:

- > HYDRA ZEN kremin sem róa erta húð.
- > COLOR FEVER GLOSS ný ómótstæðileg gloss
- > HYPNÔSE EAU LÉGÈRE, sumarlega útgáfu af þessum flotta ilmi
- > FLASH BRONZER ný sjálfbrúnandi krem sem lita húðina – ekki fötin!

Líttu við á LANCÔME dögum og fáðu persónulega ráðgjöf.

Glæsilegir kaupaukar fylgja kaupum á Lancôme snyrtivörum yfir 4.800 kr.*

*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Cannes-hátíðin hafin í sextugasta sinn

Í gær hófst kvikmynda-hátíðin í Cannes, sem óhætt er að segja að sé ein virtasta kvikmyndahátíð heims, ef ekki sú virtasta. Hátíðin í ár er sú sextugasta sem haldin er í strandbænum sólríka. Því er ekki úr vegi að seilast í verkfærakistu kvikmyndagerðarmanna og nýta sér endurlitið til að líta yfir farinn veg.

Kvikmyndahátíðin í Cannes er ekki sú elsta sem árlega fer fram á meginlandi Evrópu. Þar hefur kvikmyndahátíðin í Feneyjum vinninginn, en hún hóf göngu sína árið 1932. Sú feneyska á þó mikinn þátt í því að kvikmyndastjórnumar flykkjast til Suður-Frakklands á vori hverju.

Árið 1938 ofbauð Jean Zay, háverandi menntamálaráðherra Frakklands, hvernig fasistar og nasistar á Ítalíu og í Þýskalandi höfðu áhrif á keppnina í Feneyjum. Hann ákvað því að koma franskri kvikmyndahátíð á laggirnar. Cannes var valin vegna sólskins og fallegra staðarháttanna og átti fyrsta hátíðin að hefjast 1. september 1939.

Fyrstu hátíð frestað

Söguglökkir menn vita að 3. september þetta sama ár varð ansi ör-lagaríkur dagur. Þá lýstu Frakkar, Bretar, Ástralar og Nýsjálendingar yfir stríði á hendur Þjóðverjum í kjölfar innrásarinnar í Póllands, og seinni heimsstyrjöldin var hafin. Fyrsta kvikmyndahátíðin í Cannes fór því ekki fram fyrr en að stríði loknu, eða 1946.

Árið 2002 fannst skipuleggj-



FULLTRÚI ÍSLENDINGA Í CANNES Björk Guðmundsdóttir var valin besta leikkonan á hátíðinni árið 2000, fyrir hlutverk Selmu í *Dancer in the Dark*. Lars von Trier hlaut Gullpálmann fyrir myndina.



Í MINNIHLUTAHÓPI Jane Campion varð önnur konan frá upphafi til að hampa Gullpálmanum. Hún hlaut verðlaunin fyrir myndina *The Piano* árið 1993.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



TAXI DRIVER Myndirnar sem dómnefndin verðlaunar á Cannes verða margar hverjar ægivinsælar í kjölfarið. Martin Scorsese hlaut pálmann gyllta árið 1976 fyrir *Taxi Driver*, sem margir hafa barið augum á lífsleiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/NETIÐ



LÍFIÐ LJÚFA La Dolce Vita er á meðal þeirra mynda sem hlotið hafa Gullpálmann á Cannes. Gosbrunnsatriðið með Anitu Ekberg í aðalhlutverki er eitt það allra frægasta úr kvikmyndasögunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/NETIÐ

endum óhæft að aldrei hefði komið til verðlaunaafhendingar árið 1939 og því fékk sex manna dómnefnd það hlutverk að fara yfir tilnefndar kvikmyndir frá því ári og velja vinningshafa. Sigurvegarinn varð Union Pacific, í leikstjórn Cecil B. DeMille. Frá árinu 1946 hefur kvikmyndahátíðin verið árlegur viðburður, með örfáum undantekningum.

Árin 1948 og 1950 var hátíðinni

aflýst vegna fjárhagsvandræða. 1968 var hún hins vegar í fullum gangi þegar bundinn var ótímabær endi á hátíðahöldin í framhaldi af óróleika og óeirðum í París. Leikstjórar á borð við François Truffaut, Roman Polanski og Jean-Luc Godard lögðu stærsta herbergið í sýningarhöllinni undir sig 18. maí, til að sýna stúdentum og verkamönnum stuðning. Degi síðar var hátíðahöldum hætt.

Campion í minnihlutahópi

Margir frægustu kvikmyndaleikstjórar okkar tíma hafa fengið að hampa Gullpálmanum, aðalverðlaunum hátíðarinnar. Á meðal þeirra eru ekki ómerkari menn en Roberto Rossellini, Orson Welles, Federico Fellini, Francis Ford Coppola og Emir Kusturica. Þeir Martin Scorsese, Akira Kurosawa, David Lynch, Coen-bræður og Quentin Tarantino eru heldur

ekki óþekktir með öllu, svo örfá dæmi séu tekin. Jane Campion, sem hlaut Gullpálmann fræga árið 1993 fyrir myndina *Píanóið*, er hins vegar í miklum minnihlutahópi, sem einungis önnur konan til að hljóta verðlaunin.

Hátíð fagfólksins

Fyrir utan myndirnar sem keppa um Gullpálmann, Grand Prix og verðlaun fyrir leikstjórn og leik

„VIÐ VILJUM FLEIRI LANGAR HELGAR!“

JÓNSSON & LE' MACKS • JULIUS • SÍA



STJÖRNUFANS Ljósmyndarar sátu fyrir Jude Law í gær þar sem hann sprangaði um hátíðarsvæðið. Hann leikur í opnunarmyndinni *My Blueberry Nights*, eftir Wong Kar Wai, ásamt stjörnum á borð við Rachel Weisz, Natalie Portman og Noruh Jones.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

eru þó nokkrar myndir sýndar „out of competition“ eins og það heitir á kvikmyndahátíðarmáli. Í ár er mynd Stevens Soderbergh, *Ocean’s Thirteen*, á meðal þeirra og munu leikarar í myndinni ljá hátíðinni stjörnuljóma sinn. Þar sem Cannes er hátíð fagfólksins ganga myndir þar jafnframt kaupum og sölum, fólk úr bransanum gerir mikilvæga samninga sín á milli og ferill stjarnanna getur sveiflast í hvora

áttina sem er. Í tilefni af afmælinu í ár verða jafnframt sýndar nokkrar stuttmyndir um bíóferðir. Á meðal þeirra sem hafa gert slíkar myndir eru Roman Polanski, Coen-bræður, Ken Loach, Lars Von Trier, Alejandro González Íñárritu og Jane Campion. Kvikmyndahátíð fagfólksins hljómar kannski ekki spennandi á pappír. Hitt er víst að allar götur síðan Brigitte Bardot sat fyrir í

bikiní á ströndinni í Cannes, ljósmyndurum til mikillar gleði, hefur stjörnubragur sett svip sinn á hátíðina. Þó að almenningur komist ekki inn í Palais de Festival, þar sem myndirnar eru sýndar, leggja margir leið sína til strandbæjarins á þessum árstíma til að dást að Hollywood-stjörnunum, troða fjögur þúsund blaðamönnum um tær og upplifa andrúmsloft sem fróðir menn segja engu líkt.

Sambandið á enda

Leikkonan Denise Richards og Richie Sambora, gítarleikari Bon Jovi, er hætt saman eftir eins árs ástarsamband. Vinur parsins fyrrverandi segir að þau hafi hætt saman fyrir tveimur mánuðum en hafi ekki viljað láta fjölmiðla vita af sambandsslitunum. „Þau vildu ekki gera skilnaðinn opinberan vegna þess að þau gengu bæði í gegnum skilnaði fyrir opnum tjöldum sem var afar erfitt fyrir þau,“ sagði vinur þeirra. Richards, sem er 36 ára, og hinn 47 ára Sambora byrjuðu saman í apríl í fyrra aðeins nokkrum mánuðum eftir að þau sóttu um skilnaði við maka sína, Charlie Sheen og Heather Locklear. Vakti sambandið mikla athygli, sérstaklega vegna þess að Richards og Locklear höfðu verið góðar vinkonur, en þær talast ekki lengur við. Hélt Richards því reyndar fram nokkru síðar að hún hefði slitið vinskapi sínum við Locklear áður en hún byrjaði með Sambora.



RICHARDS OG SAMBORA Denise Richards og Richie Sambora þegar allt lék í lyndi.

Þrátt fyrir skilnaðinn var Richards viðstödd jarðarför föður Sambora í síðasta mánuði en hann hafði lengi barist við lungna-krabbamein.

Játaði sekt sína

Leikarinn Sylvester Stallone hefur játað að hafa haft með sér vaxtarhormón til Ástralíu hinn 16. febrúar. „Ég gerði mikil mistök, ekki vegna þess að ég ætlaði að gabba einhvern heldur vegna þess að ég hafði ekki kynnt mér ykkar reglugerðir,“ skrifaði Stallone í bréfi sínu til dómstóla í Sydney. „Mér þykir mjög leitt að þetta brot mitt setji slæmt forðæmi fyrir almenning, því ég met skoðanir hans mikils.“



SYLVESTER STALLONE Vöðvabúntið mikla hefur játað að hafa komið með vaxtarhormón til Ástralíu.

Stallone, sem er sextugur, var sakaður um að hafa flutt ólögleg efni til Ástralíu þar sem hann var staddur til að kynna nýjustu Rocky-mynd sína. Dómur verður kveðinn upp í málinu í næstu viku og á Stallone yfir höfði sér fjársekt. Efnið sem hann flutti inn, Jintropin, er notað til að byggja upp vöðva-massa. Ekki má flytja það inn til Ástralíu nema með leyfi lyfjastofnunar landsins.



LEGACY

SUBARU

Subaru eigendur eru alltaf að leita að tilefni til að komast út úr bænum. Sem er ekki nema skiljanlegt: Subaru eru ekki líkir neinum öðrum bílum.

„Áður fyrr notaði ég bíla bara til að skjótast á milli húsa. Nú er ég virkilega farin að njóta þess að keyra.“

Boxer vélín í Subaru liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur. Þetta gerir bílinn miklu stöðugri í öllum akstri. AWD sídrifið tryggir að aflið dreifist jafnt og örugglega til hjóla. Fyrir vikið eiga krafturinn, veggripið og stöðugleikinn sér enga líka.

„Hann er bara svo þægilegur á veginum

og tekur svo vel við sér. Mér finnst gott að hafa svona góða stjórn, sérstaklega úti á landi.“

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi. Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir:

„Hey, þetta er Ísland!“

Sedan verð frá **2.490.000,-** Wagon verð frá **2.640.000,-** Cross Wagon verð frá **2.760.000,-**

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525-8000	Opíð: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990

FRÁ D. FINCHER LEIKSTJÓRA SE7EN & FIGHT CLUB.

"Besta kvikmynd Fincher til þessa." David Ansen, NEWSWEEK

"Mögnuð kvikmynd!" Leonard Maltin, ENTERTAINMENT TONIGHT

"Án efa besta mynd ársins til þessa." Ó.F.

ZODIAC

VIP

HILARY SWANK

FRÁ FRAMLEIÐANDA MATRIX, DIE HARD OG LETHAL WEAPON

THE REAPING

SUMT ER EKKI HÆGT AD ÚTSKYRA MED VÍSINDUM

Stærsta orrustan er innri baráttan

SPIDER-MAN 3

Landsbankinn

GOAL II

SAMBÍÖN / ÁLFABAKKA		SAMBÍÖN / KRINGLUNNI		SAMBÍÖN / KEFLAVÍK		SAMBÍÖN / AKUREYRI	
ZODIAC	N. 5:50 - 9	BREACH	N. 8 - 10:10	ZODIAC	N. 8:10 - 10	MR. BEAN'S HOLIDAY	N. 8
ZODIAC VIP	N. 5:50 - 9	MR. BEAN'S HOLIDAY	N. 3:40	GOAL 2	N. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	THE REAPING	N. 8 - 10:10
THE REAPING	N. 5:50 - 8 - 10:10	ROBINSON F.J.	N. 3 - 4	BLADES OF GLORY	N. 8	GOAL 2	N. 8 - 9
SPIDER-MAN 3	N. 3 - 6 - 9	WILD HOGS	N. 8	NEXT	N. 8	BLADES OF GLORY	N. 10:10
BLADES OF GLORY	N. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10						

FORSALA HAFIN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!

PIRATES OF THE CARIBBEAN

Rokkað á ný

Eftir frábærar tvær fyrstu plötur steig Black Rebel Motorcycle Club heldur betur feilspor á síðustu plötu sinni, Howl. Í hálfgerðu hrokakasti ætlaði sveitin að setja saman tímamótaverk þar sem gospel, blús, sveitatónlist og rokk áttu að mynda ómótstæðilega heild en líklegast fór minnst fyrir því síðastnefnda og útkoman var langt því frá nógu aðlaðandi. Platan átti þó sína spretti og sýndi að BRMC er hljómsveit í fremstu röð.

Á nýju plötunni, Baby 81 (nefnd eftir Abhilasha Jeyarajah frá Srí Lanka sem, eingöngu tveggja mánaða gamall, lenti í hinum miklu flóðbylgjum í lok árs 2004 með þeim afleiðingum að hann varð viðskila við foreldra sína og seinna bitbeinið í harkalegum forræðisdeilum) heldur sveitin á sínar fornu slóðir og heldur sig við það sem hún gerir best. Nick Jago er einnig mættur aftur á bak við trommurnar eftir smá hlé og virðist endurkoma hans hafa góð áhrif á hina tvo í sveitinni. Hér er því aftur kominn á stjá rokkhljómsveit sem gerir það sem henni er eðlislægt og það sem henni finnst skemmtilegast.

Á tímum er hljómurinn á plötunni reyndar alltof slípaður sem á ekki nógu vel við BRMC og platan missir oft marks. Aftur á móti er Baby 81 langaðgengilegast plata BRMC til þessa en þá staðreynd má túlka á tvo vegu: fint fyrir þá sem ekki hafa



TÓNLIST

Baby 81

Black Rebel Motorcycle Club

★★★

Tríóíð er byrjað að rokka aftur en vantar auka skammt af groddaskap og of slípað.

mikið heyrt frá sveitinni áður en slæmt fyrir þá sem eru sólnir í groddalegri útgáfuna af BRMC. Viðfangsefnin eru hins vegar í anda hinnar sönnu töffararokksrætur og fjalla um trúna, pólitíkina og einfaldlega almennan töffaraskap, þið vitið; sex, drugs and rock 'n' roll. Nokkur lög fara því létt með að fá töffararokkgæsa-húðina til þess að rísa og líklegast ekkert meira en hið rúmlega níu mínútna epíska lag American X. Berlin, Weapon of Choice og Need Some Air standa einnig sína plikt með sóma og sanna að Black Rebel Motorcycle Club er enn rokkssveit af bestu gerð.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Lög níunda áratugarins

Safnplatan „100 íslensk 80's lög á 5 geislaþlötum“ kemur út mánudaginn 4. júní. Plöturnar eru fimm saman í einum pakka með hundrað lögum frá níunda áratugnum og eru öll með íslenskum flytjendum.

Mörg af lögnum eru að koma út í fyrsta skiptið á geislaþlötu og hafa mörg þeirra verið ófáanleg í langan tíma. Á



meðal þeirra eru Waiting for an Answer með Cosa Nostra, Vopn og verjur með Varnöglunum (Bubbi Morthens), Ástar óður með Péttri Kristjánsyni og Bjartmari Guðlaugssyni, Rauður bill með Geira Sæm, Þegar allt er orðið hljótt með

Stuðkompaníinu, Ég held ég gangi heim með Valgeiri Guðjónssyni og Aukakílóin með Skriðjökulum.

Sköpun í sinni tærustu mynd

Hinn 1. júní næstkomandi kemur út ný ljósmyndabók um Sigur Rós sem nefnist „In a Frozen Sea: A Year With Sigur Rós“. Höfundur bókarinnar hefur fylgst lengi með ferli Sigur Rósar og hefur starfað í tuttugu ár í tónlistarbransanum.

„Ég hlakka mjög til að sjá bókina koma út og vona sem flestir geti séð hana,“ segir höfundurinn Jeff Anderson. „Þetta er 32 blaðsíðna bók sem er klædd inn í 12“ vinyllumslag. Okkur langaði til að gera eitthvað sem okkur fannst tengjast hljómsveitinni, eitthvað sem virðist vera týnt og tröllum gefið í tónlistarheiminum í dag,“ segir hann um umgjörð plötunnar.



JEFF ANDERSON Anderson hefur þekkt strákana í Sigur Rós í átta ár.



SIGUR RÓS Sigur Rós á tónleikum sínum á Klambatrúni í fyrra.

Tónleikaferð um Ísland

Í bókinni er Sigur Rós fylgt eftir á vel heppnaðri tónleikaferð hennar um Ísland á síðasta ári og á loka-hnykk heimsreisu hennar til að fylgja eftir plötunni Takk.

Ólíkir öllum öðrum

Anderson hefur þekkt piltana í Sigur Rós í um átta ár. Kynntist hann þeim fyrst þegar hann starfaði hjá Interscope Records, þar sem hann reyndi að gera við þá plötusamning. Hann segir þá félagi afar sérstaka. „Þeir eru gjörsamlega ólíkir öllum öðrum og sköpunargáfa þeirra er í sinni tærustu mynd. Ég hef ekki hitt neinn listamann hingað til sem ber ekki virðingu fyrir þeim. Aðrir tónlistarmenn hafa kannski mismunandi skoðanir á tónlist þeirra

en þeir bera samt mikla virðingu fyrir þeirra verkum. Það er afar sjaldgæft í tónlistarheiminum,“ segir hann.

Frábærir á tónleikum

Mikið var lagt í vinnslu hinnar væntanlegu bókar. Anderson segist þó ekki hafa elt sveitina bókstaflega út um allar trissur við gerð hennar. „Við eyddum samt sem áður rétt rúmu ári með þeim og fengum blaðamann til að ná tengslum við þá og fylgja eftir hugmyndinni um „Ár með Sigur Rós“. Það er alltaf frábært að sjá þá á tónleikum og jafnvel ennþá betra að eyða tíma með þeim.“

Hægt verður að panta bókina á heimasíðunni www.ainr.com, auk þess sem hún verður fáanleg í völdum búðum. freyr@frettabladid.is

WWW.SEAKAYAK

ICELAND.COM

ALVÖRU SJÓKAYAK NÁMSKEIÐ OG FERÐIR

STYKKISHÓLMUR OG REYKJAVÍK

S:6903877

2 fyrir 1 í bíó

Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Borgarbíó Akureyri og Laugarásbíó mánudaga til fimmtudaga gegn framvísun Námukortins.

Tilboðið gildir ekki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

xelenta

Úrval af stórum marmarastyttum í stærðum frá 80-180cm

Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

> Dóra fórnaði landsleik

Dóra Stefánsdóttir spilaði í gær bikarleik með liði sínu í Svíþjóð, LdB Malmö, gegn neðrideildarliðinu Vången, í stað þess að spila með íslenska landsliðinu sem mætir því enska ytra í kvöld. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari sagði að sú ákvörðun hefði verið tekin í samráði við þjálfara Malmö. „Við eigum ekki rétt á henni í þennan leik og hún er að berjast fyrir sæti sínu í liðinu. Það er mikilvægt fyrir okkur að hún spili sem mest í Malmö og því var ákveðið að hafa þennan háttinn á þessu. En þetta var allt gert í sátt og samlyndi,“ sagði Sigurður Ragnar.

sport
sport@frettabladid.is



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR: MISSIR AF LANDSLEIKNUM GEGN ENGLANDI Í DAG VEGNA HNÉMEIÐSLA

Lélegur gervigrasvöllur fór illa með hnéð

Íslenska landsliðið leikur í kvöld æfinga-leik gegn Englandi ytra. Fyrirliðinn, Ásthildur Helgadóttir, gat ekki farið með liðinu til Englands þar sem hún á við meiðsli í hné að stríða. Hún sagði þó að meiðslin væru ekki alvarleg en hún sleit krossbönd fyrir fáeinum misserum.

„Hnéð bólgaði mikið upp eftir síðasta leik,“ sagði Ásthildur. „Ég hef líka verið með mikla verki og ekki skynsamlegt fyrir mig að spila þessa dagana.“

Malmö lék í gærkvöldi bikarleik gegn neðrideildarliði og gat Ásthildur vitanlega ekki tekið þátt í honum.

Hún segir að meiðslin séu til komin vegna álags af því að spila á gervigrasvöllum. „Ég hef nefnilega verið mjög góð í hnénu síðan ég fór í aðgerðina vegna krossbandaslitanna. En síðustu tveir leikir

okkar hafa farið fram á gervigrasi og við æfðum líka á gervigrasi þess á milli. Sérstaklega í síðari leiknum, gegn AIK, var völlurinn afar lélegur og fékk ég sömu einkenni eftir að ég spilaði á þeim velli fyrir tveimur árum.“

Hún er einnig með brjóskskemmd í umræddu hné sem er ekki hægt að laga. Það hefur hins vegar ekki verið að angra hana mikið hingað til. „Kannski helst eftir leiki en þær skemmdir hafa ekkert háð mér á æfingum eða í leikjum.“

Hún vonast þó til að þetta muni ekki koma til með að há henni aftur síðar í sumar. Með smá skynsemi má forðast þetta ástand. Hún segir einnig að það gæti hafa haft áhrif að hún æfði alltaf ein hér á landi í vetur og

aldrei með bolta. Álagið í sænsku deildinni hafi henni reynst of mikið í upphafi.

„Það hafa verið meiðsli í okkar liði og því ekkert verið hægt

að hvíla mig. En það er líka

alveg ljóst að ég mun ekki spila á heima-

velli AIK aftur,“

sagði hún í létt-

um dúr.

„Það er alveg ákveðið.“

Malmö á erfiða leiki fram undan í deild-

inni, gegn Falköping

á sunnudag og svo gegn toppliði Umeå

á heimavelli þremur dögum síðar.



EINAR JÓNSSON Segir bjart fram undan í Safamýrinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einar Jónsson tekur við Fram:

Ætlar sér stóra hluti með liðið

HANDBOLTI Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögnum þá hefur Einar Jónsson verið ráðinn þjálfari kvennaliðs Fram en það fékkst staðfest í gær þegar Einar skrifaði undir þriggja ára samning. Hann tekur við liðinu af Magnúsi Jónssyni, sem snýr sér að þjálfun yngri flokka ásamt því að aðstoða þjálfara karlaliðsins.

Einar þjálfaði kvennalið ÍBV á síðustu leiktið og hann tekur með sér línumanninn Pövlun Nevarilovu sem spilaði mjög vel fyrir ÍBV í fyrra. Pavla skrifaði undir tveggja ára samning við Fram.

„Við höldum þess utan öllum okkar mannskap sem er ánægjulegt. Það er bjart fram undan í Safamýri og stefnan er tekin á að gera enn betur næsta vetur en á þessu tímabili,“ sagði Einar við Fréttablaðið í gær.

Orðrómur þess efns að unnusta hans, Kristín Jóhanna Clausen, fyrirliði Stjörnunnar, sé einnig á leið í Fram hefur verið þrálátur síðustu daga.

- hbg



ANNA BRYNDÍS Ákveður sig endanlega í haust en er hætt í bili.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Leikmannamál Stjörnunnar:

Anna og Jóna hættar í bili

HANDBOLTI Íslandsmeistaralið Stjörnunnar verður væntanlega fyrir mikilli blóðtöku á næstu leiktíð þar sem tveir af lykil-mönnum liðsins hafa lagt skóna á hilluna, í bili að minnsta kosti.

Um er að ræða þær Jónu Margrétu Ragnarsdóttur og Önnu Bryndísi Blöndal.

„Jóna Margrét hefur gefið það út að hún sé hætt handboltaiðkun í bili,“ sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar. „Anna Bryndís mun gifta sig í sumar og fara svo í brúðkaupsferð. Að því loknu mun hún taka ákvörðun um framhaldið.“

- esá

Atli hefði átt að fá rautt spjald strax

KR-ingurinn Atli Jóhannsson fékk áminningu fyrir að slá andstæðing í andlitið í leik gegn Keflavík á mánudag. Aðstoðardómari leiksins sá atvikið og sér eftir því að hafa ekki mælt með því að hann fengi rautt spjald.

FÓTBOLTI Keflvíkingar eru ekki sáttir við ákvörðun dómara leiksins gegn KR á mánudagskvöldið þegar Atli Jóhannsson, leikmaður KR, fékk að líta gult spjald fyrir að slá Marko Kotilainen í andlitið. Sjálfur viðurkennir Atli að atvikið hafi átt sér stað og sér mikið eftir því.

Kotilainen lýsti atvikinu fyrir Fréttablaðinu í gær. „Þetta gerðist allt svo fljótt að ég átti erfitt með að átta mig fyllilega á því hvað gerðist. Hann sparkaði fyrst í mig aftan frá og dómariinn dæmdi aukaspyrnu. Svo rauk hann upp og upp úr þurru slær mig í andlitið. Ég varð strax afar reiður en róaði mig af því að ég sá að dómariinn



DÓMARARNIR Egill Már Markússon ráðfærir sig við Einar Sigurðsson aðstoðardómara í leiknum. Skömmu síðar gaf Egill Atla gult spjald.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ætlaði að taka á atvikinu. En svo tekur hann upp gula spjaldið sem var algjörlega óskiljanlegur dómur,“ sagði Kotilainen.

„Auðvitað átti þetta að vera umsvifalaust rautt spjald. Það sáu allir, bæði leikmennirnir okkar og þjálfari.“

Hann segir þó að höggið hafi ekki verið það slæmt að hann hafi eitthvað fundið fyrir því síðan þá. Engu að síður stendur skýrt í knattspyrnureglum að fyrir slíka hegðun beri að refsa með umsvifalausri brottvikningu.

Egill Már Markússon var dómari leiksins en virtist ekki sjá atvikið og ráðfærði sig því við Einar Sigurðsson aðstoðardómara. Sá síðarnefndi sá atvikið og staðfesti það í samtali við Fréttablaðið.

„Á þessum tímabili mat ég þetta svona,“ sagði Einar en Egill Már gaf Atla gult spjald nokkrum sekúndum síðar. „Þetta voru erfiðar aðstæður og mikið um að vera. Ég var mest að vandræðast með hvað varð til þess að leikmaðurinn fer í andlitið á honum með þessum hætti. Mér fannst vera nokkrir möguleikar í stöðunni og kom til greina að reka þá báða út af. En ég reyndi að sýna skynsemi og var það hálfgerður



KINNHESTUR Atli Jóhannsson slær Marko Kotilainen utan undir í leik KR og Keflavíkur á mánudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR/MYNDENI FRÁ SÝN

Salómonsdommur að leysa þetta svona.“ Hann segir þó að atvikið sem slíkt hafi ekki litið vel út. „Ég verð að viðurkenna að ég sé eftir því að hafa ekki hent honum út af,“ sagði Einar.

Sem fyrr segir var Atli miður sín vegna atviksins. „Þarna áttu sér stað smá handalögmál og veit ég vel að svona á maður ekki að gera. Þetta átti sér stað í hita leiksins,“

sagði Atli, sem neitar því ekki að hann hafi verið heppinn að sleppa með gula spjaldið.

„Annars vil ég sem minnst segja um þetta og helst gleyma þessu sem fyrst. En það er alveg klárt að ég sé mikið eftir þessu.“

Keflavík vann leikinn, 2-1, og mætir Íslandsmeisturum FH í næsta leik á sunnudagskvöldið.

eirikur@frettabladid.is

KR-ingar töpuðu fyrir Keflavík í fyrsta leik Landsbankadeildar karla:

44 ár síðan KR varð meistari eftir að hafa tapað fyrsta leik

FÓTBOLTI Eftir tap í fyrsta leik Landsbankadeildar karla þurfa KR-ingar að breyta 44 ára hefð ætli þeir sér Íslandsmeistaratitilinn í haust.

Það hefur nefnilega ekki gerst síðan 1963 að Vesturbæjarliðið hafi fagnað Íslandsmeistaratitlinum eftir að hafa tapað fyrsta leik sínum á sumrinu.

Fyrir 44 árum síðan tapaði KR 1-2 fyrir ÍA í fyrsta leik sínum, uppi á Skaga. KR-liðið tapaði reyndar tveimur fyrstu leikjum sínum það sumar og voru margir búnir að afskrifa liðið þegar það var stígað laust á botni deildarinnar eftir tvær umferðir. KR-ingar voru hins vegar ekki af baki dottnir, þeir náðu í 15 stig af 16 mögulegum í átta síðustu leikjum sínum og tryggðu sér titilinn með 2-1 sigri á ÍBA á Akureyri í lokaleiknum.

Síðan þá hefur KR tapað tíu sinnum í 1. umferð og aldrei náð að vinna titilinn á þeim tímabilum. Frá árinu 1963 hafa KR-ingar orðið sex sinnum meistarar og á þeim sumrum hafa þeir þrisvar unnið fyrsta leik og þrisvar sinnum gert jafntefli í fyrstu umferð.

KR-ingar hafa fjórum sinnum tapað sínum fyrsta leik á heimavelli síðan KR-völlurinn var tekinn í notkun en fyrir leikinn á mánudagskvöldið höfðu aðeins FH-ingar unnið KR-liðið í Frosta-



Í VIÐTALI Teitur Þórðarson, þjálfari KR, sést hér í viðtali hjá Arnari Björnssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skjólínu í 1. umferð. Keflvíkingum hefur gengið mjög vel með KR-liðinu í hraðmótinu svokallaða því sigurinn í fyrrakvöld var fimmti sigur liðsins í röð á móti KR á þessum tíma ársins.

Ljóst er að næstu þrír leikir munu skipta sköpum fyrir öll lið í deildinni. Þá mun KR leika þrjá leiki á átta dögum. Fyrst gegn Breiðabliki á útivelli, þá gegn KR á útivelli og að síðustu tekur KR á móti Víkingi.

- ój

TÍMABIL ÞAR SEM KR TAPAR FYRSTA LEIK*:

2007 (1-2 á móti Keflavík, heima)	???
2006 (0-3 á móti FH, heima)	2. sæti
2004 (0-1 á móti FH, heima)	6. sæti
2001 (0-1 á móti Fylki, úti)	7. sæti
1995 (0-1 á móti FH, heima)	2. sæti
1989 (1-3 á móti ÍA, heima)	4. sæti
1980 (0-1 á móti Þrótti, úti)	7. sæti
1977 (0-1 á móti ÍA, úti)	9. sæti
1974 (0-1 á móti ÍBA, heima)	5. sæti
1971 (2-3 á móti ÍBA, heima)	6. sæti
1969 (0-4 á móti ÍA, úti)	3. sæti
1963 (1-2 á móti ÍA, úti)	Íslandsme.
1960 (2-3 á móti Fram, úti)	2. sæti

* Síðan tekin var upp tvöföld umferð sumarið 1959.



BARIST UM BOLTANN Leikmenn Sevilla og Espanyol börðust harðri baráttu í meira en tvo tíma í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

UEFA-bikarinn:

Sevilla varð Evrópumeistari


FÓTBOLTI Spænska liðið Sevilla bar sigurorð af löndum sínum í Espanyol í úrslitaleik Evrópukeppni félagsliða í gærkvöldi. Úrslitin réðust í vítaspyrnukeppni þar sem markvörður Sevilla, Andrés Palop, gerði sér lítið fyrir og varði þrjár af fjórum vítaspyrnum Espanyol-manna.

Staðan eftir venjulegan leiktíma og framlengingu var 2-2. Adriano og Freddie Kanoute skoruðu mörk Sevilla en Albert Riera og Jónatas Domingos mörk Espanyol.

Lið Sevilla vann keppnina einnig á síðustu leiktíð og varði því titil sinn fyrst liða í þessari keppni.

- shá

Öflugasti fréttavefurinn



**34% fleiri
innlendar fréttir**

Samkvæmt mælingu Fjölmíðlavaktarinnar sem framkvæmd var 15.mars – 15.apríl 2007 var fjöldi innlendra fréttar á Mbl.is 1.274 en **1.710 á Vísir.is**

Hallgrímur Thorsteinsson
Fréttastjóri

Á annan tug fréttamanna vinna við öflugasta
fréttavef landsins, Vísir.is

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Eiður Smári Guðjohnsen orðaður við enn eitt félagið í ensku úrvalsdeildinni:

Martin Jol vill Eið til Tottenham

FÓTBOLTI Enska dagblaðið Daily Mail greindi frá því í gær að Martin Jol, stjóri Tottenham, hefði áhuga á því að fá Eið Smára Guðjohnsen til liðsins. Eiður hefur fái tækifæri fengið með Barcelona undanfarið og hefur af þeim sökum verið orðaður við endurkomu í ensku úrvalsdeildina hvað eftir annað í enskum fjölmiðlum upp á síðkastið.

Einna helst hefur hann verið orðaður við Manchester United en Sir Alex Ferguson, stjóri félagsins, mun hafa verið reiðubúinn að greiða átta milljónir punda fyrir íslenska landsliðsfyrirliðann.

Eiður var seldur frá Chelsea til

Barcelona fyrir sömu upphæð í fyrra.

Þá orðuðu enskir fjölmiðlar Eið Smára við West Ham, sem er í eigu Íslendinga. Eggert Magnússon, stjórnarformaður félagsins, hefur síðan sagt að ekkert sé hæft í þeim sögusögnum. Ekkert hefur heyrst úr herbúðum Eiðs Smára en hann hefur sjálfur sagst vilja vera áfram hjá Barca.

- esá

EIÐUR SMÁRI Á leiðinni í ensku úrvalsdeildina á nýjan leik? Hér er hann í leik gegn Zaragoza.

NORDIC PHOTOS/AFP



Línur teknar að skýrast í úrslitakeppni NBA:

Utah sló Golden State út

NBA Utah Jazz gerði sér lítið fyrir og sló út Golden State Warriors í úrslitakeppni NBA-körfuboltans og komst þar með í úrslit Vesturdeildarinnar í fyrsta skipti síðan 1998. John Stockton og Karl Malone voru enn á blómaskeiði sínu á þeim tíma en eftir 100-87 sigur í fyrrinótt, og þar með 4-1 sigur í einvíginu, mætir Utah annað hvort San Antonio Spurs eða Phoenix Suns í úrslitunum.

Andrei Kirilenko bar af í liði Utah en hann tók 15 fráköst og skoraði 21 stig. Derek Fisher skoraði 20 stig fyrir Jazz en hjá Warriors var Baron Davis stigahestur með 21 stig.

„Ég held að enginn hafi í raun



FÖGNUMUR Derek Fisher, leikmaður Utah, fagnar sigrinum gegn Golden State í fyrrinótt.

NORDICPHOTOS/GETTY

vitað, við sjálfir meðtaldir, hversu gott lið við erum með í höndunum,“ sagði kampakátur Fisher eftir sigurinn.

- hph



MOURINHO Ósáttur við að lögreglan ætlaði að setja hundinn hans í sóttkví.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Jose Mourinho handtekinn:

Mourinho í hundadeilum

FÓTBOLTI Jose Mourinho, hinn litríki knattspyrnustjóri Chelsea, var í gær handtekinn eftir að hafa rifist við lögreglumenn um hundinn sinn. Var honum sleppt í kjölfarið og hann aðvaraður.

Lögreglan fór á heimili Mourinhos til að setja hundinn hans í sóttkví þar sem óttast var að hann hefði ferðast á milli landa án viðeigandi bólusetninga.

- esá

Fram ræður nýjan þjálfara:

Ungverjinn Buday til Fram

HANDBOLTI Fram hefur samið við ungverska þjálfarann Ferenc Buday um að hann þjálfí meistaraflokk félagsins næstu tvö árin. Hann tekur við starfinu af Guðmundi Guðmundssyni. Magnús Jónsson, sem þjálfaði kvennalið félagsins á síðustu leiktíð, mun verða Ungverjanum til aðstoðar.

Fram kemur á heimasíðu félagsins að viðræður við Buday hafi staðið yfir í vel á annan mánuð.

Ungverjinn er mjög reyndur þjálfari og hefur þjálfað í heimalandinu sem og í Svíþjóð, Ítalíu, Austurríki og Sviss. Hann hefur einnig komið að þjálfun landsliða Ungverja. Buday var yfirmaður íþróttamála hjá Innsbruck Tirol í Austurríki í fyrra en þjálfaði þar áður svissneska liðið Pfadi Winterthur.

- hbg

Styrkleikalisti FIFA:

Ísland upp um eitt sæti

FÓTBOLTI Nýr styrkleikalisti FIFA var gefinn út í gær og færast íslenska liðið upp um eitt sæti, í það 96. Ítalíu eru sem fyrr í toppsætinu en Brasilía hefur sæta-skipti við Argentínu og er í öðru sæti.

Skotar ná sínum besta árangri síðan listinn var stofnaður árið 1993 og sitja í 14. sæti. Kongó er hástökkvari listans, er nú í 61. sæti og fluttist upp um 23 sæti.

Norður-Írland, sem situr á toppi riðils Íslands í undankeppni EM 2008, er í 33. sæti.

- esá

Anna Úrsula og Markús Máni best í handboltanum

Anna Úrsula Guðmundsdóttir úr Gróttu og Valsarinn Markús Máni Michaels-son voru útnefnd bestu leikmenn DHL-deildanna á lokahófi HSÍ sem fram fór í gærkvöldi. Björgvin Hólmgeirsson ÍR og Auður Jónsdóttir HK voru efnilegust.

HANDBOLTI Lokahófi HSÍ var haldið með pompi og prakt á Broadway í gær. Valsmaðurinn Markús Máni Michaelsson var valinn besti leikmaður í DHL-deild karla og

VERÐLAUNAHAFAR

DHL-deild karla:

Besti leikmaðurinn: Markús Máni Michaelsson Maute, Valur
Efnilegasti leikmaðurinn: Björgvin Hólmgeirsson, ÍR
Besti þjálfarinn: Óskar Bjarni Óskars-son, Valur
Besti markvörðurinn: Egidijus Pet-kevicius, HK
Besti sóknarmaðurinn: Valdimar Þórsson, HK.
Besti varnarmaðurinn: Patrekur Jóhannesson, Stjarnan.
Markahæsti leikmaðurinn: Valdimar Þórsson, HK.
Valdimarsbikarinn: Markús Máni Michaelsson Maute, Valur.

DHL-deild kvenna:

Besti leikmaðurinn: Anna Úrsula Guðmundsdóttir, Gróttá.
Efnilegasti leikmaðurinn: Auður Waagfjörð Jónsdóttir, HK.
Besti þjálfarinn: Alfreð Örn Finnsson, Gróttá.
Besti markvörðurinn: Florentina Grecu, Stjarnan.
Besti sóknarmaðurinn: Ramune Pekarskyte, Haukar.
Besti varnarmaðurinn: Anna Úrsula Guðmundsdóttir, Gróttá.
Markahæsti leikmaðurinn: Pavla Plaminkova, ÍBV.
Önnur verðlaun:

Háttvísiverðlaun HDSÍ hjá körlum: Egidijus Petkevicius, HK.
Háttvísiverðlaun HDSÍ hjá konum: Auður Waagfjörð Jónsdóttir, HK.
Unglingabikar HSÍ: HK.
Besta dómarapar í DHL-deildum karla og kvenna: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.



BEST Í HANDBOLTANUM Anna Úrsula Guðmundsdóttir úr Gróttu og Valsarinn Markús Máni Michaelsson voru valin handboltafólk ársins í gær.

Gróttustúlkan Anna Úrsula Guðmundsdóttir var valin besti leikmaður DHL-deildar kvenna.

Markús Máni leiddi sína menn til Íslandsmeistaratitils á leiktíðinni og spilaði einstaklega vel. Hann skoraði 139 mörk í 20 leikjum og tók af skarið hjá Valsmönnum þegar mest á reyndi.

Anna Úrsula Guðmundsdóttir fór fyrir liði Gróttu sem kom skemmtilega á óvart á þessari leiktíð og lenti í öðru sæti. Hún var einnig valinn besti varnarmaður deildarinnar.

Þjálfari Önnu Úrsulu, Alfreð Örn Finnsson, var valinn besti



þjálfarinn hjá konunum og þjálfari Markúsar, Óskar Bjarni Óskarsson, var valinn besti þjálfari DHL-deildar karla.

ÍR-ingurinn Björgvin Hólmgeirsson var valinn efnilegastur hjá körlunum og Auður Waagfjörð Jónsdóttir úr HK var valin efnilegust hjá stúlkunum en HK-liðið kom geysilega á óvart í vetur og á svo sannarlega framtíðina fyrir sér.

Athygli vekur að Íslandsmeistaralið Stjörnunnar í kvennaflokki fékk aðeins ein verðlaun á hófinu í gærkvöldi og það voru markvarðaverðlaunin.

- hbg



SVERRIR ÞÓR Hér í leik með Keflavík gegn Snæfelli í úrslitakeppninni í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sverrir Þór Sverrisson:

Sverrir á leið til Njarðvíkur

KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur á í viðræðum við Sverri Þór Sverrisson, leikmann Keflavíkur, um að leika með liðinu ásamt því að taka að sér þjálfun kvennaliðs félagsins.

Þetta hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum. Líklegt er að gengið verði frá þessu um helgina.

Sverrir Þór hefur verið einn besti leikmaður Keflavíkur en hann æfir nú fótbolta með 1. deildarliði Njarðvíkur. Hann var í byrjunarliði Njarðvíkur sem gerði 2-2 jafntefli við Leikni í fyrstu umferð deildarinnar.

- esá

Lögreglan yfirheyrði Barton:

Joey Barton handtekinn

FÓTBOLTI Joey Barton, leikmaður Manchester City, var í gær handtekinn og yfirheyrður af bresku lögreglunni vegna líkamsárásar-ákæru. Er hann sakaður um að hafa ráðist á liðsfélaga sinn, Ousmane Dabo, á æfingu fyrir skemmstu.

Dabo þurfti að fá lækniaðstoð eftir atvikið en gera þurfti að skurði á auga, vörum og nefi. Hefur hann sagt að hann líkist filamanninum vegna þessa.

- esá

Golfsamband Íslands og Kaupping semja um mótaröð kylfinga fyrir sumarið:

Golfsumarið hefst um helgina á Akranesi

GOLF Íslandsmótið í golfi fer af stað um helgina. Mótaröðin hefur fengið nýtt nafn en Golfsamband Íslands hefur samið við Kaupping um að styrkja sambandið. Kaupþings mótaröðin hefst á Garðavelli á Akranesi um helgina en bankinn ætlar í samvinnu við GSÍ að auka veg og vanda golfsins enn frekar hér á Íslandi í sumar.

„Við höfum tekið eftir því að golfíþróttin er með mjög breiðan aldurshóp, alveg frá fjögurra ára aldri og alveg upp í eflaust tírætti. Þessi íþrótt er hvað mest vaxandi á Íslandi og áhuginn á henni er gífurlegur. Þess vegna erum við ánægðir með að koma að þessari íþrótt og styrkja golfsambandið og bankinn vonast til að fá það endurgoldið í sinni kynningarstarfsemi,“ sagði Kristján Arason,

framkvæmdastjóri Kaupþings.

Sjónvarpsstöðin Sýn mun sýna beint frá mótinu um helgina og gera golfinu góð skil í sumar, meðal annars verða sýndir sérstakir þættir um öll mótin. „Það er engin spurning um að við munum auka markaðsstarfsemi-ina enn meira í kringum mótaröðina. Hún var öflug í fyrra en við ætlum að jafna það og halda áfram að kynna mótaröðina vel,“ sagði Kristján, sem sjálfur er með 10,4 í forgjöf. Kaupþing ætlar að standa fyrir öflugum og óhefðbundnum auglýsingaherferðum víða um höfuðborgarsvæðið. Þá verður mikið í gangi í kringum mótin sjálf þar sem almenningur getur meðal annars tekið þátt í skemmtuninni með því að prófa hinar ýmsu þrautir auk þess sem

yngrsta kynslóðin getur fengið leiðsögn frá golfkennurum.

Búast má við harðri keppni frá fyrsta móti en 130 keppendur eru skráðir til leiks. Garðavöllur skartar sínu fegursta samkvæmt heimamönnum en í könnun sem GSÍ gerði meðal 41 afrekskyllings er Magnúsi Lárusyni og Ragnhildi Sigurðardóttur spáð sigri í stigakeppni Kaupþings mótaradarinnar.

- hph

SUMARIÐ FRAM UNÐAN KYNNT Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GSÍ, kynnti golfsumarið á blaðamannafundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Húsgagna dagar

10-60%

afsláttur

af öllum húsgögnum

sófasett, rúm, borðstofuhúsgögn, sjónvarpsskápar og speglar

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

> Ron Livingston

Ron er fæddur í Iowa árið 1968. Faðir hans er geim-verkfræðingur og móðir hans starfsmaður í lútherskum söfnuði. Ron lauk BA-gráðu í listum frá Yale-háskólanum og var bekkjar-bróðir Pauls Giamatti og Edwards Norton. Ron er helst þekktur fyrir frammistöðu sína í gamanmyndinni Office Space, þáttunum Band of Brothers og Sex and the City og Óskarsverðlaunamyndinni Adaptation. Í dag sjáum við hann í þættunum Stand-off sem sýndur er á Stöð 2 kl. 20.50.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SKIPTIR ÚT EIGINKONUNNI

Grátbrosleg innsýn í bandarískan veruleika

Á heimilinu hefur verið lagt blátt bann við bandarískum sakamálaþáttum. CSI, Close to Home og Shark eru allir á dauðalista og ef það heyrir am-eríska töluð er þess umsvifalaust krafist að slökkt verði á sjónvarpið. Auðvitað er fallist á slíkar kröf-ur enda hefur húsfreyjan þurft að þola þá Hörð Magnússon, Snorra Má og Arnar Björnsson í níu mánuði auk golfsins, körfuboltans, NFL og svona mætti lengi telja. Og ekki verður sagt að Grissom og félagi sé sárt saknað þótt annað sé látið í veðri vaka. Til þess að halda valdahlutföllunum í réttu jafnvægi er síðan gefið eftir um fjarstýr-inguna, þótt auðvitað ráði íþróttirnar meira eða minna um hvað sé horft á. Og þar kemur Trading Spouses sterkur inn sem samningsleið. Þá er hægt að koma sér notalega fyrir í sô-anum og jafnvel er poppað og drukkið djús.

Þættirnir eru ekta amerískir raunveruleikaþættir, með ekta am-erískum húsmæðrum. Þeim er falið að skipta um heimili og stjór-



WIFE SWAP Áhugi á því að horfa á makaskipti í sjónvarpi hefur aukist eftir þennan umdeilda þátt.

nýta þátttökuféð til að kaupa mótörhjóla handa kallinum. Sem vakti litla kátinu þegar konan kom heim.

Og yfir þessu var brosað út í annað og jafnvel hlegið. Enda fátt jafn gaman og skyggast á bakvið tjöldin hjá fjölskyldunum í heimsveldinu sem fá þarna sínar fimmtán mínútur af frægð.

EKKI MISSA AF



► 20.05 Fjölbrautaskólinn SJÓNVARPIÐ



► 21.35 Bones STÖÐ 2



► 16.00 The Truman Show STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.10 Beach Girls SÍRKUS



► 20.30 Malcolm in the Middle SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunsjónvarp barnanna

08.01 Gurra grís

08.06 Elli eldfuga - Að týnast

08.12 Pappírs-Pési - Flugferðin

16.40 Mótorsport

17.05 Leiðarljós

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Stundin okkar (2:32)

18.25 Ævintýri Kötú kanínu (10:13)

18.40 Kapphlaupið mikla

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Lífstaktur Andrews Rogers (Monumental Visions in Iceland) Þáttur um gerð umhverfislisterverks eftir ástralska lista-manninn Andrew Rogers við Akureyri. Verk-ið er hluti af heimsgjörmingi sem framinn er í tólf löndum og er stærsta landlistarverkefni sem ráðist hefur verið í á okkar tímum.

► 20.05 Fjölbrautaskólinn (4:8)

21.00 Aðþrengdar eiginkonur

21.45 Sporlaust (24:24) Atriði í þáttun-um eru ekki við hæfi barna.

22.30 14-2 Fótboltaþáttur þar sem sýnt er úr leikjum í Landsbankadeild karla og kvenna.

22.55 Lífsháski Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

23.40 Kvöldstund með Jools Holland Í þessum þætti koma fram Athlete, Robert Plant, The Go Team!, The Fall, Mose Allison og Lhasa. e.

00.45 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Foyle's War 3

08.00 Abrafax og sjóræningjarnir

10.00 The Truman Show

12.00 A Shot at Glory

14.00 Abrafax og sjóræningjarnir

► 16.00 The Truman Show

18.00 A Shot at Glory Dramatísk kvik-mynd um smábæjarlið í fótboltanum. Aðal-hlutverk: Robert Duvall, Michael Keaton, Ally McCoist. Leyfð öllum aldurshópum.

20.00 Foyle's War 3

22.00 Superfire

00.00 Intermission

02.00 Spartan

04.00 Superfire



07.00 Töfravagninn 07.25 Snow Chil-dren 08.15 Myrkfælnu draugarnir 08.50 Doddi lítli og Eymastór 09.00 Batman 09.20 Skrimslaspilið 09.45 Krakkarnir í næsta húsi 10.05 Tasmanía

10.25 Adventures of Shark Boy and Lava Girl

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Fresh Prince of Bel Air 4

13.10 Valentína (177:178)

13.55 Valentína (178:178)

14.45 Two and a Half Men (5:24)

15.15 Doctor Dolittle

16.40 The School of Rock

18.30 Fréttir

19.10 The Simpsons (5:22) (e)

19.35 The Simpsons (10:22)

20.00 Meistarinn (14:15) Önnur umferð í undanúrslitum Meistarans en nú ræðst hver fær tækifæri til að keppa til sigurs á úr-slitakvöldinu. 2007.

20.50 Standoff (10:18) Nýir spennuþættir sem fjalla um samningamenn í gíslatöku-deild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og þau vita alltaf hvað fólk er að hugsa.

► 21.35 Bones (3:22) Spennandi banda-rísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Dr. Tember-ance Brennan er bráðsniðjall meinafræðingur sem starfar með FBI við lausn glæpamála en hún hefur einstaka hæfileika til að bera kennsl á margra ára gömul bein og finna þar með manneskjur sem hafa jafnvel verið týndar í áratugi. Bönnuð börnum.

22.20 Poirot - Cards on the Table Spennumynd um leynilögreglumanninn Poirot en hann kemst í hann krappann þegar hann þiggur heimboð frá einum rík-asta manni Englands. 2005.

23.55 American Idol (36:41) Það eru að-eins fjórir söngvarar eftir en í lok kvöldsins fáum við að vita hverjir verða þeir þrír efstu.

00.40 American Idol (37:41)

01.30 Medium (14:22)

02.15 Hvítir mávar

03.35 Hustle (5:6)

04.30 Meistarinn (14:15)

05.20 The Simpsons (10:22)

05.45 Fréttir

06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SÍRKUS TV

18.00 Insider

18.30 Fréttir

19.10 Girls Of The Playboy Mansion (6:15) (e) Þær eru oftast ljóshæðar, metn-aðargjarnar og alltaf fallegar. Þær eru ungar konur sem ferðast þvert yfir Bandaríkin í þeirri von að fá að taka þátt í draumi eins manns. Hugh Hefner og Playboy-höllinni hans hans. Í þessari einstöku þáttaröð fá áhorfendur að kíkja inn fyrir hlið hallarinn-ar og inn í heim Hugh Hefner, sem er engu líkur, og að sjálfsgöðu færðu að fara í party með honum. Bönnuð börnum.

19.40 Entertainment Tonight

► 20.10 Beach Girls (3:6) Sumarið 1985 eru þrjár tóningsstelpur samankomn-ar á strönd þar sem þær sverja þess eidd um að verða vinkonur að eilífu. En tímarnir eru breyttir. Rúmum tveimur áratugum síðar er líf einnar í molum, önnur á við drykkju-vandamál að stríða og sú þriðja er nýlátin í hörmulegu slysi. En nú mun fortíðin rifjast aftur upp þegar Nell, dóttir hinnar nýlátnu, snýr aftur á ströndina ásamt föður sínum til að fá upplýsingar um æsku móður sinnar. Það er hjartaknúsarinn Rob Lowe sem leik-ur ekkjumanninn í þáttunum.

21.00 My Name Is Earl (13:23)

21.30 Bestu Strákarnir (3:50)

22.00 Strictly Confidential (5:6) Bönnuð börnum.

22.50 Medium (14:22) Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í út-hverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfir-náttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina fram-liðnu. Bönnuð börnum.

23.35 Young Blades (2:13) (e)

00.25 Supernatural (14:22) (e)

01.15 Girls Of The Playboy Mansion (6:15) (e)

01.40 Entertainment Tonight (e)

02.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Melrose Place (e)

10.30 Óstöðvandi tónlist

15.15 Vörutorg

16.15 Fyrstu skrefin (e)

16.45 Beverly Hills 90210

17.30 Melrose Place

18.15 Rachael Ray

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 Game tívi Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jónsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

20.00 Everybody Hates Chris (12:22) Bandarísk gamanseria þar sem háðfugl-inn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarár-um sínum.

► 20.30 Malcolm in the Middle (16:22) Bandarísk gamanseria um gáfna-ljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans.

21.00 Will & Grace (12:23) Bandarísk-ir gamanþættir um skótuhiúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen.

21.30 Still Standing (21:23) Þriðja þátta-röðin í þessari bráðskemmtilegu gamanser-iu um hjónakorin Bill og Judy Miller.

22.00 House (19:24) Bandarísk þáttaröð um lækinn skapstíra dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.

22.50 Everybody Loves Raymond

23.15 Jay Leno

00.05 C.S.I. (e)

00.55 Stargate SG-1 (e)

01.45 Beverly Hills 90210 (e)

02.30 Melrose Place (e)

03.15 Vörutorg

04.15 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

08.00 Ítölsku mörkin (e)

14.00 Bolton - Aston Villa (frá 13. maí)

16.00 Liverpool - Charlton (frá 13. maí)

18.00 Ítölsku mörkin (e)

19.00 Tottenham - Man. City (frá 13. maí)

21.00 Chelsea - Everton (frá 13. maí)

23.00 Blackburn - Reading (frá 13. maí)

01.00 Dagskrárlök

ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.



GULL
BYLGJAN
909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Meistarinn

Nú styttest í úrslita-þáttinn í Meistarán-um en í kvöld mæt-ast þeir Jón Pálmi Óskarsson, lækn-ir frá Akureyri, og Páll Ásgeir Ásgeirsson blaðamaður í seinni hluta undanúrslit-anna. Í síðustu viku tryggði Magnús Þor-lákur sér sæti í úr-slitaþættinum og það verður spennandi að sjá hver mun tryggja sér hitt sætið.

► Við mælum með

Lífstakti Andrews Rogers

Sjónvarpið kl. 19.35

Þáttur um gerð umhverfislistaverks eftir ástralska listamanninn Andrew Rogers við Akureyri. Verkið er hluti af heimsgjörningi sem framinn er í tólf löndum og er stærsta landlistarverk-efni sem ráðist hefur verið í á okkar tímum. Yfirlitssýning um verkið var opnuð í Listasafninu á Akureyri 5. maí.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir

08.05 Bæn

08.10 Tónlist að morgni uppstigningardags

09.03 „Lofið Drottin himinsala“

10.15 Drukknandi ást

11.00 Guðsþjónusta í Háteigskirkju

12.00 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Kleppsfjölskyldan á slóðum forfedranna

14.00 Sónötur og næturljóð

15.00 Himnaför heilagra mæðginna

16.08 Djúpir strengir

18.00 Kvöldfréttir

18.20 Auglýsingar

18.21 Hasenmayer!

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Vítinn

19.30 Smásaga: Hátimbraðar hallir

19.57 Listahátíð í Reykjavík 2007

21.55 Orð kvöldsins

22.15 Eins og dýr í búri

23.15 Hlaupanótan: Ferðasögur frá Kúbu

00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

07.00 UEFA Cup 2007 (Espanyol - Sevilla)

16.40 Gillette World Sport 2007

17.10 PGA Tour 2007 - Highlights (The PLAYERS Championship) Svipmyndir frá síð-asta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Banda-ríkjunum. Farið er yfir helstu tilprifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kyfling-unum fylgt eftir á lokaholunum.

18.05 Það helsta í PGA mótaröðinni

18.35 UEFA Cup 2007 (Espanyol - Sevilla) Útsending frá úrslitaleiknum í UEFA bikarnum.

20.30 FA Cup - Preview Show 2007 (FA Cup - Preview Show 2007) Hitað upp fyrir næstu umferð í þessari elstu bikarkeppni heims í knattspyrnu.

21.00 Enska bikarkeppnin (Úrslit. Liver-pool - West Ham) Útsending frá úrslita-leik ensku bikarkeppninnar þar sem Liver-pool og West Ham áttust við í hreint mögn-uðum leik.

23.40 Þýski handboltinn (Þýski hand-boltinn 2006-2007 - Highlights)

00.10 Heimsmeistaramótið í Póker

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir

Nýjustu eignimar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús

Ertu að leita að ein-býlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir

Litlar og meðal-stórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir

Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Postmand Per

6.15 Noddy

6.30 Det Europæiske Melodi Grand Prix 2007

9.10 Han og hun

10.55 Kløvedal i Indonesien

11.55 Ellen MacArthur - solosejllads jorden rundt

12.50 Kærlighedens stemme

14.30 Daffy som babysitter

14.35 Frkvarter

15.00 Barda

15.30 Fandango

16.00 Den store hestedag

16.30 TV Avisen med Sport og Vejret

17.00 Tandfe tur/retur

17.30 Rabatten

18.00 Hold masken

18.30 Hjertenum

19.00 TV Avisen

19.15 Vore bedste år

21.10 Den sidste mohikaner

23.00 Musikprogrammet

4.30 Dyrene fra Lilleskoven

5.00 Rasmus Klump i det Vilde Vesten

5.10 Palle Gris på eventyr

5.30 Fredagsbio

5.40 Boblins

5.50 Nasse

6.00 Postmand Per

NRK1

6.05 Bravo Bibbi!

6.20 Pippi Langstrømpe

6.45 Robotgjengen

7.00 Gratulerer med dagen!

11.45 Oddvin Párrs Peer Gynt

12.15 Siste vakt

12.30 Gudstjeneste fra Kråkeslottet på Senja

13.00 Giro d'Italia

15.35 Ømme føtter, såre lepper

15.45 Mánáid-TV - Samisk barne-tv

16.00 Kalle og Molo

16.25 Konstanse

16.30 Snegler

16.40 Strong hold

16.50 Pølse

17.00 Dagsrevyen

17.30 Gratulerer med dagen!

18.30 Geiranger - verdens vakreste fjord

18.55 Billy Elliot

20.40 Torsdag kveld med Steinar Sagen

21.05 Kveldsnytt

21.20 Sykkelkveld fra Italia

21.30 Farlig Farvann

22.55 Gåte fra Rockefeller

5.30 Jukeboks

SVT 1

10.30 Argument

11.30 Med glorian på sned

13.10 Vådrets makter

13.40 Arbětarklassens sista hjältar

15.10 Anslagstavlán

15.15 Karamelli

15.45 Sagoträdet

16.00 Nalle har ett stort blått hus

16.30 Mimmi

17.00 Grand Prix de Luxe

17.15 Bobster

17.30 Rapport

18.00 Saras kök

18.30 Svenska slag

19.00 Planet Earth

19.50 Metoden

20.00 Mördarna på Columbine

20.55 Rapport

21.05 Uppdrag Granskning

22.05 Sändningar från SVT24

4.00 Gømmorron Sverige

ERT ÞÚ BESTI ÞJÁLFARINN?

Settu saman þitt draumalið!

DRAUMADEILD LANDSBANKANS

Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:

1. verðlaun: Ferð fyrir tvo á leik í Meistaradeildinni

2. verðlaun: PS3 leikjatölva og fótboltaleikur

3. verðlaun: PSP leikjatölva og fótboltaleikur

Vertu með frá byrjun á

www.visir.is/draumadeild

visir.is

MORGUNMATURINN



„Ég borða næstum alltaf ristað brauð með sterkum osti og sultu. Með því fæ ég mér svo sykurlausan appelsínusafa.“

Lovisa Árnadóttir, íþróttaréttamaður og flugfreyja.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. lærlingur, **6.** tveir eins, **8.** laus greinir, **9.** forsögn, **11.** átt, **12.** skraelluð trjágrein, **14.** labba, **16.** ung, **17.** tugur, **18.** kærleikur, **20.** tveir eins, **21.** korn.

LÓÐRÉTT 1. uss, **3.** skammstöfun, **4.** deila, **5.** sveltur, **7.** fræða, **10.** geisla-hjúpur, **13.** veitt eftirför, **15.** eyðimörk, **16.** lærdómur, **19.** golf áhald.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. uss, 3. skammstöfun, 4. deila, 5. sveltur, 7. fræða, 10. geisla-hjúpur, 13. veitt eftirför, 15. eyðimörk, 16. lærdómur, 19. golf áhald.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Paul Watson.
- 2 Rebekka Guðleifsdóttir.
- 3 Nicolas Sarkozy.

Í KVÖLD
Kvintett **Andrésar Þórs**

Á MORGUN
Luther Thomas



RESTAURANT / BAR
PINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

**LÉTT
BYLGJAN**
967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Ómar kærir Gauk fyrir meiðyrði

„Ágætt er að fá á hreint hvar mörkin liggja. En ég hef að öðru leyti kosið að tjá mig ekki um málið meðan það er til meðferðar hjá dómstólum,“ segir Ómar R. Valdimarsson, ræðismaður og kynningarfulltrúi. Hann vísar til þess að menn séu ábyrgir orða sinna jafnt á netinu sem annars staðar.

Lögmaður Ómars, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hefur nú lagt fram kæru á hendur Gauki Úlfarsyni kvikmyndagerðarmanni þar sem hann er sakaður um meiðyrði. Farið er fram á tvær milljónir í skaðabætur auk

átta hundruð þúsunda til að birta dómsúrskurð í þremur dagblöðum.

Málavextir eru þeir að Ómar leiddi að því líkur á bloggi sínu að Paul Nikolov, þingmannsefni VG, væri Netverji sem hélt því fram að Aron Pálmi ætti að rotna í fangelsi fyrir kynferðisbrot sitt. Ómar spurði hvort þessar skoðanir samræmdust stefnu-skrá VG. Gaukur tók upp þykkjuna fyrir

ÓMAR R. VALDIMARSSON Vill fá að vita hvar mörkin í netskrifum liggja.

Nikolov og sæmdi Ómar nafnbótinni „rasisti“ og því vill Ómar ekki una.

„Ég er ákaflega óttasleginn og fer nú bara að fara niður á fasteignasölu og skrái íbúðina á sölu. Gjaldþrot blasir við,“ segir Gaukur og sér ekki af hverju hann ætti að biðjast afsökunar þó í kærinni komi fram að þetta hafi fengið mjög andlega á Ómar og hann beðið álitsnækkis.

„Þetta er bara lögfræðingagrín, kjánalegt því þetta er Ísland og tíðkast hér að fólk rífið svoftið en svo er það búið. En það blasir greinilega við einhver nýr veruleiki sem stafar kannski af of miklu áhorfi á CSI og Law & Order.“

- jbg/fgg

GAUKUR ÚLFARSSON Segir hér um eitthvert lögfræðgrín að ræða.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON: SÖNG STÁL OG HNÍF FYRIR SIMON COWELL

Little Britain og Simon Cowell á Baugsdegi í Mónakó

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, tók þátt í sérstakri grínútgáfu af X-Factor-þætti sem sýndur var starfsfólki á Baugsdeginum sem nú fer fram í Mónakó. Jón Ásgeir söng Stál og hníf Bubba Morthens fyrir hinn breska Simon Cowell, sem svo gaf honum ein-kunn fyrir frammistöðuna.

Fjölmargir starfsmenn Baugs eru nú staddir í Mónakó á árlegum Baugsdegi. Haldið var út á þriðjudag og snýr hópurinn aftur heim í dag. Baugsdagurinn, sem reyndar teygir sig yfir þrjá daga, er blanda af fræðslu og skemmtun fyrir starfsfólk fyrirtækisins. Þarna mæta bæði starfsmenn Baugs á Íslandi sem og hæstráðendur í fyrirtækjum sem Baugur á hlut í úti í heimi.

Athygli vakti í fyrra þegar Bill Clinton var gestafyrirlesari á Baugsdeginum. Skipuleggjendur hafa greinilega ákveðið að leggja áherslu á léttari skemmtiatriði í ár. Þannig var boðið upp á myndband í flugvélinni á leið út þar sem stjórnendur Baugs voru í aðalhlutverki. Í myndbandinu voru þeir látnir stjórna flugvélinni með misgöðum árangri.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins vöktu tvö atriði sérstaklega mikla athygli og hrifningu meðal Baugsfólksins í Mónakó í gær.

Annars vegar var um að ræða aðurnefndan X-Factor-þátt. Þar söng Jón Ásgeir Stál og hníf fyrir Simon Cowell. Ekki hefur fengist staðfest hvaða ein-kunn Cowell gaf Jóni Ásgeiri en Baugsfólk á staðnum tók afar vel í þessa uppák-

ÓVÆGINN GAGNRÝNANDI Ekki liggur fyrir hvað Simon Cowell fannst um söng Jóns Ásgeirs en ólíklegt má telja að hann hafi farið mjúkum höndum um hann.



SÖNG STÁL OG HNÍF Jón Ásgeir Jóhannesson tók þátt í sérstakri útgáfu af X-Factor sem sýndur var á Baugsdeginum í Mónakó.

omu. Auk Jóns Ásgeirs sungu þrír aðrir í þættinum. Óstaðfestar heimildir herma að einn þeirra hafi verið Stefán Hilmarsson fjármála-stjóri. Þá var nafn Skarphéðins Bergs

Steinarssonar sömuleiðis nefnt.

Bresku háðfuglarnir Matt Lucas og David Williams úr Little Britain tóku einnig þátt í Baugsgríninu. Sýndur var 25 mínútna langur þáttur sem kallaðist Little Baugur. Þeir félagar brugðu sér í öll sín kunnustu gervi, svo sem Vicky Pollard, Daffydd (The Only Gay in the Village), og félagana Lou og Andy. Fjölmargir aðilar tengdir Baugi komu svo fram í aukahlutverkum í þáttunum, til að mynda Jón Ásgeir sjálfur og Hannes Smásson. hdm@frettabladid.is

LITTLE BAUGUR David Walliams og Matt Lucas úr Little Britain bjuggu til sérstakan þátt fyrir Baugsfólk. Hann kallaðist Little Baugur.



Silvía Nótt seld til Svíþjóðar

Hópnum sem stendur að baki Silvíu Nótt hefur borist tilboð frá sænsku sjónvarpsstöðinni TV4 en hún er stærsta einkarekna sjónvarpsstöðin þar í landi. Gaukur Úlfarsson, leikstjóri þáttanna, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið og sagði þetta vissulega mikil gleðitíðindi.

Um er að ræða Eurovision-seríuna sem sýnd var á Skjá einum og segir Gaukur að þessi útrás hafi alltaf verið í spilunum. „Þættirnir voru fyrst og fremst hugsaðir fyrir útlönd,“ segir hann og viðurkennir að þetta sé mjög gott tilboð þótt ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort eigi að taka því. Hann segir hópinn enn ætla að bíða frá

tilboði tónlistarstöðvarinnar MTV sem hafi sýnt Silvíu áhuga.

Að sögn Gauks gæti þetta haft í för með sér mikla kynningu fyrir geisladiskinn Goldmine auk þess sem sjónvarpsstöðin hyggst gefa út DVD-mynddisk með þáttunum.

Gaukur upplýsir að ef af verði fari þátturinn í loftið strax í haust. „Þetta auðveldar okkur líka framhaldið því um leið og fyrsta salan er komin í hús opnast um leið nýjar dyr,“ segir Gaukur og því virðist Silvíu Nætur-ævintýrinu hvergi nærri lokið.

- fgg

SILVÍA NÓTT Tilboð hefur borist frá sænsku sjónvarpsstöðinni TV4 um sýningar á þættinum.



OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

TJALDMARKAÐUR

Opið í dag, uppstigningardag, frá 12 til 18!

Útsölunni lýkur um helgina

Verð frá
aðeins

Barnafatnaður,
dömfatnaður og
herrafatnaður í
ótrúlegu úrvali.

99kr.

Buxur í öllum stærðum
og gerðum og bolir.
Mikið úrval af stígvélum,
skóm, nærfatnaði og
sokkum!



FAXAFENI 10

S. 534 4450



Lúxusblogg

Eins og allir vita er komin upp lítil en vaxandi stétt ríkra karla á Íslandi. Þessir menn geta með peningunum sínum gert alls konar skemmtilega hluti sem við hinir ræflarnir getum ekki, til dæmis keypt grónar bújarðir og breytt í frístundajarðir, fengið hallærislega en rándýra poppara til að spila í afmælunum sínum eða boðið ruglverð í gömul málverk – upp á flippið. Ef fram heldur sem horfir munu auðæfin líka gera þeim kleift að kaupa langtum betri heilsugæslu og almennilega menntun fyrir afkvæmin. Grúví.

AUGLÝSINGIN sem Jóhannes í Bónus setti í blöðin fyrir helgi gefur vonandi öðrum ríkum körlum hugmynd. Heilsíðan fangaði athygli landsmanna og skilaði tilætluðum árangri. Á sama hátt ættu aðrir ríkir að geta komið áriðandi persónulegum skilaboðum áleiðis, þess vegna auglýst eftir týndri húfu eða hvatt landsmenn til að sleppa því að fara á tónleikana með Josh Groban af því að hann er væmin grenjuskjóða.

FRAMTAK Jóhannesar var frábært og nú bið ég eftir því að hinir ríku karlarnir taki við sér. Þeir hljóta að geta fengið heilbrigðum metingi útrás í heilsíðum alveg eins og í afmælisveislum og málverkauppboðum. Heilsíðan getur auðveldlega endað sem eins konar blogg ríku karlanna, lúxusblogg. Almennigur mun fylgjast spennitur með. Hver skyldi koma með heilsíðu í dag? mun fólk hugsa yfir morgunmatnum og fletta í ofboði í gegnum blöðin. Almennigur getur eignast uppáhaldsheilsíðukarlinn sinn. Hann Óli í Spons klikkar aldrei, segir fólk í veislum og vitnar í nýjustu heilsíðuna, eða: Sáuði heilsíðuna frá Bödda í Drag-súgi? Djöfull er hann alltaf góður.

MÉR skilst að heilsíðan kosti 300 þúsund kall. Ef 300 þúsund kall væri klink fyrir mér myndi ég líka skella heilsíðauglýsingu í blöðin þegar ég væri í stuði. Möguleikarnir eru endalausir. Í dag myndi ég birta heilsíðu af mér í forsetastellingu við skrifborð. Kæru landsmenn, þið ættuð að skammast ykkar, myndu skila-boð mín hefjast. Þið höfðuð tækifæri til að kjósa einstakan meistara á þing, Ómar Ragnarsson, en í staðinn kusuð þið sama gamla þreytta tóbakið. Og þið fáið ekki annan séns fyrir en eftir fjögur ár! Múhahaha!!! Eiríkur Hauksson komst náttúrlega ekki áfram heldur. Týpískt. Hvers vegna á frumleikinn aldrei séns á þessu skeri? Eruði enn að naga ykkur í handarbökin yfir Silvíu Nótt? Kær kveðja, Gunni.



Allir geta verið hetjur

Á Íslandi eru um 9.000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við blóðmissi t.d. vegna slysa eða skurðaðgerða. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju. Vissir þú að Íslendingar þurfa 70 blóðgjafir á dag?

Blóðbankinn hefur flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Snorrabraut 60. Hægt er að gefa blóð í Blóðbankanum Snorrabraut 60, FSA á Akureyri og í Blóðbankabílnum. Sjá nánar á heimasíðu Blóðbankans www.blodbankinn.is.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



AEG ELDHÚSPAKKINN

AEG 66030 K-MN

- Keramikhellur
- Fjórar hraðhitahellur
- Snertirofar
- Timastillir á öllum hellum
- "Automax" stilling: Byrjar á að fara á mesta hita, en lækkar síðan á valda stillingu
- Fjögurra þrepa eftirhitagumhlös

Kr. 73.579

TILBOÐSVERÐ: Allur pakinn: 129.900



Airforce F3/AIRF 3

- Til uppsetningar á vegg
- Fyrir útblástur eða kolafilt

Kr. 23.053

AEG COMPETENCE B 4101-4-M

- Veggöfn, stál
- Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum
- Undirhiti, blástur, blástur m/elem, blástur + undir og yfirhiti + grill, grill, ljós, undir og yfirhiti, yfirhiti + grill
- "ISOFRONT" þrefalt gler í ofnihurð, auðveldar þrif, kældari framhlöð - Sökkhnappar

Kr. 404.194

Sími 530 2907 / 530 2908

SETTU ÞAÐ SAMAN



NÝTT
2007

202.048,-

HVAÐ NÚ? 4000

ORMSSON LÁN: Mínaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði - KR. 5.858,-

Opið í Smáralind
frá kl. 13–18.
Velkomin
í óvenjulega
verslun!



ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · www.ormsson.is